


**HJÖRTUR HJARTARSON**

*Hafði fordóma gegn líkamsrækt*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**JÓNA EINARSDÓTTIR**

*Hjúkrunarfræðingur á nýjum slóðum*

Passar ketti fyrir fólk í sumarfríi

FÓLK 34



**SIGURRÓS EIÐSDÓTTIR**

*Skrifaði BA-ritgerð um Biblíu fallega fólksins*

Rannsakaði málfar og ný orð

FÓLK 34


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júlí 2006 — 191. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Stúlka kærir 15 ára pilt fyrir nauðgun

**Sextán ára gömul stúlka kærði í gær fimmtán ára gamlan pilt fyrir nauðgun. Tveir félagar piltsins voru einnig kærðir fyrir að hjálpa ekki stúlkunni á meðan hann reyndi að koma fram vilja sínum. Lífsýni voru tekin úr mönnunum í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn, þrír um tvítugt og einn fimmtán ára, voru í gær yfirheyrðir hjá lögreglunni í Reykjavík vegna gruns um nauðgun sem sextán ára gömul stúlka hefur kært til lögreglu. Einn þeirra, fimmtán ára gamall piltur, hefur verið kærður fyrir nauðgun en tveir félagar hans hafa verið kærðir fyrir að koma stúlkunni ekki til hjálpar. Eiganda bifreiðarinnar þar sem pilturinn réðst að stúlkunni var sleppt þar sem hann var ekki með í ökuferðinni.

Um eittleytið í fyrrinótt fékk lögreglan í Reykjavík tilkynningu um árásina, en stúlkan hafði skömmu fyrr leitað á neyðarmóttöku Landspítalans fyrir fórnarlömb nauðgana.

Fyrr um kvöldið fór stúlkan ásamt vinkonu sinni í bíó. Eftir að kvikmyndasýningunni lauk hringdu þær í kunningja sína til þess að fá þá til þess að sækja sig.

Að sögn Harðar Jóhannessonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, reyndi einn fjórmenninganna að ná fram vilja sínum gagnvart annarri stúlkunni í bifreiðinni þar sem stúlkurnar voru með mönnunum fjórum. „Stúlkurnar fóru í ökuferð með drengjunum og eftir nokkra stund var annarri stúlkunni skutlað heim. Eftir það reyndi einn af mönnunum þremur að koma fram vilja sínum. Lítilræði af áfengi virðist hafa verið haft um hönd en engin fíkniefni.“

Loks var stúlkunni ekið heim. Eftir að þangað kom fóru stúlkurnar báðar á neyðarmóttökuna, sem síðan gerði lögreglunni viðvart. Lífsýni voru tekin úr mönnunum fjórum og eru þau til rannsóknar hjá lögreglu. **- mh**



**AFI KVADDUR** Daniel Pierret, sex ára franskur drengur, kveður afa sinn nærri franska sendiráðinu í Beirút í Líbanon. Móðir drengsins brast í grát við kveðjustundina. Stöðugur straumur fólks hefur verið frá Beirút undanfarna daga. Íslendingarnir sex sem urðu eftir í Líbanon um helgina héldu til Damaskus í Sýrlandi í gær. Þeir eru væntanlegir til Kaupmannahafnar í dag. Hugsanlegt er að einhverjir þeirra komi til Íslands í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingarnir sem eftir voru í Beirút komust óhultir til Damaskus í Sýrlandi:

# Koma til Danmerkur í dag

**LÍBANON** Flugvél Air Atlanta Icelandic, sem utanríkisráðuneytið leigði til þess að flytja sex Íslendinga og fleiri Norðurlandabúa frá Damaskus í Sýrlandi til Danmerkur, lendir á milli átta og níu í dag á Kaastrup flugvelli í Kaupmannahöfn.

Íslendingarnir sex sem dvalist hafa í Beirút undanfarna daga fóru í gær með rútubifreið á vegum finnskra yfirvalda, til Damaskus, höfuðborgar Sýrlands og einnar elstu borgar í heimi. Þar tók finnski sendiherrann á móti farþegum og bauð hann þeim heim til sín, þar sem þeir dvöldu þangað til haldið var frá Damaskus til Kaupmannahafnar, um fjögurleytið í nótt.

Ein flugvéla Air Atlanta Icelandic er í flugskýli við flugvöll í Beirút en vinna á flugvellinum hefur verið bönnuð vegna árása Ísraelshers á borgina. „Við bíðum átekta,“ segir Hannes Hilmarsson, forstjóri Air Atlanta Icelandic, en óvíst er hvenær hægt verður að flytja flugvélina frá Líbanon.

Þungu fargi var létt af aðstandendum Íslendinganna sem ferðust til Damaskus þegar ljóst varð að ferðin þangað hefði gengið vel. „Þetta er mikill léttir. Það hefur verið erfitt að fylgjast með fréttum eftir því sem átökin hafa stigmagnast,“ sagði Ester Gunnsteinsdóttir, eiginkona Más Þórarinssonar, eins af Íslendingunum sem voru í Beirút, eftir að ljóst var að allir hefðu komist óhultir frá Beirút til Damaskus.

**- mh /** **sjá síðu 4 og 16**

## Þekkirðu einhvern úti á landi?



„Auðveldara mun vera að fá hjúkrunarpláss á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Nú er sem sagt ekki lengur nóg að þekkja einhvern, heldur þarf hann að vera úti á landi!“ skrifar Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 18

## Suðræn og seiðandi



Á dögunum fór fram enn ein tískuvikan fyrir vor og sumar 2007. Í þetta skiptið var hún haldin í Sao Paulo í Brasilíu.

TÍSKA 27

## Synt gegn mansali

Benedikt S. Lafleur ætlar að synda ósmurður í kringum Reykjavík á laugardaginn en þá hefst áheitasöfnunin „Synt gegn mansali“.

FÓLK 34

## ÍA vann í Vesturbænum



Skagamenn unnu annan leikinn í röð í Landsbankadeildinni undir stjórn nýrra þjálfara en í þetta sinn töpuðu KR-ingar á heimavelli í Frostaskjóli. Gestgjafarnir komust tvívegis yfir en þeir gulklæddu jöfnuðu jafnoft og skoruðu sigurmarkið á 81. mínútu.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM** - Í dag verður fremur hæg austlæg átt. Skýjað og hætt við dálítilli þokusúld sunnan og austan til, annars bjart með köflum. Hiti 10-16 stig, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4






**REYKJALUNDUR** Fólk í endurhæfingu á Reykjalundi.

200 bíða eftir verkjameðferð:

# Biðlistar á flestar deildir

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 200 manns bíða eftir meðferð á verkjasviði Reykjalundar samkvæmt Magnúsi Ólasyni, yfirlækni deildarinnar. Magnús segir að dregið sé úr starfsemi deildarinnar yfir sumarið til að spara sumarráðningar. „Meirihluti sjúklinga á verkjadeild kemur vegna bakverkja sem oftast eru af óljósum orsökum. Um fimmtungur sjúklinga er vinnufær þegar þeir koma inn en um helmingur er vinnufær þegar þeir fara út.“

Magnús segir að kallað hafi verið eftir auknu fjármagni til rekstrar deildarinnar til að geta fylgt sjúklingum betur eftir. Þess má geta að biðlistar eru á flestar deildir Reykjalundar en lengstur er hann á geðsviði. **-hs**

Verð á eldsneyti hækkar:

# Sama hækkun hjá olíufélögum

**ELDSNEYTISVERÐ** Olíufélögin Essó, Skeljungur og Olís hækkuðu í gær verð á eldsneyti. Öll félögin hækkuðu verð á bensínlítra um 3 krónur og 40 aura en verð á dísilolíu hækkaði um 2 krónur hjá félögunum. Er algengasta verð á bensíni nú 132,80 krónur.

Samkvæmt tilkynningu á vefsíðu Olíufélagsins Essó er hækkunin til komin vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði og veikrar stöðu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal.

Atlantsolía hafði ekki hækkað eldsneytisverð í gær. **- öhö**






## SPURNING DAGSINS

*Marínó, eru göngin bara ekki of lág?*

„Það fellst ég aldrei á.“

Öryggisfulltrúi Hvalfjarðarganganna hefur áhyggjur af því hversu margir flutningabílar rekast undir í Hvalfjarðargöngunum. Marínó Tryggvason er öryggisfulltrúinn sem um ræðir.

Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir fríhafnarverslunina í samkeppni við aðra verslun:

# Rekstur fríhafnarverslunar kærður

**SAMKEPPNISMÁL** Samtök verslunar og þjónustu hafa kært rekstur fríhafnarverslunar í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Samtökin hafa margsinnis krafist þess af stjórnvöldum að vöruval verslunarinnar, sem er alfarið í eigu ríkisins, verði takmarkað við einkasöluvörurnar áfengi og tóbak, í samræmi við tollalög sem tóku gildi um síðustu áramót. Ríkið hefur þvert á móti stöðugt aukið vöruval og verslunarrými að sögn Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. „Við verðum í vaxandi mæli varir við að verslunin sendi sitt starfsfólk í verslanir í Reykjavík til að gera verðkannanir og færi sitt verð svo niður eftir því. Og þeir auglýsa í versluninni og á heimasíðu sinni að þeir séu allt að 50 prósentum ódýrari en verslanir í Reykjavík.“ Sigurður segir ekki fara á milli mála að fríhöfnin keppi við innlenda verslun þó forsvarsmenn hennar segist einungis vera að keppa við erlendar fríhafnir.

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri fríhafnarverslunarinnar, segir það vitleysu að verslunin sé í samkeppni við innlenda aðila.

„Til að skilgreina samkeppnissvæði þarf að vera frjáls aðgangur að verslunum, sem er ekki í okkar tilviki.“

Sturla segir að takmörkun vöruúrvals í versluninni þýddi mikla tekjuskerðingu fyrir flugstöðina, sem hefði í för með sér að skattleggja yrði farþega með öðrum hætti. - sdg



**FRÍHAFNARVERSLUNIN** Sigurður segir aðildarfyrirtæki samtakanna ævareið yfir því að ríkið sé hér í beinni samkeppni við innlendar verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÆMK



**GEIMFARARNIR Á DISCOVERY** Þeir voru að vonum kátir, geimfararnir sex, stuttu áður en lagt var af stað til lendingar.

Þrettán daga geimferð lokið:

## Discovery snýr heil heim á ný

**BANDARÍKIN, AP** Geimskutlan Discovery og sex manna áhöfn hennar lenti í Flórída um hádegisbil í gær, þrátt fyrir að lendingu hafi verið frestað vegna veðurs.

Geimfararnir lögðu af stað fyrir þrettán dögum og fóru um 8,5 milljón kílómetra á leið sinni. Í ferðinni fóru geimfarar þrisvar út fyrir geimflaugina til að vinna að endurbótum á ISS-geimstöðinni.

Geimferðastofnunin NASA vonar að með þessari ferð hafi efasemdaraddir um öryggi geimskutlunnar þagnað. Þetta er í fyrsta skipti sem NASA getur glaðst yfir vel heppnaðri geimferð síðan fyrir tíð Columbia-slyssins 2003, þegar geimskutla fórst á leið til lendingar. - sgj

Nýjar reglur í mótun:

## Ættleiðingarstyrkir foreldra

**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Starfshópur, sem ætlað er að semja tillögur að nýjum reglum um ættleiðingarstyrki til foreldra sem ættleiða börn frá öðrum löndum, var skipaður í gær af Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra.

Starfshópnum er ætlað að skila félagsmálaráðherra tillögum um hugsanlegar laga- og reglugerðarbreytingar fyrir 1. október næstkomandi með það markmið að greiðslur ættleiðingarstyrkja hefjist 1. janúar árið 2007. - sdg



**STRÆTÓ** Farþegum Strætó Bs. fækkaði um rúma milljón á þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Farþegum hefur fækkað um milljón

**Farþegum Strætó bs. fækkaði um rúma milljón frá árinu 2002 til 2005. Farþegar eru næstum sjötíu þúsund færri það sem af er árinu en á sama tíma í fyrra. Gísli Marteinn Baldursson segir leiðakerfið þarfnast lagfæringar.**

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR** Farþegum Strætó bs. hefur fækkað um rúma milljón á þremur árum, frá árinu 2002 til 2005, um fjórtán prósent.

Búast má við enn meiri fækkun á milli ára þegar þetta ár verður gert upp. Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kennir skertri þjónustu við farþega meðal annars um fækkunina. Hann segir nauðsynlegt að farþegum gefist kostur á að borga og fá til baka, auk þess sem hann telur að leiðakerfið þarfnist lagfæringar.

„Þjónusta við farþega hefur ekkert verið bætt undanfarin ár. Í staðinn var ákveðið að stokka algerlega upp leiðakerfið, sem allir sérfræðingar vöruðu við,“ segir Gísli Marteinn. „Út úr því kom leiðakerfið sem við höfum í dag og er alls ekki nógu gott. Menn vonuðust til að farþegum myndi fjölga en þetta hefur leitt til þess að farþegum hefur fækkað enn frekar.“



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Vagnstjórar veita betri þjónustu í dag, að mati Gísla. „Það eina sem hefur eiginlega batnað er þjónusta vagnstjóranna sjálfra við farþega. Þó hún sé framúrskarandi og þeir séu afar hjálpsamir dugar það því miður skammt,“ segir Gísli. „Þeir hafa sjálfir sagt að nýja kerfið hafi ruglað marga í ríminu.“

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir ástæðu fækkunarinnar af öðrum toga. „Mikil fjölgun einkabíla undanfarið veldur því að fólk velur að nota einkabílinn frekar en að ferðast með almenningssamgöngum,“ segir Ásgeir. Máli sínu til stuðnings bendir hann á að fjöldi farþega sem nýtti sér þjónustu strætisvagna árið 1970 hafi verið um fjórtán milljónir, miðað við tæpar 7,5 milljónir í fyrra.



**ÁSGEIR EIRÍKSSON**

Hann neitar að kenna nýja leiðarkerfinu um fækkunina. „Farþegum byrjaði ekki að fækka við leiðakerfisbreytinguna, þeim hefur sjálfsagt aldrei fækkað jafn hægt fyrr en eftir breytinguna,“ segir Ásgeir.

Ár er síðan nýja leiðakerfið var tekið í gagnið og það sem af er árinu hefur farþegum Strætó Bs. fækkað um tæp sjötíu þúsund miðað við sama tíma í fyrra. Fækkunin er tæp 130 þúsund ef fyrstu sex mánuðir þessa árs eru bornir saman við fyrstu sex mánuði ársins 2004. aegir@frettabladid.is

41 lést í suðurhluta Bagdad:

## Skyndiárás á útimarkað

**ÍRAK, AP** Tugir vopnaðra vígamanna réðust í gær á markaðstorg í Mahmoudiya sunnan Bagdad. 41 lést í árásinni og 90 særðust, að sögn yfirvalda, og er meirihluti fórnarlambanna talinn vera sjíamúslimar.

Árásin hófst um níu að morgni með áhlaupi á markaðstorgið þar sem beitt var hríðskotabyssum og handsprengjum. Tveir grunaðir voru handteknir í nágrenninu og fannst hjá þeim poki með handsprengjum. Degi áður hafði sprengja sprungið á kaffihúsi, fjölsóttu af sjíamúslimum, í bæ norðan Bagdad og valdið dauða 26 manns. - sgj

Fyrrum ritstjóri Séð og heyrt:

## Bjarni hyggst höfða tvö mál

**ATVINNUMÁL** Bjarni Brynjólfsson, fyrrum ritstjóri Séð og heyrt hyggst höfða mál á hendur Fróða, fyrrverandi vinnuveitanda síns, bæði vegna meiðyrða og vangoldinna launa, fái hann ekki opinbera afsökunarbeiðni og þær greiðslur sem honum beri.



**BJARNI BRYNJÓLFSSON**

Bjarna var sagt upp störfum fyrr í sumar í kjölfar þess að hann var sakaður um fjársvik og vísað rakleiðis á dyr. Hann neitar ásökununum. Hann segir enn fremur að ekki hafi verið staðið við neitt í hans starfslokasamningi og hann hafi enn ekki fengið uppsagnarfrest sinn greiddan. Þá hafi hann sent greiðsluáskorun á Fróða en ekkert fengið. - sh

BÍLL DAGSINS
NISSAN MURANO
Nýskr 06.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

Um eitt hundrað manns voru við messu í Loðmundarfirði á sunnudag:

# Fólk kom sjálft með stóla

**MESSUHALD** Fullt var út úr dyrum og setið á hlaðinu við kirkjuna á Klyppsstað í Loðmundarfirði við messu á sunnudag. Var það í fyrsta sinn sem þar er messað síðan 1999.

Jóhanna Sigmarsdóttir, sóknarprestur á Eiðum og prófastur í Múlaprófastsdæmi, messaði og kvaðst í samtali við Fréttablaðið afar ánægð með messuhaldið.

„Kirkjan tekur venjulega um sextíu manns en það var mjög þétt setið. Fólk kom með stóla með sér og settist bæði inni og fyrir utan kirkjuna.“

Veður var gott, örfáir regndropar féllu um messuna miðja en vættu vart þá er úti stóðu.

Loðmundarfjörður, sem er næsti fjörður norðan Seyðisfjarðar, fór í eyði 1973 og var kirkjuorgelið þá flutt á brott með þyrlu. Enginn var því undirleikurinn við sálmasönginn en Kristján Gissurarson, organisti á Eiðum, gaf fólki tóninn með blokkflautu og söng svo hver með sínu nefi.

Ekkert sérstakt tilefni var til messuhaldsins á sunnudag, aðeins hugdetta Jóhönnu.

„Mér datt þetta í hug í vetur. Hér eru margir ferðamenn á sumrin og fólk vill gjarnan sækja kirkju þegar það er á ferðalögum.“

Vegurinn í Loðmundarfjörð er þokkalegur en Jóhanna telur óráðlegt að fara hann nema á fjórhjóladrifnum bílum. Sjálf ekur hún á Subaru Forester. - bþs



**KIRKJAN Á KLYPPSSTAÐ** Á hlaðinu má meðal annars sjá Kristján Gissurarson sem stýrði söng í messunni. FRÉTTABLAÐIÐ/MARÍA GUÐBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR



Það er miklu betra að bæta bara við inneignina eftir þörfum á Netinu.
Smelltu þér á www.sko.is
Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt yfir til SKO.
SKO
SKO
Tala meira. Borga minna.
14,90 kr.
Mínútuverð
4,90 kr.
SMS verð
0,00 kr.
Mánaðargjald

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.10.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,35 | 75,71 |
| Sterlingspund | 137,2 | 137,86 |
| Evra | 94,45 | 94,97 |
| Dönsk króna | 12,661 | 12,735 |
| Norsk króna | 11,944 | 12,014 |
| Sænsk króna | 10,224 | 10,284 |
| Japanskt jen | 0,6432 | 0,647 |
| SDR | 110,53 | 111,19 |

*Gengisvísitala krónunnar*
131,0616

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flugvél Air Atlanta Icelandic er óskemmd í flugskýli við flugvöll í Beirút:

# Öll vinna á flugvelli bönnuð

**LÍBANON** Flugvél frá flugfélaginu Air Atlanta Icelandic er enn í flugskýli í Beirút, en hún hefur ekki orðið fyrir skemmdum þrátt fyrir vaxandi árásir Ísraelshers á borgina undanfarna daga.

Hannes Hilmarsson, forstjóri Air Atlanta Icelandic, segist ekki vita hvenær hægt verði að færa flugvélarnar. „Eins og staðan er bíðum við átekta, en vélin er óskemmd í flugskýli við flugvöllinn. Á þessu stigi málsins er því ekkert hægt að segja um hvenær yfirvöld leyfa vinnu við flugvélina og hægt verður að ferja hana frá Líbanon.“

Yfirvöld í Líbanon hafa bannað alla vinnu við flugvöllinn þar sem flugvél Air Atlanta er í flugskýli. Því hefur ekki verið hægt að halda áfram vinnu við flugvélina, eins og til stóð.

Þrír flugvirkjar, Már Þórarinsson, Guðmundur Karl Guðmundsson og Markús Sigurjónsson, hafa verið á vegum Air Atlanta Icelandic í Líbanon að undanförnu en þeir eru á meðal Norðurlandabúanna sem koma til Kaupmannahafnar í dag, eftir flugferð frá Damaskus í Sýrlandi. Þeir gátu ekki sinnt störfum sínum meðan þeir voru í landinu vegna ástandsins í Líbanon. **- mh**



**HANNES HILMARSSON** Forstjóri Air Atlanta Icelandic segir vélina óskemmda í Líbanon. FRÉTTABLAÐIÐ/DÖGG

Ferðir norskra yfirvalda:

## 300 Norðmenn skildir eftir

**LÍBANON** Þrátt fyrir að Norðmenn hafi verið teknir fram yfir Íslendinga við brottflutning frá Beirút til Damaskus í Sýrlandi um liðna helgi þurftu meira en 300 Norðmenn að bíða þess að verða fluttir af svæðinu, eftir að rútur á vegum norskra yfirvalda fóru með lítinn hluta þeirra frá Beirút til Damaskus.

Íslensk yfirvöld sömdu um það að Íslendingar sem voru á svæðinu fengju að komast að í rútunum, en á vettvangi voru Norðmenn teknir fram yfir íbúa annarra Norðurlanda. Íslensk stjórnvöld brugðust við þessu með því að senda stóra farþegaþotu til Damaskus til að sækja Norðurlandabúa. **- mh**

Lög um kjararáð gengin í gildi:

## Kjararáð skipað

**KJARAMÁL** Kjararáð hefur tekið til starfa en það leysir Kjaradóm og Kjaranefnd af hólmi. Í Kjararáði sitja Guðrún Zoëga verkfræðingur, skipuð af fjármálaráðherra, Jakob R. Möller lögmaður, skipaður af Hæstarétti, og Jónas Þór Guðmundsson lögmaður, Kristinn Hallgrímsson lögmaður og Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur sem kjörin eru af Alþingi. Ráðið sjálft mun velja sér formann og varaformann.

Kjararáði er ætla að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. **- bþs**

Barnaníðingur fyrir dómstóla:

## Ákærður fyrir hrottaleg morð

**BELGÍA, AP** Saksóknarar í Belgíu kærðu í gær dæmda barnaníðinginn Abdallah Aid Oud fyrir morð á tveimur telpum, sjö og tíu ára, en lík þeirra fundust í síðasta mánuði eftir þriggja vikna leit. Hann var einnig kærður fyrir nauðgun á þeirri eldri.



**ABDALLAH AID OUD**

Aid Oud hafði þegar verið kærður fyrir ránið á þeim báðum, en þær voru kyrktar til bana eftir að þeim var rænt úr götuveislu í borginni Liege 10. júní.

Aid Oud gaf sig fram við lögreglu 13. júní, en neitar þó aðild að morðunum. Honum var sleppt af geðdeild í desember eftir að hafa afplánað sinn annan dóm fyrir misnotkun á börnum. **- sgj**

# Óttast um fjölskyldu eiginmannsins í Suður-Líbanon

**Andrea Hólm, sem búsett er í Líbanon ásamt manni sínum og börnum, óttast um fjölskyldu eiginmanns síns í Suður-Líbanon. Erfiðlega hefur gengið að ná sambandi við fjölskylduna vegna símasambandsleysis.**

**LÍBANON** „Við vitum ekki hvað bíður okkur,“ segir Andrea Hólm, íslensk kona sem gift er líbönskum manni, en hún hefur dvalið hér á landi í sumarfrí ásamt manni sínum og fjórum börnum undanfarna daga.

Fjölskyldan er búsett í Líbanon en heimferð fjölskyldunnar er í mikilli óvissu vegna ástandsins í heimalandinu. „Við vitum ekki hvað við gerum, þar sem ástandið í Líbanon er slæmt þessa dagana. Við höfum ekki heyrt frá fjölskyldu mannsins míns í Suður-Líbanon og það er virkilega óþægilegt, sérstaklega þar sem hörð átök hafa verið þar undanfarna daga. En vinir og kunningjar okkar hafa ekki orðið fyrir tjóni eða meiðslum vegna átakanna.“



**ANDREA HÓLM OG HASSAN JAMI CHAHLA ÁSAMT BÖRNUM** Andrea og Hassan sjást hér ásamt börnum sínum, Yasmin Unni, Jamil, Signýju Isabellu og Söru Andreu. Fjölskyldan vonast til þess að komast heim í friðsæld í Líbanon, en eins og mál standa er það afar ólíklegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Símasambandslaust er víða í Líbanon eftir miklar loftárásir Ísraelshers að undanförnu.

Flugvélin sem flytur Íslendingana sem dvalið hafa í Líbanon frá Damaskus í Sýrlandi til Danmerkur lendir milli átta og níu í dag á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn. Með flugvélinni eru Norðurlandabúar sem beðið hafa þess að komast burt af átakasvæðunum í Líbanon, en utanríkisráðuneytið leigði vélina, sem er meira en 450 sæta, af íslenska flugfélaginu Air Atlanta Icelandic. Áhöfn vélarinnar er á vegum Excel Airways, sem er dótturfélag Avion Group, líkt og Air Atlanta.

Már Þórarinsson, einn Íslendinganna sem dvalið hafa í Beirút á meðan á átökunum hefur staðið, segir það mikinn létti að íslensk stjórnvöld hafi brugðist við með því að senda flugvél til Damaskus. „Það er mikill léttir að ákveðið hafi verið að senda flugvél eftir okkur því það voru ákveðin vonbrigði að komast ekki með í norsku rúturnar. Við skiljum það samt vel að Norðmennirnir hafi verið í forgangi,“ sagði Már en fjöldi Norðurlandabúa komst ekki að í norsku rútunum.

Már segir mikinn atgang hafa verið á þeim stað þar sem rúturnar lögðu upp í ferðina til Damaskus. „Það voru frekar erfiðar aðstæður á þessum slóðum og biðin var erfið fyrir marga. Mikill hiti og mannþröng gera ástandið enn erfiðara en að lokum gekk þetta vel.“



**FÓLK Á FERÐ Í SUÐUR-LÍBANON** Ísraelar hafa haldið upp hörðum árásum í Suður-Líbanon undanfarna daga. Vesturlönd hafa lagt kapp á það að flytja Vesturlandabúa til síns heima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingarnir sex fóru með rútu á vegum finnskra yfirvalda frá Beirút til Damaskus en að sögn Más var fagmannlega staðið að öllum þáttum hjá Finnunum. „Finnarnir stóðu vel að öllum sínum aðgerðum og sýndu að mínu mati meiri fagmennsku en Norðmennirnir.“

Áætlað var að Íslendingarnir færu frá Damaskus með flugvél Air Atlanta um fjögurleytið í nótt.

**magnush@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

GÓÐVIÐRISTÍÐ
Nú fer sólin að leika stærra hlutverk á landinu sunnan og vestanverðu og reyndar víðar. Það gerist hægt og rólega eftir því sem líður á vikuna. Dagurinn í dag verður ekki svo mjög bjartur syðra en síðan fer að rofa þar smám saman til. Vestfirðir og Vesturland verða sýnu björtust í dag en síðan koma önnur svæði inn. Það er líka jákvæð þróun í hitanum því hann fer stighækkandi eftir því sem líður á vikuna.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Fremur hæg austlæg átt og skýjað með köflum. Hiti 11-15 stig.




um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C | léttskýjað | London | 24°C heiðskírt | Alicante | 31°C | léttskýjað |
| Billund | 21°C | léttskýjað | París | 28°C heiðskírt | Mallorca | 29°C | heiðskírt |
| Osló | 23°C | hálfskýjað | Frankfurt | 26°C léttskýjað | Algarve | 28°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 27°C léttskýjað | Krít | 27°C | heiðskírt |
| Gautaborg | 21°C | léttskýjað | Berlín | 26°C hálfskýjað | Las Palmas | 27°C | heiðskírt |

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33404 07/2006

## Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

**Yaris er enginn venjulegur bíll.**
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 l með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.
Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR **aukahlutapakki**

- Filmur í rúður
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

**Verð frá 1.585.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



## KJÖRKASSINN

*Á að hækka bílprófsaldurinn í 18 ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 74% |
| Nei | 26% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú skipt um starf á þessu ári?*

**Segðu skoðun þína á vísir.is** vísir

Standard & Poor's tekur Íbúðalánasjóð af athugunarlista:

# Lækka lánshæfi um tvo flokka

**VIÐSKIPTI** Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor´s hefur lækkað lánshæfismat Íbúðalánasjóðs til langs tíma úr AA+ í AA- og staðfest skammtímaskuldbindingar sjóðsins í íslenskum krónum og erlendri mynt A-1+. Horfur fyrir erlenda mynt eru neikvæðar.

Þá hefur matsfyrirtækið tekið Íbúðalánasjóð af athugunarlista sem það setti sjóðinn á í fyrra mati sínu í mars.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að búist hafi verið við þessari niðurstöðu, meðal annars vegna minnkandi hlutdeildar Íbúðalánasjóðs á íbúðalánamarkaði, en fram kemur í tilkynningu um matið að hlutdeild Íbúðalánasjóðs hafi farið úr 80 prósentum niður í 45 prósent eftir að viðskiptabankarnir hófu að bjóða íbúðalán í ágúst árið 2004.



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Íbúðalánasjóður fellur niður um tvo flokka hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Standard & Poor's. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Jóhann G. Jóhannsson, sviðstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir að vegna minnkandi hlutdeildar sjóðsins á lánamarkaði hafi Standard & Poor´s farið fram á svokallaða tímaábyrgð. Í henni felst að ef illa fari geti fjárfestir þurft að bíða eftir að fá fjármagn úr sjóðnum. „Þar sem það er ekki til staðar fellur sjóðurinn niður um tvo flokka,“ segir Jóhann en ítrekar að þar sem Íbúðalánasjóður sé með fulla ríkisábyrgð séu litlar líkur á að skuld falli á hann. **- jab**

Aflatölur Fiskistofu í júní:

# Heildarafli dregst saman

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli í júní 2006 var rúmlega 133 þúsund tonn. Er það 22 þúsund tonnum minna en í júní 2005.

Þorskafli dróst töluvert saman. Í júní 2005 var þorskaflinn 12.472 tonn en 9.844 tonn á sama tímabili í ár. Hins vegar jókst ýsu- og ufsaafli talsvert milli ára. Ýsuafli í júní síðastliðnum var rúmlega sautján hundruð tonnum meiri en í júní 2005. Þá jókst ufsaafli um rúmlega fimmtán hundruð tonn milli ára.

Mest aukning var þó í úthafskarfanum, sem fór úr 3.544 tonnum í júní 2005 í 8.787 tonn í júní á þessu ári. **- öhö**

Evrópsk staðlasamtök:

# Guðrún kjörin varaforseti

**FÉLAGSMÁL** Guðrún Rögnvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands, var nýlega kjörin í eitt fjögurra varaforsetaembætta Evrópsku rafstaðlasamtakanna. Um leið og Guðrún er fyrsti Íslendingurinn til að setjast í framkvæmdastjórn samtakanna er hún fyrsta konan sem það gerir.



**GUÐRÚN RÖGNVALDSDÓTTIR.**

Evrópsku rafstaðlasamtökin hafa verið starfrækt í 33 ár og eiga staðlastofnanir 29 Evrópuríkja aðild að þeim. **- bþs**

## BANDARÍKIN

**Einn ferst í skógareldum** Einn maður hefur farist í skógareldunum sem geisa í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Maðurinn bjó á svæðinu og hafði verið saknað síðan á þriðjudag þegar hann bjóst til að flýja heimili sitt. Um 4.000 slökkviliðsmenn vinna nú að því að hemja eldana.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**42 teknir** Umferðareftirlit hefur borið árangur að sögn lögreglunnar í Árnessýslu og voru 37 kærðir fyrir hraðakstur í vikunni, fjórir fyrir ölvunarakstur og einn fyrir að aka undir áhrifum kannabisefna.

**Fangi kærði fanga** Fangi á Litla-Hrauni kærði samfanga sinn fyrir líkamsárás í vikunni. Sá ákærði hafði slegið hinn í andlitið og nefbrotið hann. Rannsókn er að mestu lokið.

# Fyrirtækjum sett markmið um losun

**Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segir ekki nóg að ríki heims vinni að minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda. Skoða beri hvort setja þurfi einstaka atvinnugreinum og fyrirtækjum sérstök markmið um minni losun.**

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra segir ekki nóg að gert í baráttunni fyrir minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Ekki sé nóg að kvóti sé á losun þeirra ríkja sem aðild eiga að Kyoto, fleira þurfi að koma til svo markmiðum verði náð.

Jónína sat á dögunum fund evrópskra umhverfisráðherra í Turku í Finnlandi en Finnar tóku nýverið við formennsku í Evrópusambandinu. Á fundinum kynntu Finnar stefnumið sín í umhverfismálum en í þeim felst meðal annars að vegna örrar hnattvæðingar þurfi Evrópuríki að líta hnattrænt á aðkallandi vanda en ekki aðeins til áhrifanna á innri markað ESB.

Að sögn Jónínu hafa menn meðal annars velt fyrir sér hvernig hægt sé að ná markmiðum um minni losun á annan hátt en með þjóðréttarlegum skuldbindingum. Eitt af því sem velt hafi verið upp sé hvatning til einstakra atvinnugreina og fyrirtækja. „Fyrirtæki í sömu greinum með svipaða framleiðsluferla beita mjög misjafnlega loftlagsvænni tækni. Á fundinum lagði ég áherslu á að hugmyndir um hvatningu til fyrirtækja um minni losun verði útfærðar nánar,“ sagði Jónína í samtali við Fréttablaðið.

Hún bendir á að þrýstingur á einstaka fyrirtæki um minni losun sé lítill á meðan ríkjakvótarnir séu nánast einir við lýði. „Bæði vegna þess að markmiðin nást ekki innan Evrópu á meðan ríki á borð við Bandaríkin, Ástralíu og þróunarríkin standa utan við Kyoto og eins vegna þess að fyrirtækin geta flutt sig á milli landa.“



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Vill skoða af gaumgæfni hvernig hægt er að hvetja fyrirtæki og atvinnugreinar til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda upp á sitt eindæmi.

Fordæmi eru fyrir slíkri markmiðasetningu fyrirtækja og greina og nefnir Jónína sem dæmi tiltekna staðla sem raftækjaframleiðendur í Japan hafa sett sér. „Heimilistæki eru framleidd með minni rafmagnsþörf en áður og þó hvert einstakt tæki skipti litlu máli getur þetta ráðið því hvort kolaverin í milljónaborgum eru eitt eða fleiri.“ Hún bendir einnig á að álverunum á Íslandi hafi verið settir tilteknir staðlar fyrir fjórum árum og að með þeim hafi náðst viðmið er varða losun flúorkolefna.

Að þessum málum verður áfram unnið á alþjóðlegum vettvangi enda ljóst að ríkjakvótarnir einir og sér duga skammt.

**bjorn@frettabladid.is**







LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is




Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSUNNAR - ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási


Jarðskjálfti á hafsbotni olli flóðbylgju við Indónesíu:

# Hundrað létust í flóðbylgju

**INDÓNESÍA, AP** Flóðbylgja reið yfir eyjuna Jövu í gær og varð að minnsta kosti 104 að bana og olli miklum skaða á hótelum, veitingastöðum og heimilum. Tuga manna er saknað, þeirra á meðal tveggja sænskra drengja og fjögurra Hollendinga.

Jarðskjáftinn sem orsakaði bylgjuna var 7,2 gráður á Richter og sterkastur 48 kílómetrum undir botni Indlandshafs, 240 kílómetrum fyrir sunnan Jövu. Flóðbylgjan var um tveggja metra há og olli flótta fólks á um 180 kílómetra svæði.

Þúsundir skelkaðra manna flúðu strandlengjuna í gær, upp í tré og inn í bænahús, sumir hverjir öskrandi „flóðbylgja“ en árið 2004 banaði skjálftaflóðbylgja nærri 200.000 manneskjum í Indónesíu. Sá harmleikur varð til þess að yfirvöld í Indónesíu settu upp viðvörunarbúnað gegn skjálftaflóðbylgjum á Súmötru, en hann er ekki til staðar á eyjunni Jövu.



**ÞORP Í RÚST** Flóðbylgja lagði fjölmörg heimili í rúst á Jövu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrir einungis sjö vikum síðan, þann 27. maí, reið annar jarðskjálfti yfir Jövu. Sá var 5,9 á Richter og varð 5.700 manns að bana. Að auki misstu milljónir manna heimili sín. **- kóp**

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 33362 06/2006



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hvaða fyrrverandi þjóðarleiðtogi sagði nýlega að Bandaríkin væru ráðrík?*

**2** *Hvaða sæti náðu Nylon-stúlkur á breska vinsældalistanum?*

**3** *Hver leikstýrir kvikmyndinni Mýrin?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

22 ára karlmaður handtekinn í foreldrahúsum ásamt fimm ættingjum og vinum:

# Ætlaði að selja 415 e-töflur

**LÖGREGLUMÁL** Aðeins einn af sexmenningunum sem handteknir voru í heimahúsi í Reykjanesbæ á föstudagskvöld eftir að þar fundust 415 e-töflur er talinn viðriðninn málið. Maðurinn er 22 ára, býr í foreldrahúsum og var handtekinn ásamt hluta fjölskyldunnar og vinum.

Ungi maðurinn viðurkenndi að e-töflurnar væru til sölu og telur lögreglan hann hafa dreift efnunum til annarra fíkniefnasala. Málið er eitt það stærsta sem lögreglan í Keflavík hefur fengist við.

Jóhannes Jensson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar í Keflavík, segir að vegna grunsemda lögreglunnar hafi verið óskað eftir húsleitarheimild hjá Héraðsdómi Reykjaness.

Auk e-taflnanna fundust fimmtán grömm af amfetamíni og smáræði af kókaíni. Maðurinn átti hluta efnanna en vinir hans afganginn og segir Jóhannes mál þeirra upplýst. Þeir hafa flestir áður komið við sögu lögreglunnar.

„Við teljum málið upplýst hvað unga manninn varðar og nægilega til þess að hann var látinn laus. En rannsókninni er þó ekki lokið,“ svaraði Jóhannes spurður hvort lögregla væri að skoða hvar maðurinn fékk efnin.



**ÚR REYKJANESBÆ** Lögreglan handtók hluta fjölskyldu og yfirheyrði eftir að 415 e-töflur fundust.

Jóhannes segir þetta fyrsta e-töflumálið í langan tíma. „Í fyrra vorum við með tvö mál þar sem töluvert magn kom við sögu, en það ekkert í líkingu við þetta,“ segir Jóhannes Jensson. **- gag**

Misnotkun á danskri telpu:

# Tíundi maðurinn ákærður

**DANMÖRK** Enn einn karlmaðurinn hefur verið ákærður í tengslum við kerfisbundið kynferðisofbeldi gegn lítilli stúlku í Tønder í Danmörku, samkvæmt frétt danska blaðsins Politiken. Maðurinn, sem er 36 ára, er hinn tíundi sem ákærður er í málinu, auk foreldra stúlkunnar.

Faðir stúlkunnar hefur verið ákærður fyrir að leigja hana út til karlmanna þegar hún var ellefu ára, en móðirin fyrir að aðhafast ekkert.

Málið hefur vakið mikinn óhugnaði meðal Dana, en níu menn hafa þegar verið dæmdir fyrir kynferðisofbeldi gegn stúlkunni. **- smk**

Umhverfisráðherra í Finnlandi:

# Sellafield rætt við ráðherrana

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra átti fund með umhverfisráðherrum Írlands og Noregs í Turku í Finnlandi um helgina á ráðstefnu evrópskra umhverfisráðherra. Á fundinum ræddu ráðherrarnir einkum Sellafield-kjarnorkuverið í Englandi og öryggismál þess.

Ráðherrarnir voru sammála um að fylgjast grannt með þróun mála í Sellafield. THORP-vinnslustöðin fyrir fljótandi geislvirkan úrgang verður enduropnuð á næstunni, en mikill brestur hefur verið á öryggismálum í stöðinni og var henni lokað árið 2005 vegna leka. **- sgj**

Útkall að Háafossi í Árnessýslu:

# Talinn látinn en reyndist vera dúkka

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem tilkynnt var um sem hættulega slasaðan eða jafnvel látinn í skriðu neðan við Háafoss, innst í Fossárdal í Árnessýslu, reyndist vera dúkka í fullri líkamsstærð þegar lögregla kom á vettvang.

Það var í fyrrakvöld sem lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um að maður lægi í skriðu neðan við Háafoss. Sjónarvottar töldu líklegt að maðurinn væri látinn og voru lögregla og björgunarsveit kallaðar út ásamt þyrlu Landhelgisgæslunnar. Þegar lögregla kom á staðinn kom í ljós að ekki var um manneskju að ræða heldur brúðu sem líklega hefur fallið í ána síðasta vetur þegar hún var notuð við kvikmyndatöku. Aðgerðir voru því afturkallaðar snarlega.

Samkvæmt upplýsingum frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu var dúkkan, sem er í karlmannslíki og gekk undir heitinu Randy, notuð við tökur á myndinni Köld slóð.

Flugbjörgunarsveitin hafði leitað hans í þrígang, en án árangurs. **- sþs / - jss**



**STARFSEMI NÝS FYRIRTÆKIS KYNNT** Árni Jón Baldursson, fyrsti kaupandi samheitalyfsins Simvastatin, ásamt Olgeiri Olgeirssyni, framkvæmdastjóra Portfarma, og Sigurbirni Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Lyfju.

# Samkeppni á lyfjamarkaði

**Portfarma hóf í gær sölu á fyrsta samheitalyfinu en Actavis hefur verið einrátt á samheitalyfjamarkaðinum á Íslandi. Portfarma er systurfyrirtæki Lyfju.**

**LYFJAVERÐ** Sala hófst hjá Lyfju í gær á fyrsta samheitalyfinu sem lyfjafyrirtækið Portfarma, systurfyrirtæki Lyfju, flytur inn. Um er að ræða blóðfitulækkandi lyfið Simvastatin sem er 58 prósentum ódýrara en sambærilegt frumlyf og rúmlega 10 prósentum ódýrara en sambærilegt samheitalyf sem hefur verið hér á markaði.

Að sögn Olgeirs Olgeirssonar, framkvæmdastjóra Portfarma, eru fleiri samheitalyf tilbúin í skráningu, en stefnt er að því að 20 ný lyf komi á markað innan 12 mánaða. Um 80 samheitalyf eru nú í skoðun hjá Portfarma.

Olgeir segir að til að byrja með muni fyrirtækið einbeita sér að algengustu lyfjunum meðan fyrirtækið sé að fóta sig á markaðnum.

Actavis er eina fyrirtækið á samheitalyfjamarkaði fyrir utan Portfarma. Spurður hvort Actavis hafi falast eftir kaupum á Portfarma segir Olgeir það ekki hafa gerst ennþá. „Við erum spurðir að þessu nánast á hverjum degi en Portfarma er ekki til sölu.“

Þegar fyrst var tilkynnt um að Portfarma myndi bjóða þetta samheitalyf til sölu lækkaði Actavis sambærilegt lyf hjá sér. „Þeir eru að sýna klærnar en við svöruðum þessu. Þeir eru einir á þessum markaði og risastórir. Þeir láta þar af leiðandi finna fyrir sér en í framtíðinni munum við finna minna fyrir þeim.“

Olgeir segir ástæðu fyrir háu samheitalyfjaverði á Íslandi fyrst og fremst vera skort á samkeppni en einnig hve lítill markaðurinn er. „Það sem við viljum gera er að skrá lyf hér fyrir önnur lönd. Við látum framleiða fyrir okkur og viljum nota okkar skráningargögn einnig fyrir aðra markaði.“

Sigurbjörn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Lyfju, segist vonast eftir að samstarfið með Portfarma muni stuðla að auknu framboði samheitalyfja, sem leiði þá til meiri samkeppni og væntanlega lægra lyfjaverðs í kjölfarið.

Sigurbjörn telur að Portfarma hefði átt erfitt með að byrja ef það hefði ekki haft sterkan bakhjarl á borð við Lyfju á bak við sig. „Þetta eru náttúrlega systurfyrirtæki og við viljum að þetta gangi upp en við höfum þó ekki skuldbundið okkur nema með þetta og næsta lyf sem þeir koma með. Ef Actavis lækkar lyfjaverð það mikið að lyfjaverð náist niður er til einhvers af stað farið.“

Hagnaður lyfjasmásala er hlutfall af lyfjaverði og því má segja að hvata skorti fyrir lyfjasmásala til að bjóða lyf á lágu verði. Aðspurður um hvort þörf sé á að breyta þessu kerfi segir Sigurbjörn svo vera. „Eins og kerfið er uppbyggt er þessi hvati náttúrulega lítill. Það þyrfti að vera þannig að menn hafi hag að því að leita að ódýrasta verðinu. Það er ekki þannig í dag.“ **sdg@frettabladid.is**

Ökuþór á Suðurlandsvegi stöðvaður fyrir hraðakstur:

# Tekinn drukkinn og próflaus

**LÖGREGLA** Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði um miðjan dag á sunnudag ökumann sem ók á 138 kílómetra hraða vestur Suðurlandsveg.

Í ljós koma að ökuþórinn, sem er hálfþrítugur, var ölvaður og þar að auki hafði hann verið sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir skemmstu.

Mikið var að gera í umferðareftirliti lögreglunnar á Hvolsvelli í síðustu viku og voru 26 manns kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi hennar. **- sh**


SÓFADAGAR

ÚTSALA!
30% - 60% afsláttur
af öllum húsgögnum



hönnun agunn

gallerí húsgögn
Dalvegi 18 - 201 Kóp. - Sími 5545333
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
2 fyrir 1
Chipsletten
-Sour Creme
SPRENGITLBOÐ!
97 kr. 2stk
Chipsletten flögur
Sour creme
97 kr. stk.
Oetker Pizza
m/pepperoni
m/skinku
Enn lægra verð!
79 kr. stk.
Gæða
Svissneskt
súkkulaði
-Dökkt súkkulaði
-Mjólkursúkkulaði
-Mjólkursúkkulaði m/hnetum
89 kr. stk.
Pepsi Max Gold 2L
97 kr. stk.
Delon barna sjampó
97 kr. stk.
Delon sjampó +
hárnæring 2 í einu
97 kr. stk.
Aloe vera lotion
Virk
Sam-
keppni
Alltaf frábær tilboð alla daga




## Umhverfisráðherra:
# Þingvallavatn verður verndað

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur skrifað undir reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Reglugerðin byggir á lögum um sama efni og kveður nánar á um það hvernig framkvæmd þeirra verður háttað.

Almenna reglan er sú að óheimilt sé að spilla vatni eða menga, hvort sem um er að ræða yfirborðsvatn eða grunnvatn. Einnig er óheimilt að raska búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem lifa í vatninu.

Innan svæðisins verða strangar kröfur um frárennsli frá byggingum og lagningu og viðhald vega. **- sgj**



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Umhverfisráðherra hefur skrifað undir reglugerð um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.



**ENGEYIN** Sverrir Albertsson hjá AFLi segir að þegar afli sé fluttur yfir í annað skip sé verið að hafa löndunarfrí af áhöfninni.

# Sviknir um löndunarfrí

**Sunnubergið sem er í eigu HB Granda hefur ítrekað verið látið leggjast upp að frystiskipum í eigu útgerðarinnar og skipverjar látnir flytja aflann á milli og þannig hefur verið haft af þeim löndunarfrí.**

**KJARAMÁL** Starfsgreinasamband Austurlands (AFL) hefur staðið í innheimtumáli fyrir hönd áhafnarinnar á Sunnubergi NS 70, sem er í eigu HB Granda. Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afls, segir það ítrekað hafa komið fyrir að Sunnubergið hafi lagst upp að frystiskipum í eigu útgerðarinnar og afli hafi verið færður á milli skipa. Sverrir segir að þegar þessi háttur sé hafður á sé verið að hafa af áhöfninni löndunarfrí, en í síðstu samningum við sjómenn sem vinna við uppsjávarfisk er kveðið á um að sjómenn fái löndunarfrí og fólk úr landi fengið til að landa aflanum.

„Vinnuskylda sjómanna er mikil og það á að heyra til algerra undantekinga að sömu menn sjái um löndun aflans," segir Sverrir og bætir við að AFLi hafi borist kvörtun frá áhöfn Sunnubergsins þar sem hún fór fram á tímakaup fyrir þann tíma sem tók að flytja aflann yfir í annað skip sem var við bryggju. „Í framhaldinu var HB Granda sent harðort bréf og þegar engin viðbrögð fengust frá fyrirtækinu fól AFL lögmanni sínum málið til afgreiðslu."

Sverrir er hræddur um að svona aðgerðir muni aukast, verði það látið afskiptalaust að útgerðir hafi þennan háttinn á og sleppi þannig við að borga fyrir löndun. „Þá má ekki gleyma því að flutningi á afla á milli skipa fylgir aukin slysahætta og ef þessi háttur við löndun verður að vana er hætt við að menn hætti að sýna ítrustu varkárni, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum."



**EGGERT B. GUÐMUNDSSON**

Á heimasíðu AFLs er vitnað í stjórnina, sem segir að AFL muni sækja rétt félagsmanna sinna af fullum þunga verði framhald á þessu.

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir hagkvæmnisástæður búa að baki löndun á milli skipa og segir önnur skip stundum látin veiða fyrir Engeyna. Hann segir alveg klárt að ekki sé greitt sérstaklega fyrir löndun úti á sjó en viðurkennir að málið sé á gráu svæði í þeim tilfellum þegar Engeyin eða önnur skip séu bundin við bryggju. Eggert telur þó það sama gilda og fyrir löndun í hafi. Eggert segir ekkert hafa verið greitt af löndunarkröfunni enn og segir aðeins hluta af inheimtunni eiga rétt á sér. „Málið er í skoðun hjá fulltrúum okkar og fulltrúum LÍÚ og eru viðræður í gangi."

Eggert segir að HB Grandi leggi áherslu á að halda góðum samskiptum við starfsmenn sína á sjó og landi og segir leiðinlegt þegar yfirlýsingar sem standist ekki fyllilega séu gefnar út og vitnar þá í ummæli á heimasíðu AFLs. **hugrun@frettabladid.is**



# JÚLÍTILBOÐ – NÚ ER FJÖR...







## JÚLÍTILBOÐ

SPRING AIR
AMERÍSK RÚM

**KYNNINGAR-AFSLÁTTUR**

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ Á
NÝRRI LÍNU – NÝ HÖNNUN





## JÚLÍTILBOÐ

GRAVITY ZERO
STILLANLEG HEILSURÚM

**VERÐ**

SEM EKKI HEFUR
SÉST ÁÐUR

MARGAR STÆRÐIR OG GERÐIR





## JÚLÍTILBOÐ

TEMPUR HEILSUVÖRUR

**15%**

AFSLÁTTUR

HEILSUDÝNUR, HEILSUKODDAR,
SESSUR, BAKSTOÐIR, INNISKÓR,
FERÐAKODDAR O.M.FL.

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júlí

www.design.is ©2006



**FARFUGLAR Í WUHU Í KÍNA** Þrjátíu og sex tilfelli af fuglaflensu hafa nú verið skráð í Kína. Farfuglar þykja líklegir smitberar.
NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðleg könnun á HIV-sýkingum í Afríku:

# Umskurður karla lofar góðu

**VÍSINDI** Ný rannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og fleiri aðila hefur leitt líkur að því að umskurður karla gæti skipt sköpum í baráttunni við HIV-veiruna í Afríku, að því er BBC-fréttastofan greinir frá á fréttavef sínum.

Samkvæmt könnuninni gæti umskurður allra karlmanna í Afríku, sunnan Sahara-eyðimerkurinnar, fækkað HIV-smitum um sex milljónir og afstýrt um þremur milljónum dauðsfalla af sökum eyðniveirunnar á næstu tuttugu árum.

Í þeim samfélögum Vestur- og Mið-Afríku þar sem algengt er að karlmenn séu umskornir smitast mun færri einstaklingar af HIV-veirunni en ella. Allt í allt minnkar hættan á smiti um sextíu prósent við umskurð.

Nú stendur til að rannsaka kostnað og öryggi við aðgerðir af þessum toga og að skoða hvort afgerandi munur sé á líkindum á smiti frá konum til karla og frá körlum til kvenna, eftir aðgerðina.

Aðstandendur könnunarinnar vilja minna á að umskornir karlmenn geti samt sem áður smitast af HIV-veirunni og að umskurði skuli ekki hampað sem öryggisneti gegn henni, eða að hann komi í stað varkárni og smokka. **- kóþ**



**FRÁ UMSKURÐI** Aðgerðin þykir afar sársaukafull og hefjast formleg manndómsár margra karlmanna með henni.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Stöðvaður á Hellisheiði:

## Hafði hass í bílnum sínum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn í Selfossumdæmi tóku eftir bifreið á leið austur yfir Hellisheiði að næturlagi í vikunni. Akstursmáti var með þeim hætti að rétt þótti að stöðva ökumanninn. Vaknaði þá grunur lögreglumanna um að hann væri undir áhrifum fíkniefna.

Auk mannsins voru í bílnum tveir farþegar, karl og kona, og við leit í bifreiðinni fundust rúmlega fimmtíu grömm af hassi. Fólkið var handtekið og blóðsýni tekið úr ökumanni til að fá úr því skorið hvort hann væri undir áhrifum fíkniefna. Eftir yfirheyrslu viðurkenndi fólkið að eiga fíkniefnin. **- sgj**

Stöð 2 og erlendar stöðvar:

## Áskrift hækkar

**FJÖLMIÐLAR** Áskrift að Stöð 2 og erlendum pökkum hækkar um 8 prósent og áskrift að Sýn um 12 prósent fyrir M12 áskrifendur en 13 prósent í almennri áskrift.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá 365 og segir þar að verðhækkanirnar séu tilkomnar vegna hækkunar á vísitölu neysluverðs og aukins kostnaðar við innkaup á erlendu efni sökum veikrar stöðu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Ari Edwald, forstjóri 365, segir hækkanirnar vera innan marka verðlagsþróunar og ekki til jafns við raunhækkun á þjónustunni. **- áp**

### DANMÖRK

**Maður dó á hjóli** Tuttugu og tveggja ára karlmaður lést eftir hafa dottið á stýri reiðhjóls síns á Østerbro í Kaupmannahöfn á laugardag. Hann fékk stýrið í magann og hlaut af því miklar innvortis blæðingar sem á nokkrum mínútum leiddu til dauða hans.

Landspítalinn mun selja skrifstofuhúsnæði við Rauðarárstíg:

# Nýja húsnæðið ekki viðbót

**LANDSPÍTALINN** Nýtt húsnæði Blóðbankans á Snorrabraut 60, sem einnig mun hýsa framkvæmdanefnd um nýtt sjúkrahús, verður ekki hrein viðbót við húsakost Landspítalans, heldur verður 1.200 fermetra skrifstofuhúsnæði spítalans á Rauðarárstíg 31 selt til þess að vinna upp á móti kostnaði. Þetta segir Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingasviðs Landspítalans.

„Þarna er í raun bara um ákveðnar tilfærslur að ræða,“ segir Aðalsteinn. „Eldra húsnæði Blóðbankans verður nýtt til að bæta aðstöðu fyrir rannsóknarstarf sem hefur búið við mjög þröngan kost og síðan verður að athugað hvað annað gæti hugsanlega verið þar. Starfsemin á Rauðarárstígnum flyst þá að mestu í það húsnæði Landspítalans sem verður rýmt þegar við flytjum eitt og annað í gamla Blóðbankahúsið.“

Aðalsteinn segir þó alltaf jákvætt að færa alla starfsemi spítalans nær meginstarfssvæði hans. **- sh**



**HÚSNÆÐI BLÓÐBANKANS VIÐ SNORRABRAUT** Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingasviðs Landspítalans, segir að hús spítalans við Rauðarárstíg 31 verði selt til að standa straum af kostnaði vegna kaupanna á húsinu við Snorrabraut.

Farþegar sitja fastir:

## Hóta að kæra flugfélagið

**NOREGUR** Mörg hundruð farþegar norska flugfélagsins Norwegian hóta nú að kæra flugfélagið því þeir sátu fastir víðs vegar í Evrópu um helgina. Þetta kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.

Vélarbilun kom upp í flugvél sem Norwegian hafði leigt af World Focus Airlines á laugardag, sem varð til þess að félaginu tókst ekki að koma farþegum heim frá Prag í Tékklandi og Split í Króatíu, og öðrum frá Noregi til Króatíu.

Farþegarnir voru afar ósáttir með ástand mála, sérstaklega þar sem þeir segja Norwegian hafa gefið afar litlar upplýsingar varðandi lausn á vandamálinu. Norwegian leigði aðra vél á sunnudagskvöld og hóf að flytja farþegana til áfangastaða sinna. **- smk**



Egyptaland og Gaza:

## Streyma um landamærin

**EGYPTALAND, AP** Palestínskir vígamenn opnuðu landamærin milli Egyptalands og Gaza-svæðisins á föstudag. Hundruð Palestínumanna streymdu í gegnum landamærin á meðan lögreglan í Egyptalandi og ísraelskir hermenn í þyrlum reyndu að stöðva streymið með varúðarskotum. Sérstaklega höfðu Ísraelsmenn áhyggjur af því að ísraelskum hermanni, sem Palestínumenn tóku í gíslingu fyrir nokkrum vikum, væri smyglað inn í Egyptaland.

Um 600 manns hafa verið strandaglópar við landamærin í nokkrar vikur eða frá því hermaðurinn var tekinn höndum. **- áp**

Ársskýrsla leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna:

# 409 fyrirspurnir vegna bíla

**NEYTENDAMÁL** Alls voru 9.229 erindi skráð hjá leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna árið 2005. Þar af svaraði þjónustan 6.409 fyrirspurnum en annars konar erindi voru 2.820.

Fyrirspurnir eru spurningar neytenda um rétt sinn sem starfsfólk svarar beint án frekari afskipta af málinu. Þurfi neytandi á aðstoð að halda við að ná fram rétti sínum gagnvart seljanda hefur kvörtunarþjónusta samtakanna milligöngu milli neytandans og seljanda vörunnar eða þjónustunnar.

Á árinu bárust flestar fyrirspurnir vegna bifreiða eða yfir 400 fyrirspurnir. Fyrirspurnir vegna inneignarnótna og raftækja voru líka fyrirferðamiklar eða yfir 350 í báðum málaflokkum. Einnig leituðu margir sér ráðgjafar vegna ferðamála, húsgagna og tölva en yfir 300 fyrirspurnir voru skráðar í hverjum flokki.



**BÍLAFLOTI** Flestar fyrirspurnir bárust leiðbeininga- og kvörtunarþjónustunni vegna bifreiða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flest kvörtunarmálin á árinu vörðuðu ferðalög, alls 28 mál. Einnig fjallaði kvörtunarþjónustan um mörg mál sem varða fatnað, raftæki, húsgögn og iðnaðarmenn.

Neytendur eiga kost á að skjóta málum fyrir úrskurðarnefndir og komu langflest mál fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Stærstur hluti þeirra varðar sakarskiptingu í árekstrarmálum. **- sdg**

Tyrkneskur prófessor ákærður:

## Vanvirti tyrknesk gildi

**BANDARÍKIN, AP** Tyrkneskur prófessor við háskólann í Arizona hefur verið ákærður í Tyrklandi fyrir að „vanvirða tyrknesk gildi“ og gæti þurft að sæta fangelsisvist.

Prófessorinn var kærður vegna orða persónu úr nýlegri skáldsögu sinni. Í bókinni segir persónan, sem kemur frá Armeníu, að Tyrkir séu slátrarar. Vísar hún þar til þjóðarmorða Tyrkja á Armenum frá 1915 til 1923.

Evrópusambandið segir bann í Tyrklandi við því að móðga og vanvirða yfirvöld valda Tyrkjum erfiðleikum í baráttu þeirra fyrir inngöngu í ESB. **- sgj**

Rannsókn um hjartveiki:

## Einbúar í tvöfalt meiri hættu

**DANMÖRK** Dönsk rannsókn sýnir fram á að þeir sem búa einir eiga tvöfalt meiri hættu á því að verða hjartveikir. Rannsóknin náði til um 138 þúsund einstaklinga í Árósum.

Einhleypar konur á sjötugsaldri og karlar á sextugsaldri eru í mestri hættu. „Venjur tengdar því að búa einn, til dæmis reykingar og óhollt mataræði, eru aðalvandamálið,“ segir í skýrslunni. Að búa með einhverjum, vera vel menntaður, vinna og að vera fráskilin kona reyndust bestu leiðir til að forðast hjartasjúkdóma. **- sgj**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hjólhýsi fýkur** Snarpur vindur feykti hjólhýsi af vegi á sunnudag í nágrenni við Höfn í Hornafirði. Fjórir voru í bílnum og sluppu þeir allir án teljandi meiðsla.

Kostnaður ríkisins af innanlandsflugi allt að 141 milljón:

# Búist við kostnaðarauka að ári

**SAMGÖNGUR** Ríkið hefur niðurgreitt flugsamgöngur innanlands fyrir 117 til 141 milljónar króna síðustu fjögur ár.

Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar, telur að miðað við útboð Ríkiskaupa á flugleiðum muni upphæðin hækka á næsta ári.

„Verðið á flugvélaeldsneyti er mjög hátt núna og tuttugu prósent af vísitölunni. Það gæti því lækkað,“ segir Kristín og bætir við: „En miðað við þessi tilboð má reikna með meiri kostnaði en hingað til.“ Tilboð flugfélaganna í leiðirnar og svæðin fjögur sem í boði eru verða metin næstu tvo mánuðina.

Niðurgreiðsla ríkisins vegna flugs um Vestfjarðasvæði hækkaði um átján milljónir á þriggja ára tímabili. Árið 2002 nam upphæðin rúmum 26 milljónum, en rúmum 44 milljónum í fyrra. Kostnaður ríkisins af flugi til Hafnar dróst hins vegar saman á sama tíma, úr fjörutíu milljónum í tæpar 28 milljónir. Á Norðursvæði voru greiddar frá tæpum 52 milljónum árið 2002 og fór greiðslan stighækkandi upp í rúmar sextíu milljónir í fyrra.

Kristín segir að breytingar hafi verið gerðar vegna útboðsins fyrir næsta ár. Þá verði hver flugleið niðurgreidd, utan flugleiðanna fyrir vestan. **- gag**

**ÁÆTLUNARFLUG**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Vestfjarðasvæði** | 26,3 | 39,3 | 41,1 | 44,3 |
| **Sauðárkrókur:** | - | - | - | 6,2 |
| **Norðursvæði:** | 51,6 | 52,5 | 55,9 | 60,4 |
| **Höfn:** | 40,0 | 23,2 | 23,4 | 27,6 |
| **Sameiginlegt:** | 0,2 | 1,5 | 0,1 | 2,6 |
| **Samtals:** | 118,0 | 116,5 | 120,5 | 141,1 |



**INNANLANDSFLUGIÐ** Ríkið greiðir brot af innanlandsfluginu.

VERÐTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

4,0% raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu

| Raunvextir | Verðbólga | Nafnvextir |
|---|---|---|
| 4,0% | 8,0% | 12,3% |
| 4,0% | 9,0% | 13,3% |
| 4,0% | 10,0% | 14,4% |
| 4,0% | 11,0% | 15,4% |

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 8,4%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.
Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér úrval góðra sparnaðarleiða í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.
Hægt er að stofna sparireikninga í KB Netbanka.

KB BANKI

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 8,4%. Vextir miðast við vaxtatöflu frá 11. júlí 2006. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

## „ORÐRÉTT“

### Mögulegur áhugi

**„Þetta er áhugavert efni og hugsanlega munum við sýna því áhuga.“**

MAGNÚS RAGNARSSON, SJÓNVARPSSTJÓRI SKJÁS EINS, ÆTLAR KANNSKI AÐ SÆKJAST EFTIR SÝNINGARRÉTTINUM Á EVRÓPUKEPPNINNI Í KNATTSPYRNU ÁRIÐ 2008. FRÉTTABLAÐIÐ, 16. JÚLÍ.

### Biðlað til glæpona

**„Efnið skiptir mestu máli og ég yrði þjófunum óendanlega þakklátur ef þeir sýndu þann manndóm að skila því á tölvupósti til mín.“**

ÞORGRÍMUR GESTSSON RITHÖFUNDUR ER TILBÚINN AÐ MÆRA ÞJÓFA EF ÞEIR SKILA HONUM BÓKARHANDRITI. FRÉTTABLAÐIÐ, 17. JÚLÍ.

nær og fjær
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? PÁLL SCHEVING FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍBV OG ÞJÓÐHÁTÍÐARNEFNDAR

## Góð spá þangað til annað gerist

„Það er bara allt gott að frétta, við erum á fullu að undirbúa þjóðhátíð. Við eigum von á fjölda gesta þannig að við reynum að búa svo í haginn að við getum tekið vel á móti fólki og öllum líði vel í Eyjum þessa helgi,“ segir kampakátur Páll Scheving, framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar, og ekki er laust við að greina megi töluverða tilhlökkun í rödd framkvæmdastjórans.

Að sögn Páls er undirbúningurinn hefðbundinn ár hvert og vegna reynslu Eyjamanna af að halda þjóðhátíð gangi hann yfirleitt vel og í ár hafi engin breyting orðið þar á. „Undirbúningur inni í dal hefst um mánaðamótin júní-júlí, þá flytjum við inn eftir sviðin, brú, myllu og vita ásamt eitthvað af brennunni. Svo skreytum við dalinn undir árás hátíðargesta, heimamanna og annarra.“ Páll segir hróður hátíðarinnar hafa borist út fyrir landsteinana og sífellt komi fleiri erlendir gestir á hátíðina. „Það er mikil fjölgun í heimsóknum erlendra gesta á milli ára, þá hefur þjóðhátíð verið valin ein af athyglisverðari útihátíðum af nokkrum veftímaritum,“ segir Páll og hlær. Hann segist eiga von á átta til tíu þúsund gestum, sem sé yfirleitt fjöldinn sem lætur sjá sig ár hvert.



Algjört lykilatriði svo að þjóðhátíð heppnist vel er veðrið að sögn Páls og á það ekki að koma neinum á óvart. „Það spáir alltaf vel þangað til að eitthvað annað gerist,“ segir Páll og hlær dátt.

Næstu daga fer lokaundirbúningurinn í gang að sögn Páls. „Við höfum verið að ganga frá gæslunni hjá okkur og teljum að við séum búnir að ljúka þeirri vinnu mjög myndarlega. Það verða á annað hundrað gæslumenn hjá okkur og svo verður hundrað manna viðbragðssveit sem er tilbúin ef það gerir ofsaveður eða náttúruhamfarir eða ef hryðjuverkamenn hertaka dalinn,“ segir Páll og hlær.

Páll segir að mikið spennufall geri vart við sig að þjóðhátíðinni lokinni. Þá falli allt skyndilega í dúnalogn og menn slaki á eftir átökin, undirbúninginn og umstangið. „Það byggist alltaf upp mikil spenna hjá manni fyrir hátíðina og svo kemur hátíðin, svo þegar hún er búin er eins og það sé slökkt á öllu og maður verður ansi tómur eftir það og er nokkra daga að jafna sig,“ segir Páll. Hann segist ætla í frí í sólina eftir hátíðina til að slaka á. „Maður tekur ekki sumarfrí fyrr en þjóðhátíð er búin.“

## SJÓNARHÓLL

FYLGNI MILLI VEÐURS Á ÍSLANDI OG SÖLU Á UTANLANDSFERÐUM

### Veðrið hefur áhrif á söluna



„Þegar langvarandi tímabil af slæmu veðri koma verður maður var við töluverða aukningu í sölu á utanlandsferðum,“ segir Þorvaldur Sverrisson, markaðsstjóri ferðaskrifstofunnar Úrvals útsýnar. Hann segir að þá vilji fólk létta sér lund og velji þá einna helst ferðir til sólríkra landa. Spurður hver sé vinsælasti áfangastaðurinn þetta sumarið segir hann að Tyrkland sé að koma mjög sterkt inn. „Þetta er spennandi land og aðsóknin hefur verið mjög mikil þangað í sumar.“



**BISKUP OG RÁÐHERRAR MEÐ RITVERKIÐ** Gunnar Kristjánsson afhenti Birni Bjarnasyni kirkjumálaráðherra, Geir Haarde forsætisráðherra og Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, eintak af ritinu Saga biskupsstólanna tveggja í Þjóðmenningarhúsinu í gær en sú saga spannar 950 ár.

# Biskupar í stórræðum fyrr og nú

**Biskupar fyrri tíma voru margir framsýnir athafnamenn enda líktust biskupsstólarnir nútíma stórfyrirtækjum að umfangi og viðfangsefnum og færa má rök fyrir því að Hólabiskupsstóll hafi verið fyrsta íslenska útrásarfyrirtækið. Þetta kom fram í spjalli sem blaðamaður átti við Björn Bjarnason kirkjumálaráðherra, Jón Aðalstein Baldvinsson Hólabiskup og Gunnar Kristjánsson, aðalritstjóra verksins Saga biskupsstólanna sem nú var að koma út.**

Hátíðleg stemning var í Þjóðmenningarhúsinu þegar Gunnar Kristjánsson, aðalritstjóri verksins, afhenti Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, Geir Haarde forsætisráðherra og Birni Bjarnasyni kirkjumálaráðherra eintök af ritinu.

Biskupsstóll var fyrst settur í Skálholti árið 1056 en svo á Hólum fimmtíu árum síðar. Þessi saga spannar því 950 ár og er hún mun umfangsmeiri en margir kynnu að halda. „Biskupsstólarnir líkjast á margan hátt stórfyrirtækjum síðari tíma að umfangi og viðfangsefnum en einnig að miklu leyti stofnunum hins opinbera þar sem arður rennur til samfélagsins og til að jafna lífskjörin,“ sagði Gunnar. „Þetta var gríðarlega mikill rekstur, stólarnir áttu stóran hluta jarðeigna landsins og voru þar af leiðandi mikill vinnuveitandi og margir áttu allt sitt undir velferð þeirra. Þeir stunduðu einnig útgerð í stórum stíl og voru svo náttúrlega með skóla og menntun af ýmsu tagi.“



**KÁTIR BISKUPAR** Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands og Jón Aðalsteinn Baldvinsson Hólabiskup voru að vonum ánægðir með verkið. Hólabiskup segir að færa megi rök fyrir því að Hólabiskupsstóll hafi verið fyrsta íslenska útrásarfyrirtækið enda er hann stoltur af embættinu og fjölmörgum fyrirrennurum sínum.

Biskuparnir voru margir hverjir stórhuga og óragir við að nýta sér nýjustu tækni og þekkingu í þágu lands og lýðs. Jón Arason biskup er til dæmis Birni Bjarnasyni ofarlega í huga fyrir þær sakir. „Það er alveg ótrúlegt að rifja upp hvað Jón Arason var fljótur að tileinka sér prenttæknina,“ segir hann fullur aðdáunar. „Það var ekki liðin nema ein öld frá því hún kom til sögunnar þegar hann var búinn að koma upp prentsmiðju á Hólum. Þetta sýnir hvað við erum fljót að tileinka okkur tæknina. Nútíma Íslendingurinn var heldur ekki lengi að tileinka sér internetið líkt og Jón Arason var með prentið,“ segir hann og hlær við.

Jón Aðalsteinn Baldvinsson Hólabiskup tekur í sama streng. „Mér þykir mikið til margra fyrirrennara minna koma,“ segir hann og brosir við. „Til dæmis vann Jón Ögmundarson algjört þrekvirki þegar hann stofnaði biskupsstólinn á Hólum og skólastofnunina þar. Þetta var annar háskólinn á Norðurlöndum sem stofnaður var og þetta var gert aðeins átján árum eftir að fyrsti háskólinn sem talað var um í Evrópu var stofnaður í Bologna á Ítalíu. Hann sparaði hvorki fyrirhöfn né peninga til við að fá bestu lærdómsmenn sem hann gat fundið fyrir skólann. Hann sótti þá til útlanda. Þetta lít ég á sem algjört þrekvirki.“ Og hann er einnig stoltur af biskupsstólnum á Hólum. „Það má færa rök fyrir því að hann hafi verið fyrsta útrásarfyrirtækið því hann átti haffært skip sem sigldi títt til Noregs þar sem hann átti skóglendi og flutti inn við,“ segir Hólabiskup stoltur.

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands var að vonum ánægður með ritið. „Á þessum tímamótum þegar Skálholtsbiskupsstóll á 950 ára afmæli og Skálholtsbiskupsstóll 900 ára er gott að taka það saman í einni bók hvað við eigum þessum stofnunum að þakka,“ segir hann. „Þessi saga varpar einnig ljósi á sögu þjóðarinnar, ekki aðeins sögu kirkju og trúar.“

Það fer vel á því að Bókaútgáfan Hólar gefi bókina út, en hún er 862 blaðsíður. Ritstjóri og framkvæmdastjóri verksins er Óskar Guðmundsson en fjölmargir höfundar skrifa um sérfræðileg efni í bókinni. **jse@frettabladid.is**









veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Verið velkomin í Veiðihornið

## Frábærir tilboðspakkar

## Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið



**Simms Guide vöðlupakki.**
Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 4.250 á mánuði.**





**Simms Freestone vöðlupakki.**
Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.852 á mánuði.**





**Scierra Blackwater vöðlupakki.**
Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Níðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Scierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 3.628 á mánuði.**





**Scierra MBQ vöðlupakki.**
Scierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Scierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.246 á mánuði.**







**Aðeins 2.013 á mánuði.**

**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**





**Aðeins 2.168 á mánuði.**

**DAM vöðlupakki.**
DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**
**Já, líka á sunnudögum.**
**Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is**



## Svona erum við

> Neysla á hrossakjöti á hvern íbúa




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** LOVE PARADE

# *Tónlist, dans og ást á götum úti*

Love Parade, eða Ástargangan, er vinsæl hátíð sem hófst í Berlín árið 1989 og hefur dreifst um allan heim. Ástargangan hefur meðal annars farið fram í Tel Avív, Mexíkóborg, Acapulco, Vín, Höfðaborg, San Francisco og Santiago.

**Hvenær byrjaði Ástargangan?**
Fyrsta Ástargangan var farin fjórum mánuðum fyrir fall Berlínarmúrsins. Hún var pólitísks eðlis og hvatti til friðar og skilnings meðal þjóða. Hátíðin hefur ætíð verið mjög vel sótt og um milljón manns sóttu hana að staðaldri, en hún féll niður árin 2004 og 2005 vegna fjárhagsörðugleika. Tónlistin sem leikin var í göngunni var aðallega trans, „house“, reif- eða teknótónlist en tilraunir til að spila annars konar tónlist höfðu mistekist.

**Hvernig fer gangan fram?**
Stórir pallbílar keyra um göturnar og á hverjum þeirra er plötusnúður sem þeytir skífum. Oftast eru dansarar með plötusnúðunum, en tónlistin er spiluð svo hátt að annað eins þekkist ekki. Þátttakendur göngunnar eru oft skrautlegir og fáklæddir og sýna mikinn frumleika í klæðavali. Notkun eiturlyfja er talsverð, en lögregla hefur lítil afskipti þurft að hafa af göngunni í allri sögu hennar og glæpir hafa verið fáir.

**Hvernig gekk hátíðin í ár?**
Endurreisn Ástargöngunnar gekk með ágætum. Talið er að um 1,2 milljónir manna hafi tekið þátt og allt fór vel fram. Titill hátíðarinnar þetta árið var „ástin snýr aftur“ og ekki er talið ólíklegt að hún verði haldin aftur að ári.



## SPURT OG SVARAÐ

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ



FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON

ARNÓR BENÓNÝSSON FORMAÐUR HSÞ

### *Leiðin liggur að Laugum*

Um verslunarmannahelgina verður Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Laugum í Þingeyjarsveit. Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum.

**Hvernig gengur undirbúningur fyrir mótið?**
Undirbúningurinn gengur vel. Allir verkþættir eru á áætlun, nema að Ítalirnir sem leggja gervigras á keppnisvöllinn töfðust aðeins vegna fagnaðarláta í heimalandi sínu.

**Hvað áttu von á mörgum?**
Ég á von á milli átta og tíu þúsund manns, en eins og alltaf fer það eftir veðri, sem verður auðvitað gott hér. Ég hvet fólk til að mæta. Leiðin liggur að Laugum.




# Friðargæsluliðar til Líbanon

**Átökin í Líbanon fara harðnandi og hafa nú Sameinuðu þjóðirnar og Bretar farið fram á að alþjóðlegir friðargæsluliðar verði sendir þangað.**

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, lögðu til í gær að alþjóðlegir friðargæsluliðar yrðu sendir til Líbanon. Friðargæsluliðarnir gætu „stöðvað sprengjuárásirnar sem falla á Ísrael og það gæti þá gefið Ísrael ástæðu til að hætta árásum sínum á Hizbollah,“ sagði Blair í samtali við fréttamenn í gær.

**Harðar árásir**
Tillagan var lögð fram í gær, á sjötta degi árásar Ísraela á Líbanon, sem liðsmenn Hizbollah hafa svarað með árásum á Ísrael.

Fara átökin þar sífellt harðnandi á báða bóga, en hátt á annað hundrað Líbana hafa farist í átökunum, flestir óbreyttir borgarar og þar af fjölmörg börn. Jafnframt fórust sjö kanadískir ríkisborgarar af líbönskum uppruna í sumarleyfi á sunnudag.

Á sama tíma hafa 24 Ísrelar týnt lífi, þar af 12 hermenn.

Þá eru ótaldir þeir tugir sem hafa særst í átökunum, fleiri Líbanar en Ísraelar.

**Fólk flýr land**
Erlend stjórnvöld vinna nú hörðum höndum að því að koma landsmönnum sínum heim. Vitað var um 11 Íslendinga í Líbanon þegar átökin hófust, en nú hefur stjórnvöldum tekist að fá tíu þeirra flutta til Sýrlands og einn komst af sjálfsdáðum yfir landamærin. Áætlað var þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi að þeir myndu allir fljúga til Kaupmannahafnar með vél sem íslensk stjórnvöld útveguðu til handa Norðurlandabúum snemma í morgun.

Líbanar flýja jafnframt sjálfir land nú, en landleiðin er afar ótrygg vegna árása Ísraela á vegakerfi landsins.

**Friðargæsluliðar**
Tvö þúsund friðargæsluliðar hafa haft eftirlit með landamærum Líbanons og Ísraels síðan árið 1978, en þeir hafa ekki vald til að knýja fram frið.

Annan lagði til að ásamt alþjóðlegu friðargæsluliðunum kæmi tilboð sem krefðist þess að báðir aðilar myndu sleppa föngum og að bæði Hizbollah og Ísraelsher myndu hætta árásum sínum.

Ekki er þó ljóst hvaða lönd myndu standa að alþjóðlegu friðargæsluveitinni, en bæði aðildarlönd Evrópusambandins og Rússland taka vel í hugmyndina.

**Áætlun Ísraela**
Ísraelsk stjórnvöld hafa sagst taka fegins hendi allri alþjóðlegri aðstoð sem miðar að því að afvopna Hizbollah-hreyfinguna, en hafa verið afar stíf varðandi vopnahlé og hafa haldið því opinberlega fram að átökunum muni ekki linna fyrr en búið verði að gjöreyða Hizbollah-samtökunum. Þó sagði Ehud Olmert forsætisráðherra í gær að herinn myndi hætta árásum sínum þegar hermönnunum tveim yrði skilað, eldflaugaárásum á Ísrael hætt og líbanski herinn staðsettur meðfram landamærunum.

Evrópusambandið og Rússland hafa sakað Ísraela um að bregðast við handsömun hermannanna tveggja með óhóflegum krafti og hvatt þá til að hlífa óbreyttum borgurum.

**Hver eru Hizbollah?**
Hizbollah-samtökin, sem eru á skrá Evrópusambandsins, Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri ríkja yfir hryðjuverkasamtök, fara í raun með stjórn í suðurhluta Líbanons og hafa stjórnvöld þar lítil völd yfir samtökunum.

Samtökin voru stofnuð í Líbanon árið 1982 gagngert til að reka ísraelska herinn út úr Líbanon og var því takmarki náð árið 2000.

Þau eru í raun fullgildur stjórnmálaflokkur með veruleg ítök í Líbanon og eiga bæði 23 þingsæti og tvo ráðherra í ríkisstjórn landsins. Einnig standa samtökin fyrir umsvifamiklu velferðarstarfi í Líbanon og reka meðal annars skóla og sjúkrahús.



**FLÚIÐ UNDAN SPRENGJU** Líbanar flýja undan sprengju sem Ísraelar vörpuðu á Tyre í Suður-Líbanon. Yfir 150 Líbanar hafa farist í árásum Ísraelshers á Líbanon, flestir óbreyttir borgarar. Á sama tíma hafa 24 Ísraelar farist í árásum Hizbollah á Ísrael. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁTÖKIN Í LÍBANON » DAG FYRIR DAG

**MIÐVIKUDAGUR 12. JÚLÍ »** Herskáir meðlimir Hizbollah senda eldflaugar yfir landamærin á Shlomi í Ísrael, ráðast svo yfir landamærin og taka tvo ísraelska hermenn höndum og fara fram á fangaskipti. Ísrael neitar og hefur loft- og landárásir á Líbanon. Ísraelar mæta harðri andstöðu og falla átta hermenn í árásinni.

**FIMMTUDAGUR 13. JÚLÍ »** Ísraelar varpa sprengjum á Beirút alla nóttina og um morguninn sprengja þeir eina alþjóðlega flugvöllinn í Líbanon. Flugvellinum er lokað og Ísraelar setja hafnar- og flugbann á Líbanon. Minnst 35 Líbanar farast í árásunum. Evrópusambandið og Rússland segja viðbrögð Ísraela ekki samsvara hættunni sem að þeim steðjar, en Bandaríkin segja Ísraela í fullum rétti til að ráðast gegn Líbanon. Um kvöldið fellur sprengja á Haifa í Ísrael, en meðlimir Hizbollah neita ábyrgð.

**FÖSTUDAGUR 14. JÚLÍ »** Leiðtogi Hizbollah segir stríð hafið við Ísrela eftir að sprengjum er varpað á skrifstofur hans í Beirút. Ísraelar varpa sprengjum á brýr, vegi og orkuver, og frekari sprengjum er varpað á flugvöllinn í Beirút. Yfir 50 óbreyttir líbanskir borgarar hafa nú farist. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna biður Ísraela um að hætta árásunum til að koma í veg fyrir dauða fleiri óbreyttra borgara.

**LAUGARDAGUR 15. JÚLÍ »** Ísraelar halda árásum áfram og sprengja meðal annars Trípólí, aðra stærstu borg Líbanon. Átján óbreyttir Líbanar, sem eru að flýja árásirnar, farast þegar sprengjum er varpað á bíla þeirra. Höfuðstöðvar Hizbollah í Beirút eru sprengdar í loft upp. Meðlimir Hizbollah skjóta sprengjum á Tiberias-borg í Ísrael. Forsætisráðherra Líbanons kallar eftir alþjóðlegri hjálp. Fleiri óbreyttir Líbanar farast.

**SUNNUDAGÐUR 16. JÚLÍ »** Árásir Ísrela verða minnst 23 manns að bana í Suður-Líbanon, sjö Kanadamenn af líbönskum uppruna falla í árásunum. Sprengjur Hizbollah verða átta Ísraelum að bana í Haifa og forsætisráðherra Ísraels segir árásirnar muni hafa alvarlegar afleiðingar. Leiðtogi Hizbollah segir stríðið gegn Ísrael rétt vera að byrja.

**MÁNUDAGUR 17. JÚLÍ »** Ísraelar halda áfram að varpa sprengjum á Suður-Líbanon, sjötta daginn í röð. Þeir færa árásir sínar lengra norður, og verða minnst 17 manns að bana í Trípólí. Tíu óbreyttir borgarar á flótta undan átökunum farast er Ísraelar varpa sprengjum á bíla þeirra, og um tugur líbanskra hermanna fellur einnig við Abdeh. Eldflaug skotið frá Líbanon eyðileggur þriggja hæða hús í Haifa í Ísreal, tveir særðir. Yfir 150 Líbanar hafa nú farist í átökunum, flestir óbreyttir borgarar, og 24 Ísraelar, þar af 12 óbreyttir borgarar.

## Mið-Austurlönd




Heimildir: ESRI, AP

Rauða línan sýnir ferð rútubílanna sem Íslendingarnir komust út úr Líbanon með.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.429 **-1,54%**

**Fjöldi viðskipta:** 201
**Velta:1.245** milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Vinnslustöðin** | +2,44% | **Mosaic** | -2,87% |
| **Flaga** | +1,98% | **Bakkavör** | -2,81% |
| **Atlantic Petr.** | +0,34% | **Landsbankinn** | -2,32% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,70 -1,42% ... Alfesca 4,26 +0,00% ... Atlantic Petroleum 584,00 +0,34% ... Atorka 6,30 -0,47% ... Avion 33,40 -1,77% ... Bakkavör 48,50 -2,81% ... Dagsbrún 5,60 -0,89% ... FL Group 16,70 -1,77% ... ... Glitnir 16,70 -1,77% ... KB banki 730,00 -1,08% ... Landsbankinn 21,10 -2,32% ... Marel 73,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 -2,87% ... Straumur-Burðarás 16,60 -1,78% ... Össur 112,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: nánar á visir.is

# Enn eykst neyslan

Enn eykst einkaneyslan, samkvæmt nýlegum tölum frá Seðlabanka Íslands um notkun greiðslukorta og tékka í júní. Kortanotkun jókst um 4,5 prósent milli maí- og júnímánaða og var aukningin svipuð með debet- og kreditkort.

Heildarvelta vegna kreditkorta var 22,7 milljarðar króna í júní. Þar af voru 18,6 milljarðar vegna notkunar innanlands en 4,1 milljarður vegna notkunar í útlöndum. Aukning á notkun kreditkorta í útlöndum var 10,9 prósent milli ára.

Í Morgunkorni Greiningardeildar Glitnis segir að mjög hafi dregið úr raunaukningu kreditkortanotkunar erlendis. Á seinni hluta síðasta árs og fyrstu mánuðum þessa árs hafi aukningin á milli ára oftast verið á bilinu þrjátíu til fimmtíu prósent. Kunni þetta að vera vísbending um að landsmenn fari sér nú hægar en áður í neyslu í utanlandsferðum sínum.



**KORTANOTKUN JÓKST UM 4,5 PRÓSENT MILLI MÁNAÐA** Einkaneyslan jókst enn í júní en Íslendingar virðast þó farnir að hægja á neyslu í utanlandsferðum.

Í Morgunkorninu segir jafnframt að sterk fylgni sé milli raunþróunar kreditkortaveltu og einkaneyslu. Miðað við forsendur Greiningardeildar og tölur um kreditkortanotkun megi gera ráð fyrir að raunvöxtur einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi hafi verið í kringum tíu prósent frá fyrra ári. **- hhs**

# Glitnir besti íslenski bankinn

Glitnir banki hlaut titilinn „besti banki Íslands“ í nýútkominni árlegri skýrslu fjármálatímaritsins Euromoney. Í umsókninni um Glitni segir að viðskiptamódel bankans stuðli betur að áframhaldandi arðsemi en viðskiptamódel hinna íslensku bankanna gera. Þróun álags á skuldabréfum bankans sé jákvæð í samanburði við aðra íslenska banka, sem gefi til kynna að starfsemi bankans sé vönduð. Segir í skýrslunni að það sé gott merki um styrkleika vörumerkis bankans og góðrar stjórnunar á meðan erfiðleikar steðjuðu að íslenska bankakerfinu á fyrsta fjórðungi ársins 2006.

Lágt hlutfall kostnaðar á móti tekjum, eða 38 prósent, er í skýrslunni talið Glitni til tekna. Einnig vel dreift lánasafn, með um sextíu prósent hagnaðar upprunnin erlendis og aukna áherslu á norska markaðinn, sem þykir hafa hjálpað bankanum við áhættudreifingu.



**SEGJA GLITNI BESTAN** Í nýútkominni skýrslu fjármálatímaritsins Euromoney fær Glitnir titilinn „besti banki Íslands“.

Höfundar skýrslunnar taka fram að hugsanlega sé það veikleiki hversu háður bankinn sé heildsölufjármögnun. Það sé hann þó ekki að eins miklu leyti og KB banki. Glitnir hefði jafnframt brugðist skjótt við í upphafi árs og fundið nýjar leiðir til fjármögnunar, meðal annars á kanadískum og áströlskum mörkuðum.

Glitnir kom líka vel út úr nýlegri skuldabréfagreiningu fjármálafyrirtækisins Morgan Stanley. Telur bankinn álag á skuldabréf íslensku bankanna í heild of hátt. Skuldabréf viðskiptabankanna íslensku telur hann nokkuð ódýr og spáir lækkandi álagi á þau. Sérstaklega telur bankinn skuldabréf Glitnis lágt verðlögð og segir kauptækifæri í þeim. **- hhs**

# MP fær aðild að Eystrasaltinu

MP Fjárfestingarbanki verður fyrsta íslenska fjármálafyrirtækið með aðild að kauphöllunum í Tallinn í Eistlandi, Ríga í Lettlandi og Vilníus í Litháen. Stjórnir kauphallanna hafa samþykkt aðild bankans, sem verður þar með tólfta fjármálafyrirtækið með aðild að öllum mörkuðum Eystrasaltsríkjanna.

Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka, segir bankann hafa verið virkan á mörkuðum í Austur-Evrópu undanfarin ár. Aðildin að kauphöllum Eystrasaltsríkjanna sé liður í að styrkja hann enn frekar í sessi þar. „Við finnum fyrir miklum áhuga á þessu svæði enda liggja þar stór tækifæri. Með þessu erum við fyrst og fremst að aðstoða viðskiptavini okkar við að komast inn á þessa markaði. Við erum með fjóra starfsmenn úti í Litháen sem fylgjast með og greina markaðinn, svo að við erum vel í stakk búin til að veita ráðleggingar um góðar fjárfestingar.“ Eystrasaltslöndin eru öll nýgengin í Evrópusambandið og er viðbúið að lífskjör fari batnandi á næstu árum samhliða því. Segir Styrmir að við slíkar aðstæður hækki markaðir oft hratt, sem skapi möguleika á góðum hagnaði fyrir fjárfesta.

MP Fjárfestingarbanki sinnir eignastýringu fyrir ólíka hópa fjárfesta, annast miðlun verðbréfa á innlendum og erlendum mörkuðum og fæst við margvísleg verkefni sem tengjast þjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja, sveitarfélaga og fagfjárfesta. **- hhs**


**FRÁ RÍGA** MP Fjárfestingarbanki fær aðild að kauphöllunum í Tallinn í Eistlandi, Ríga í Lettlandi og Vilníus í Litháen.



# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Þegar allt bendir til þess að fleiri þurfi að nýta sér almenningssamgöngur er þjónustan skert.

## Strætó á villigötum

Á tímum methækkana á eldsneytisverði, bílalána sem þenjast út vegna verðbólgu og almenns samdráttar eru þau heldur öfugsnúin tíðindin sem berast af almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að rekstur einkabílsins er farinn að taka til sín stærri skerf af heimilisútgjöldunum en margir gerðu ráð fyrir í upphafi árs. Við þær kringumstæður mætti ætla að forsvarsmenn almenningssamgangna hugsuðu sér gott til glóðarinnar að laða til sín fleiri viðskiptavini á næstu mánuðum.

Sú er þó hreint ekki raunin hjá forráðamenn Strætó bs, sem heldur úti almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti boðar Strætó skerðingu á þjónustu sinni þar sem sveitarfélögin sjö sem eiga fyrirtækið eru ekki tilbúin að leggja fram það fé sem er nauðsynlegt til rekstrarins.

Framkvæmdastjóri Strætó, Ásgeir Eríksson, segir ástæðurnar fyrir slæmri afkomu fyrirtækisins meðal annars þær sömu og eru nefndar í upphafi þessa pistils, en þó fyrst og fremst fækkun farþega.

Það er kaldhæðnislegt að þegar stjórn Strætó sendi frá sér yfirlýsingu um niðurskurðinn síðastliðinn föstudag var nákvæmlega eitt ár liðið frá því að nýtt leiðakerfi var kynnt með þeim orðum að markmið þess væri að „efla almenningssamgöngur þannig að þær verði raunhæfur valkostur og fleiri taki strætó“, svo vitnað sé í yfirlýsingu fyrirtæksins frá 14. júlí 2005.

*Reykvíkingar eiga sjötíu prósent í Strætó og fer fulltrúi þeirra í stjórn fyrirtækisins með sama hlutfall atkvæða í umboði borgarstjórnar. Þar situr Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.*

Á þeim tíma hefur markmiðið um fjölgun farþega ekki náðst heldur hefur þeim fækkað. Fækkunin er hins vegar einungis 1,4 prósent fyrstu sex mánuði þessa árs, sé miðað við sama tíma í fyrra, og í viðtali við Fréttablaðið í dag bendir framkvæmdastjórinn á að farþegum hafi sjálfsagt aldrei fækkað hægar milli ára. Það gefur aftur vísbendingu um að Strætó hafi verið á réttri leið með breytingarnar á leiðakerfinu á síðasta ári og frekar hefði verið ástæða til að gefa í, auka og bæta þjónustuna, en að slá af og skera niður.

Um það bil þrjátíu þúsund farþegar ferðast að meðaltali með strætisvögnum hvern dag og þeir horfa nú fram á að ferðatíðni á stofnleiðum verði skorin niður um helming næsta vetur, auk þess sem ein af stofnleiðunum sex hefur þegar verið slegin af.

Þetta eru kaldar kveðjur til farþega og í hrópandi mótsögn við fyrirheit sjálfstæðismanna í Reykjavík í aðdraganda kosninganna í vor um að efla veg almenningssamgangna.

Reykvíkingar eiga sjötíu prósent í Strætó og fer fulltrúi þeirra í stjórn fyrirtækisins með sama hlutfall atkvæða í umboði borgarstjórnar. Þar situr Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Hún vill stjórnsýsluúttekt á Strætó en betur má ef duga skal. Þorbjörg Helga og félagar hennar í meirihlutanum hafa valdið og tækifærin til að láta verkin tala. Borgarbúar eiga kröfu á annarri lausn en skerðingu á þjónustu Strætó.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvað gerir Halldór?**
Það er vinsæl tómstundaiðja þessar vikurnar að spá fyrir um hvað Halldór Ásgrímsson tekur sér fyrir hendur nú þegar hann er að hætta afskiptum af stjórnmálum. Seðlabankastjóri, sendiherra í Kína og ríkisskattstjóri eru embætti sem nefnd hafa verið til sögunnar og einnig að hann verði fulltrúi Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna - ef og þegar það gengur eftir. Eftir því sem næst verður komist hefur Halldóri enn sem komið er verið boðið eitt starf, það er að gæta barnabarns.



**Það eru jú fordæmi**
Það þarf auðvitað ekki að koma á óvart að menn velti fyrir sér hvaða opinbera embætti Halldór tekur við, enda regla frekar en undantekning að formenn stjórnmálaflokka hverfi til slíkra starfa eftir að stjórnmálaferlinum lýkur. Steingrímur Hermannsson, Davíð Oddsson, Þorsteinn Pálsson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson og Albert Guðmundsson eru dæmi um það.

**Og ekki bara formenn**
Menn þurfa svo sem ekki að verða formenn í stjórnmálaflokki til að eiga möguleika á ágætum störfum hjá hinu opinbera þegar pólitíkin heillar ekki lengur. Um það vitna til dæmis Guðmundur Bjarnason, Finnur Ingólfsson, Tómas Árnason, Jón Sigurðsson, Eiður Guðnason, Tómas Ingi Olrich, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Ólafur Örn Haraldsson, Vilhjálmur Egilsson, Karl Steinar Guðnason, Friðrik Sophusson, Sigurður Bjarnason og Lárus Jónsson. (Hvar eru konurnar?)



bjorn@frettabladid.is

## Þekkirðu ekki einhvern - úti á landi?

Í DAG
UM SKORT Á HJÚKRUNARPLÁSSI



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Úrlausn gamallar konu sem er fædd og uppalin í Reykjavík er að senda hana úr bænum, þaðan sem hún hefur búið alla sína tíð, eitthvað út á land þar sem hún á kannski einhvern ættingja sem gæti litið til hennar við og við og einkadóttirin gæti skotist um helgar að spjalla við hana.*

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor töluðu frambjóðendur talsvert um aðbúnað aldraðra og lofuðu ýmsu fögru til úrbóta í þeim efnum. Sá málflutningur var eiginlega hálfgert svindl. Eða kannski bara algjört svindl, vegna þess að sveitarstjórnarfólk ræður mest litið um hvernig að þessum aldurshópi er búið, af því að fjárveitingavaldið til þessa málaflokks er ríkisins en ekki sveitarfélaga.

Afskaplega óintressant eins og verkaskipting ríkis- og sveitarfélaga hljómar þá er þetta málefni sem skiptir miklu máli. Sumir eru þeirrar skoðunar að þjónusta við fólkið eigi að vera sem mest á hendi sveitarfélaganna vegna þess að nálægð þeirra sem stjórna og fólksins sé meiri í sveitarstjórnum en í landsstjórninni. Það getur vissulega verið nokkuð til í því en það er fleira sem skiptir máli í þessum efnum. Sveitarfélög landsins eru mjög misjafnlega sett fjárhagslega, eða á mannamáli: misjafnlega rík. Sum sveitarfélög eru alveg sæmilega rík en önnur blönk, ef ekki næstum því fátæk. Heilbrigðismálaráðherrann sagði réttilega í viðtali unni sem leið að það væri flókið mál að færa ábyrgð á málaflokknum á milli stjórnsýslustiga því gæta þyrfti að því að fjármunir fylgdu með.

Eins og nú háttar er ábyrgð á þjónustu við aldraða í stórum dráttum þannig fyrir komið að félagsþjónusta er á hendi sveitarstjórna en heilbrigðisþjónusta er á hendi ríkisins. Áður en hægt er að veita gömlu, lasburða og veiku fólki þjónustu þarf að koma upp húsnæði til að veita hana í, það þarf sem sagt að byggja hjúkrunarheimili. Í einhverjum af þeim lögum sem fjalla um þessi efni stendur að ef ríki og sveitarfélög byggi hjúkrunarheimili saman þá skuli sveitarfélagið borga minnst 15 % í stofnkostnaðinum. Sveitarfélag getur þannig að því er virðist reynt að leggja sitt af mörkum með því að borga stærri hluta stofnkostnaðar en lögboðið er, og ég held ég muni rétt að einhver hafi komið með tillögu um að Reykjavíkurborg borgaði 30 % af byggingu nýs hjúkrunarheimilis í höfuðborginni.

Ekki hefur þetta þó dugað til að dregið sé úr þeirri hneisu sem skortur á hjúkrunarplássi í höfuðborginni er. Það er nefnilega svo að okkur öllum getur sú stund runnið upp að fólk þarf að fá þjónustu sem einungis er hægt að veita á hjúkrunarheimilum. Þjónustu sem ekki verður veitt í heimahúsum jafnvel þó allir séu að vilja gerðir til að svo sé.

Um daginn hitti ég gamla samstarfskonu og spurði frétta svona eins og fólk gerir á förnum vegi. Hún sagði allt gott af sjálfri sér, þó væri hún svolítið þreytt sagði hún. Því þetta er búið að vera svolítið strembið, bætti hún við, „hún mamma er svo léleg síðan hún fékk flensuna í vetur“. Mamma sem fékk flensuna í vetur er 95 ára. Dótturinni er boðin heimahjúkrun fyrir móðurina. Einhver getur hjálpað til við að sortéra töflurnar fyrir gömlu konuna og hjálpað henni að baða sig.

Vandamálið, sem ekki er vandamál heldur úrlausnarefni, er hins vegar ekki töflurnar eða baðið heldur næturnar og dagarnir sem gamla konan þarf nánast gæslu og hjálp við allt sem hún gerir. „Þekkirðu ekki einhvern úti á landi“, var spurt þegar dóttirin útskýrði að móðir hennar þyrfti þjónustu allan sólarhringinn.

Auðveldara mun vera að fá hjúkrunarpláss á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Nú er sem sagt ekki lengur nóg að þekkja einhvern, heldur þarf hann að vera úti á landi ! Úrlausn gamallar konu sem er fædd og uppalin í Reykjavík er að senda hana úr bænum, þaðan sem hún hefur búið alla sína tíð, eitthvað út á land þar sem hún á kannski einhvern ættingja sem gæti litið til hennar við og við og einkadóttirin gæti skotist um helgar að spjalla við hana.

Nóg er komið að umræðum um skort á hjúkrunarplássi og vangaveltum um hvort málaflokkurinn sé betur kominn í höndum ríkis eða sveitarfélaga. Aðgerða og athafna er þörf, eins og þeir gætu sagt sem hafa sagt mávunum stríð á hendur. Þetta er ekki vandamál, heldur mál sem þarfnast úrlaunar, það er eðlilegur gangur lífsins þegar fólk lifir svo lengi sem raun ber vitni þá breytast þarfirnar. Þær þarfir þarf að uppfylla rétt eins og þeirra sem yngri eru.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.





MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871







# allt



## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Kvöldganga** verður farin í Elliðaárdalnum í kvöld á vegum Geðhjálpar. Garðyrkjufræðingur verður með í för og kynnir hann flóruna sem þrífst í dalnum. Lagt verður af stað klukkan sjö frá húsi Geðhjálpar að Túngötu 7 og að lokinni göngu verður drukkið kaffi undir berum himni. Skráning fer fram hjá Geðhjálp.

**Heimahjúkrun** aldraðra er nú til endurskoðunar hjá heilbrigðisráðuneytinu. Hefja á vinnu við heildarendurskoðun laga um málefni aldraðra. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti nýverið áherslur sínar í öldrunarmálum þar sem meðal annars er gert ráð fyrir stóraukinni heimahjúkrun, fjölgun dagvistarrýma og eflingu öldrunarlækninga.

**Hópeinkaþjálfun** er að hefjast hjá Hreyfingu. Inga Þóra Ingadóttir einkaþjálfari sér um hópeinkaþjálfunina sem hefst í þessari viku. Sjá má á www.hreyfing.is hvaða tímar eru í boði og fer skráning fram í síma 414 4000.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 18. júlí, 199. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.49 | 13.34 | 23.16 |
| Akureyri | 3.06 | 13.19 | 23.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hjörtur segist finna gífurlegan mun á sér eftir að hann fór að æfa líkamsrækt og borða hollari mat. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hafði fordóma gegn líkamsrækt

***Hjörtur Hjartarson, grafískur hönnuður, hvetur sem flesta til að skella sér í líkamsrækt vegna góðra áhrifa á líkama og sál.***

„Ég fer á morgnana klukkan sex og tek léttar lyftingar í bland við brennslu," segir Hjörtur, sem æfir fjórum til fimm sinnum í viku í World Class í Laugum.

Hjörtur fer eftir æfingaáætlun sem hann útbjó sjálfur og gætir þess að skrá hverja æfingu niður, til að festast ekki í sama fari og mæla árangurinn. Hann æfir með félögum sínum og segir það veita sér ótrúlegan stuðning. „Það veitir aukið aðhald að eiga æfingafélaga. Líkurnar á að svíkjast undan minnka, ég tala nú ekki um ef félaginn hringir hafi maður óvart sofið yfir sig. Svo er auðvitað skemmtilegra að vera í góðum félagsskap en að standa einn í þessu," bætir hann við.

Að sögn Hjartar fór hann ekki að æfa reglulega fyrr en hann keypti sér kort í Laugum. Að eigin mati er hann ekki dæmigerð íþróttatýpa, æfði til að mynda ekki íþróttir á yngri árum að neinu ráði þótt hann spilaði körfubolta með félögunum á veturna. „Ég er langt í frá að vera einhver fótboltakappi og hafði ákveðna fordóma gagnvart líkamsræktarfólki áður en ég fór sjálfur að lyfta. Vinur minn plataði mig á æfingu og segja má að ég hafi samstundis heillast af þessum lífsmáta, enda ekkert nema gott um hann að segja. Vilji maður hugsa vel um sig er ekki vit í öðru."

Hjörtur bætir við að það skipti ekki síður máli að hugsa um mataræðið. „Það er algjör synd að standa sig vel í ræktinni og klúðra sínum málum síðan með því að setja einhverja óhollustu í kroppinn á sér. Það er eðlilegt að taka öðru hverju feilspor, en aðalatriðið er að reyna að passa sig. Mér finnst mikilvægt að hefja daginn á góðri æfingu og hollum morgunverði, til dæmis boozt- eða prótíndrykk og rúnstykki með kalkún. Svo drekk ég mikið af vatni og borða töluvert af ávöxtum og grænmeti, fisk tvisvar í viku og kjöt inni á milli, en kjúklingur er í miklu uppáhaldi hjá mér."

Að lokum hvetur Hjörtur sem flesta til að skella sér í ræktina. „Ekki skjóta þessu á frest, heldur farið sem fyrst í góðum félagsskap. Árangurinn lætur ekki á sér standa."

*roald@frettabladid.is*







Superman* iðkar böndin daglega, en hvað með þig?

Nýr DVD diskur með öllum æfingunum fylgir með Rope Yoga æfingatækjum.

Rope Yoga ferðasett kr. 24.900 -

Rope Yoga æfingastöð kr. 69.800 -

* Brandon Routh, hinn nýi Superman, ástundar Rope Yoga til að öðlast styrk og fimi.

ROPE YOGA WORKOUT

allt fyrir kroppinn HREYSTI Skeifunni 19 - S. 568 1717

ropeyoga.is • hreysti.is

**Mikilvægt er að teygja vel á eftir hverja æfingu, ekki eingöngu til að forðast harðsperrur heldur einnig til þess að lengja vöðvana.**

























Sundknattleiksfélag Reykjavíkur æfir af kappi þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Æfa fyrir alþjóðlegt mót

***Sundknattleiksfélag Reykjavíkur var stofnað haustið 2003. George Leite er einn af frumkvöðlum íþróttarinnar hér á landi í seinni tíð og virkur meðlimur sundknattleiksfélagsins.***

Sundknattleikur eða vatnapóló er rúmlega hundrað ára gömul íþrótt sem er upprunnin í Bretlandi. Sundknattleikur var stundaður hér á landi á fyrri hluta síðustu aldar og áttu Íslendingar sundknattleikslið á Ólympíuleikunum 1936.

Síðustu áratugi hefur ekki farið mikið fyrir sundknattleik á Íslandi en með tilkomu Sundknattleiksfélags Reykjavíkur gæti það breyst. „Sundknattleiksfélagið varð til þegar nokkrir sundkappar úr KR og þjálfarinn Ómar Samír ákváðu að setja saman lið,“ segir George. Sundknattleiksliðið hefur æft í Laugum síðustu tvö ár og George segir að núna séu um fjörutíu manns skráðir í félagið. „Þar af eru svona tuttugu sem mæta reglulega.“

Eins og er æfa allir í sundknattleiksfélaginu saman. „Í hópnum er fólk frá átján og upp í sextíu ára. Við erum ekki ennþá komin með unglingaflokk en það er markmiðið hjá okkur að yngja upp og vera með æfingar fyrir tólf ára og eldri.“

George segir að fleiri stelpur vanti í Sundknattleiksfélagið. „Þegar við byrjuðum að æfa í Laugum vorum við með heilt stelpulið. Svo fækkaði stelpunum og núna eru bara svona þrjár, fjórar stelpur sem mæta reglulega á æfingar hjá okkur. Markmiðið er að fá fleiri stelpur og búa aftur til stelpulið svo þær geti æft sig.“

Þessa dagana eru stífar æfingar hjá Sundknattleiksfélaginu þar sem fram undan er stórt mót. „Við erum að fara út til Þýskalands að keppa á alþjóðlegu móti 1. september. Um fjörutíu lið keppa á mótinu og við erum með þrettán manna lið. Liðið verður að æfa í allt sumar svo ég held að við eigum alveg möguleika.“

George segir að þeir sem hafi áhuga á sundknattleik eigi endilega að láta sjá sig á æfingu hjá félaginu. „Öllum er velkomið að koma og prófa.“ *emilia@frettabladid.is*





- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

**Einnig sjampó, hárnæring o.fl.**

**Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana**

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570


# Heilbrigt hár í sólinni

***Það þarf að hugsa sérstaklega vel um hárið á sumrin þegar sundferðir eru tíðari eða legið er á ströndinni í heitum útlöndum.***

Á sumrin er mest hætta á að hárið þorni of mikið eða að salt og klór fari illa með það. Það er gott að vera meðvitaður um þetta ef maður vill að hárið sé fallegt og glansandi yfir sumartímann. Klór í sundlaugum getur til dæmis gert aflitaðar strípur í hári grænar, sérstaklega þegar sólin skín mikið á hárið. Hægt er að nota hreinsandi hársápu reglulega sem kemur í veg fyrir að græni liturinn myndist eða nota sérstakar litahársápur til að laga græna litinn ef forvörnin hefur ekki virkað.

Í sumum sundlaugum er saltvatn í stað klórs. Saltvatn getur þurrkað hárið mjög illa en til að koma í veg fyrir það er gott að setja næringu í hárið áður en farið er í sund eða í sjóinn. Næringin verndar hárið með því að skilja hárið og saltið að, auk þess sem næringin byggir upp í leiðinni. Ef hárið þornar í saltvatninu skal nota próteinríka næringu eftir sundið til að lagfæra yfirborðið á hárunum.



Sund, sjóböð og sól geta farið illa með hárið en til eru nokkur ráð til að verja það.

Hárteygjur geta auðveldlega slitið hárið og þá einkum og sér í lagi ef þær eru blautar. Það er því best að nota tauteygjur sem ekki eru með málmi og ekki vefja teygjunni of fast um hárið. Einnig er gott að bera smá næringu á teygjuna svo auðveldara sé að taka hana úr hárinu. Eftir mikil sundböð og útiveru í sólinni er síðan gott að setja styrkingarefni í hárið sem má skilja eftir í hárinu en það hjálpar til við að laga slitna enda og illa farið hár.

*- ebg*



# Persona.is

PÁLL EINARSSON
PSYCHOTHERAPIST MSC SKRIFAR

## Reiði

Reiði er sú tilfinning sem fólk finnur allt til foráttu og er það ekki heldur að ástæðulausu. Við heyrum í fréttum um hina og þessa ofbeldisglæpina sem framdir eru og er þá reiðin óhamin í aðalhlutverki. Margur fíkillinn á líka erfitt með þessa tilfinningu og notar fíkn sína til að takast á við reiðina. Það er því ekki að ástæðulausu að allar stærri sálmeðferðarstefnur hafi mikið og margt að segja um reiðina.

En er reiðin svo slæm? Þegar fylgst er með ungabörnum þá tökum við eftir því að ein af þeim tilfinningum sem börnin tjá er reiði samhliða gleði, sorg og öðrum tilfinningum. Þannig að það er augljóst að áður en lítil börn fá upplýsingar um hvað er þjóðfélagslega samþykkt þá eiga þau ekki erfitt með að sýna reiði. Þegar lengra líður á uppeldið er ekki óalgengt að heyra foreldra skamma barnið sitt fyrir að vera reitt og er þar með skilaboðunum komið til skila að reiðin sé ekki í lagi. Þá getur stundum verið erfitt fyrir barnið að höndla þessa tilfinningu og gerist það þá oft að barnið fer að bæla reiðina af ótta við að vera skammað eða hafnað.

Reiði sem tilfinning er í raun ekki slæm heldur er það hvernig hún er höndluð og hversu stóran þátt hún spilar í sálarlífinu sem skiptir máli. Tilfinningar eru bara tilfinningar og eru hvorki góðar né slæmar heldur gegna þær allar ákveðnu hlutverki í sálarlífinu. Tilgangur reiðinnar er að hjálpa okkur að setja öðrum mörk og að standa vörð um eigið sjálf. Þeir sem ekki hafa aðgang að sinni eigin reiðinni eiga oft erfitt með að setja öðrum mörk og standa á sínu og er þunglyndi þá oft ekki langt handan við hornið. Það sem skiptir máli er hvernig reiðin er tjáð en þar eru margar útgáfur á.

Til eru þeir sem byrgja reiðina inni og springa síðan reglulega með miklum látum. Það er lítið gaman að verða fyrir því þegar viðkomandi springur þar sem maður fær þá kannski í andlitið margra mánaða skammt af uppsafnaðri reiði. Svo eru það þeir sem eru alltaf reiðir en þar er reiðin notuð eins og vörn gegn viðkvæmni og virkar hún þá eins og hálfgerður skjöldur fyrir viðkomandi. Það getur verið erfitt að vera í kringum svoleiðis einstaklinga því það er ekkert nema pirringur og reiði í gangi en lítið af öðrum tilfinningum. Síðan eru það þeir sem orðið hafa fyrir mikilli höfnun og eða hafa átt erfiða æsku sem burðast með mikla reiði og heift sem eru afleiðingar þeirra sára sem í þeim búa. Þeir eiga það til að missa stjórn á reiðinni og beita þá gjarnan líkamlegu ofbeldi.

Síðan eru þeir sem hafa heilbrigðan aðgang að reiði sinni og tjá hana þegar það á við. Þegar á þá er gengið finna þeir fyrir styrk, koðna ekki niður heldur standa á sínu. Það endurspeglast síðan í heilbrigðu sálarlífi þar sem viðkomandi finnur fyrir sjálfstrausti en heilbrigð reiði er einn af hornsteinum góðs sjálfstrausts.

Allir einstaklingar finna til reiði, hversu heilagir sem þeir eru. Munurinn er einungis hvernig þeir höndla hana. Meira að segja frelsarinn sjálfur reiddist eitt sinn duglega þegar hann kom í helgidóm guðs og sá kaupmenn með vöru sína til sölu þar. Brást hann hinn reiðasti við og velti um borðum kaupmannanna og lét í sér heyra. Kúnstin mikla er að tjá reiðina á réttum stað á réttri stundu við réttan aðila í réttu magni. Það kallar á þroskað sálarlíf og góðan tilfinningaþroska sem við ættum öll að stefna að.



Stofnfrumur hafa verið mikið í umræðunni á síðustu árum.

# Nýr vefur um stofnfrumur

***Nýr vefur um stofnfrumur, www.stofnfrumur.is var opnaður síðastliðinn föstudag.***

Á vefnum verður hægt að fræðast um stofnfrumur og fylgjast með því sem er að gerast á sviði stofnfrumurannsókna hér á landi og erlendis.

Vefurinn á að vera fræðandi fyrir almenning jafnt sem heilbrigðisstarfsfólk og nýtast sem upplýsingamiðill á þessu sviði.

Stofnfrumur hafa verið mikið í umræðunni á síðustu árum og hafa deilur staðið um rannsóknir á fósturstofnfrumum víða um heim. Á síðunni er hægt að lesa um ýmislegt sem tengist stofnfrumum og stofnfrumurannsóknum í stuttu og skýru máli en einnig er að finna ýtarefni þar sem farið er dýpra í hlutina.

# Ríkjandi þekkingarleysi á brjóstakrabbameini

***Ný könnun sýnir fram á að ungar konur vita lítið um hvaða áhrif lífsstíll getur haft á brjóstakrabbamein.***

Samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar hafa ungar konur litla vitneskju um þau áhrif sem lífsstíll þeirra getur haft á brjóstakrabbamein. Hinsvegar gerðu flestar stúlkurnar sér grein fyrir arfgengi sjúkdómsins.

Sýnt hefur verið fram á að líkur á brjóstakrabbameini aukast ef móðir eða náinn ættingi viðkomandi hefur fengið sjúkdóminn, ef stúlkur verða kynþroska ungar, fara seint á breytingarskeiðið og eignast ekki börn. Jafnframt er talið að getnaðarvarnapillan og hormónameðferð eftir tíðahvörf geti aukið áhættuna á brjóstakrabbameini.

Yfir 10 þúsund kvenkyns nemendur í 23 löndum tóku þátt í könnuninni en aðeins fimm prósent þeirra vissu að ofát, ofdrykkja og of lítil hreyfing gætu einnig aukið líkurnar á brjóstakrabbameini.

Helst voru það bandarísku nemendurnir sem vissu um áhrif lífsstíls á brjóstakrabbamein en um tíu prósent þeirra vita að áfengi er áhættuþáttur á meðan aðeins fjögur prósent breskra námsstúlkna sögðust vita af þeim áhættuþætti.

Niðurstöður könnuninnar voru birtar í European Journal of Cancer en þar kom einnig fram að kvenkyns nemar á Íslandi, Írlandi, Grikklandi og Suður-Ameríku væru betur upplýstar en stöllur þeirra í Bretlandi.


Ný könnun á vitneskju ungra kvenna um áhættuþætti brjóstakrabbameins sýna að frekari fræðslu er þörf í baráttunni gegn sjúkdómnum.







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

JÚLÍ Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur kr. 299
Túnfiskbátur
12 tommu bátur kr. 598



...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
Gildir í júlí 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum
SUBWAY

# Sáðfrumur úr stofnfrumum

***Nýlega náðu vísindamenn vissum áfanga í baráttunni gegn ófrjósemi karla með því að einrækta sáðfrumur úr fósturvísum.***

Vísindamönnum í Bretlandi tókst að rækta sáðfrumur úr stofnfrumum sem leiddu til þungunar. Rannsóknin var unnin í Newcastle-háskóla. Stofnfrumur voru teknar úr frumuklasa og ræktaðar á tilraunastofu. Sáðfrumur á frumstigi voru ræktaðar upp í sáðfrumur í fullri stærð.

Tókst vísindamönnunum að sanna með tilraunum á músum að hægt væri að ná fram þungun með slíkum sáðfrumum. Afkvæmi músanna urðu sjö talsins. Sex þeirra lifðu af en þrjú af þeim voru með fæðingargalla enda eru rannsóknir enn á tilraunastigi.

Þetta er í fyrsta skipti sem sýnt er fram á að sáðfrumur sem ræktaðar eru úr stofnfrumum á rannsóknarstofu geti í raun leitt til þungunar. Rannsókn þessi vekur því von um að hægt verði að lækna ófrjósemi karla. Rannsóknir eru þó enn skammt á veg komnar og óljóst hvort ræktun stofnfruma muni reynast ófrjósömum heilladrjúg aðferð eður ei.


Nýjar rannsóknir gefa vonir um að ófrjóir karlar geti átt börn með eðlilegum hætti í framtíðinni.

- jóa

# Umskurður dregur úr alnæmissmiti

***Hægt væri að draga úr HIV-smiti í Afríku með því að umskera drengi, segir í niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem birt var í læknablaðinu PLoS Medicine.***


HIV veiran breiðist hratt út í Afríku

Alþjóðlegt lið vísindamanna studdist við upplýsingar um tíðni HIV-smits og bar saman við hlutfall umskorinna karla í Afríku.

Skýring þess að umskurður geti komið í veg fyrir smit er að fohúðin er þakin frumum sem alnæmisveiran á auðvelt með að sýkja. Auk þess þrífst veiran betur í hlýju og röku umhverfi eins og því sem finnst undir forhúð. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er talið að umskurður geti minnkað líkur á smiti um sextíu prósent.

Frétt er fengin af vef BBC-fréttastofunnar.






# Hollustan í fyrirrúmi

***Borðum meira af ávöxtum og grænmeti!***

Grænmeti og ávextir eru einhver hollasta fæða sem fyrirfinnst. Helst á maður að borða fimm skammta af grænmeti á dag en því miður fer því fjarri að allir fari eftir því. Hér eru nokkur ráð sem gott er að hafa í huga vilji maður auka grænmetis- og ávaxtaneyslu.

1 Gættu þess að borða eitthvað af grænmeti eða ávöxtum með hverri máltíð. Ef ekki er boðið upp á salat með matnum, fáðu þér þá einn ávöxt í eftirrétt.

2 Brytjaðu banana, perur eða aðra ávexti út í morgunkornið þitt.



3 Taktu með þér epli eða appelsínu í vinnuna til að borða á milli mála. Ekki geyma ávöxtinn í töskunni, settu hann upp á borð svo þú munir eftir honum.

4 Ef þú pantar þér samloku, óskaðu þá eftir auka salati og tómatsneiðum.

5 Borðaðu grænmeti sem snakk í staðinn fyrir nammi. Litlar gulrætur og blómkál eru frábært nasl, sem og niðurskornir ávextir eins og epli og appelsínur.

6 Prófaðu þig áfram með salatið. Alls kyns ávextir setja skemmtilegan lit á grænt salat og það er ljúffengt að brytja perur, melónur, jarðarber eða epli út í salatið.

7 Grænmetispizza er hollur og góður kostur. Ef þú bakar pizzu heima notaðu þá sveppi, lauk, papriku, ananas, tómata og spínat sem álegg í staðinn fyrir óhollara hráefni eins og pepperoni og beikon.

## Græðandi áhrif græns tes

NOTAÐ Í ASÍU Í ALDARAÐIR

Grænt te er búið til úr þurrkuðum telaufum. Sumir telja það búa yfir lækningarmætti, þótt mjög skiptar skoðanir séu á virkni þess. Öldum saman hefur það verið notað í Asíu, þar sem talið er að það sé gott meðal gegn astma og kvefi, niðurgangi og höfuðeymslum. Þótt það sé ekki staðfest álíta sumir það enn fremur geta hjálpað í baráttunni gegn krabbameini. Á Vesturlöndum mæla grasalæknar meðal annars með grænu tei gegn háum blóðþrýstingi og tannskemmdum.



# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Stálhúsgögn, bólstraðir stólar, borð með stillanlegum fellifótum 4-10 manna, ferköntuð og hringlaga til sölu. Stóll frá kr.5000, borð frá kr.10000. Uppl.í síma 899 2854.

Til sölu amerískt ársgamalt ljósbrúnt leðursófasett 3+1+1 frá Valhúsgögn. Settið er með extra háu baki. Upplýsingar í síma 567 5442 og 617 6271.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Saumakona.**
Tek að mér að stytta,breyta og sauma föt. Uppl. í s. 846 6406 milli kl 16-18.

## Dýrahald



5 ára Minkahund (tík) vantar gott heimili. Uppl. í s. 868 9858.



Ættbókfærðir og heilsufarskoðaðir Boxer hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar strax. Tilboð óskast. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606, skessa.dyraland.is

3 svartir og hvít flekkóttir kettlingar, 11 vikna fást gefins, mannelskir og kassavanir. Uppl. í s. 824 5464.

12 vikna hvít og svört lítil læða, kassavön og vön börnum, fæst gefins. S. 824 2603.

**Labrador hvolpur**
Er með einn gullfallega svartan Labrador hvolp eftir til sölu. Uppl. í s. 869 6817.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Við bjóðum upp á ódýra og góða sumargistingu 10 mín. frá miðbæ Køben, +45 2515 5651.

## Fyrir veiðimenn













Maðkar til sölu. Uppl. í síma 564 1813 eða 691 1813.




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 herb. íbúð á svæði 105 til lei. 2 mán. trygging og fyrirframgreisla hv. mán. S. 588 4568 & 847 3278.

Til leigu tveggja herb. kjallaraíbúð í raðhúsi efst í Árbæjarhverfi. Leigist á kr. 65.000. Upplýsingar í síma 864 8351.

Snyrtileg 3 herb. íbúð á sv. 111 til leigu frá 15. ágúst. Leiga 90 þús á mán. Uppl. í s. 696 3946 eftir kl. 18.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir húsi/hæð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Lágmark 4 svefnherbergi. Traustar greiðslur. Upplýsingar í síma 893 0912.

## Sumarbústaðir




Höfum til sölu nokkrar sumarhúsalóðir við bakka Ytri Rangá. Þær verða afhentar með vatni, vegagstæði og rafmagni að lóðarmörkum. Uppl. í síma 897 3238 og á ebhus.com

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind, óskar eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.**

Á STÖÐINNI

**Næturvaktir**
Vantar traustan, samviskusaman og duglegan starfsmann í afgreiðslu á næturvaktir. Unnið er 2 dagar aðra vikuna og 5 dagar hina en aldrei fleirri en 3 dagar í einu. Ekki yngri en 20 ára Umsóknareyðublöð á staðnum eða í síma 820 0065 milli kl 17 og 19 Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58 stodin@hn.is

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Ertu að skoða möguleika á vinnumarkaðinum?**
Viljum bæta við fólki í okkar góða starfshóp í heimaþjónustu Háaleitishverfis. Ráðum bæði tímabundið og til frambúðar. Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi. Einnig kvöld- og helgarvinna í boði fyrir fólk sem getur unnið sjálfstætt og vill drýgja tekjurnar utan hefðbundins vinnutíma.
**Endilega hafið samband: Margrét B. Andrésdóttir, s. 568 3110 / 822 3032 margret.bjork.andresdottir@reykjavik.is**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Cafe Bleu.**
Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**




**AMERICAN STYLE í SKIPHOLTI**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktavinnu í sal og á grilli. Ef þú vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað þá ertu komin/n á réttan stað. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 9:00-17:00**

**Bráðvantar Starfsmann**
Trésmið eða laghentur maður vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast í verslanir okkar í Kringlunni og Smáralind. Framtíðarstörf á skemmtilegum vinnustað. Upplýsingar í síma 660 8211.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast í verslanir okkar í Kringlunni og Smáralind. Framtíðarstörf á skemmtilegum vinnustað. Upplýsingar í síma 660 8211.

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra, um er að ræða sumarafleysingar á sendibíl sem er á stöð, nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 896 4002.

Veitingahúsið Hornið vill ráða góðan og reglusaman pizzubakara strax í sumarafleysingar til 15. september. Uppl. í s. 864 0499. Góð laun í boði.

## TIL SÖLU










## TIL SÖLU




## TIL SÖLU



**JK smiðir**
Vantar smið eða laghentan mann. JK smiðir. Sími 695 5219.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Óska eftir öflugum starfsmanni sem verktaka í vinnu við húsaviðhald. Uppl. í s. 892 8647, Ragnar.

Kaffibrennslan Pósthússtræti 9 óskar eftir matreiðslumönnum og starfsfólki í sal. Umsóknir á staðnum og á brennslan@brennslan.is

Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

## Atvinna óskast

18 Verzlunarskólanemi óskar eftir dagvinnu til 20. ágúst Uppl. í síma 848 3050 og traeir@verslo.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Arabískt gullhálsmen tapaðist síðastliðin Föstudag við Þorragötu eða á leið frá norðurbæ í Hfj. til Ásahverfis í Gbr. (gönguleið). Finnandi vinsamlegast hafið samband í 861 5342- Fundarlaun.

## Einkamál

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

43 ára fráskilinn karlmaður með áhuga á ferðalögum og útivist óskar efitr að kynnast konu á aldrinum 30-45 ára. Uppl. í s. 897 8015.

Ef að þú ert einn á sjötugsaldri, fjárhagslega sjálfstæður og hefur áhuga á ferðalögum og fleiru þá vil ég gjarnan kynnast þér. Ég er skapgóð og kát en alltof mikið ein. Vinsamlega sendu mér bréf merktur "kátur félagi" á afgreiðslu Fbl sem fyrst.

Ástríkur karlmaður vill komast í samband við hressa konu sem getur átt lausa morgun- eða eftirmiðdagsstund. Aldur og hjúskaparstaða skiptir ekki máli. 100 % trúnaði heitið. Ef þú hefur áhuga sendu þá bréf til auglýsingadeildar Fbl. Skaftahlíð 24 merkt "Tækifæri".

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

allt
auglýsingasími
550 5880

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

## BYKO reitur, staðgr. 1.138.1.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Hringbraut, Ánanaustum, Sólvallagötu og Framnesvegi.
Tillagan gerir ráð fyrir tvílyftum húsum meðfram Framnesvegi og samfelldri húsalengju meðfram Hringbraut og Ánanaustum sem hækkar upp í átt að Sólvallagötu. Byggingarnar mega vera frá tveimur upp í fimm hæða, hæst í norðausturhorni lóðarinnar Sólvallagötu 79 (BYKO lóðin), þar má byggja íbúðabyggð með inngarði allt að 50 íbúðir og flestum bílastæðum í bílageymslum neðanjarðar. Aðkoma bíla og aðalaðkoma verður frá Sólvallagötu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Birkimelur, blómatorgið.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Háskólasvæðis vestan Suðurgötu.
Breytingin felst í því m.a. að deiliskipulagssvæðið (Háskóli Íslands vestan Suðurgötu) er stækkað til norðurs og ný þjónustulóð, E, afmörkuð á hluta þess svæðis þar sem nú er bygging Blómatorgsins við Birkimel. Lóðin sem er á horni Birkimels og Hringbrautar er ætluð fyrir ýmiss konar þjónustustarfsemi sem ekki er bílsækin. Byggingu þar er afmarkaður byggingarreitur og á lóðinni er gert ráð fyrir 4 bílastæðum. Aðkoma er frá Birkimel um borgarland. Reynt skal að varðveita sem flest af þeim trjám sem lenda á og við lóð við hönnun mannvirkja á svæðinu. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum samsíða og meðfram Birkimel.
Á svæðinu við strætisvagnabiðstöð er einnig komið fyrir söfnunargámum fyrir blöð og fleira.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bíldshöfði 2 og 4-6.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna að Bíldshöfða 2 og 4 - 6.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á lóð Bíldshöfða 2 verði heimilt að reka verslun með eldsneyti og þjónustu við ökutæki. Á lóðinni standi þjónustu og verslunarhús á einni hæð. Yfir eldsneytisdælum má reisa skyggni. Heimilt er að reisa allt að 9 metra hátt upplýsingaskilti á lóðinni. Hámarksnýting lóðar er 0,15. Lóðin að Bíldshöfða 2A og Bíldshöfða 6 verða að Bíldshöfða 4-6. Heimilt verður að byggja, á nýjum byggingareit þar sem áður var 2A, allt að 3 hæðir + kjallari. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,7. Bílastæði skulu vera að minnsta kosti 1 stæði / 35 m² bygginga og heimilt að hluti þeirra sé innan byggingarreits. Sunnan byggingarreits er heimilt að byggja skábraut til aksturs upp á núverandi byggingu á lóða-mörkum. Deiliskipulagið sýnir nýja tengingu af Vesturlandsvegi inn á Bíldshöfða. Við það minnkar lóðin 2A samsvarandi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hverfisgata v/Arnarhól.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Arnarhól, við Hverfisgötu, vegna bifreiðastæða fyrir leigubíla.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að akrein fyrir hægribeygju af Hverfisgötu í Lækjargötu er tekin undir stæði fyrir leigubíla. Götu og gangstéttarkanti er breytt lítillega, einn ljósastaur er færður til og hellulögð gangstétt er stækkuð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 18. júlí til og með 29. ágúst 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 29. ágúst 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 18. júlí 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 18 OG 19







### FLESJAKÓR 9 - 203 KÓP

Afar vandað og fallegt 209,3 fm parhús ásamt 37,6 fm bílskúr með útgröfnu rými inn af sem ekki er inni í skráðum fermetrafjölda. Eignin skilast fullbúin að utan en nánast tilbúin undir tréverk að innan, þ.e.a.s allir útveggir íbúðar og bílskúrs eru frágengnir og tilbúnir til sandspöslunar en innveggir eru ekki komnir. Lóð tekin í réttar hæðir og grófjöfnuð. Húsið hefur verið einangrað í hólf og gólf, hitaveitulögn, raf- og símalagnir hafa verið lagðar inn í húsið og tengigjöld greidd. Mikil lofthæð. Hiti í gólfum á neðri hæð og í gólfi baðherbergis efri hæðar. Góðar suðursvalir og útgangur á verandir á efri og neðri hæð. Tilbúið til afhendingar. Skemmtileg eign á góðum stað.
**VERÐ 36,9 millj**.
*Sölufulltrúi Akkurat verður á staðnum og býður þig og þína velkomna. Sími: 594 5000 og 899 0708.*

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir,
löggiltur fasteignasali

PÍPULAGNIR LOFTNET VIÐGERÐIR

allt
... sem þig vantar í nýja húsnæðið

vísir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

allt atvinna
Alla sunnudaga


## A. Þ. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa.
Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.
**Upplýsingar gefur Arnar í síma 899-9900.**

JB Byggingafélag

## Kranamaður

**JB Byggingafélag óskar eftir að ráða kranamann á byggingakrana.**

Upplýsingar gefur Kristján Yngvason í síma 693-7005

Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

**JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333**

VEISLAN
VEITINGAELDHÚS

## SKEMMTILEGT OG KREFJANDI STARF

Veislan Veitingaeldhús óskar eftir að ráða sölufulltrúa sem allra fyrst, vinnutími frá 9-17 virka daga.
Lýsing: Móttaka viðskiptavina, sala, ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki.
Skrifa út reikninga, tilboðsgerð og margt fleira sem fellur inn í söludeild.

**BAKARI ÓSKAST Í HLUTASTARF EÐA FULLT STARF Í ÓÁKVEÐINN TÍMA, VINNUTÍMI SAMKOMULAG. 100% STAÐA LAUS Í SMURBRAUÐI VEISLUNNAR, óskast sem allra fyrst.**

**Einnig óskum við eftir:**
Aðstoðarfólk í eldhús, bakarí og smurbrauð.

Hafið samband við Árný í síma 8211031/5612031
Eða sendið inn bréf á arny@veislan.is
Heimasíðan er www.veislan.is



Það er gott að búa á austurlandi



## Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU





### 4. herbergja íbúðir (til afhendingar 2007)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**VERÐ FRÁ KR. 18.750.000***

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)







| ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS | FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. | domus |
|---|---|---|
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



## RITFÆR SJÓNVARPS-SJÚKLINGUR ÓSKAST

Markaðsdeild 365 leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á fjölmiðlum, einkum öllu því sem tengist heimi sjónvarpsins. Við leitum að einstaklingi sem allt í senn getur starfað sjálfstætt, er hugmyndaríkur, vel ritfær og tilbúinn að takast á við spennandi starf sem tengist kynningu á sjónvarpsefni og starfsemi 365.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslenskri tungu, vera opinn fyrir krefjandi og fjölbreyttum verkefnum og geta starfað vel í hópvinnu. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfað við fjölmiðla og sé með háskólamenntun.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafía B. Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 í síma 550 5000.
Umsóknir berist á netfangið spennandi@365.is.

365

365 er hluti af Dagsbrún samskiptafélagi DAGSBRÚN

# SJÓNARHORN



Þetta eyðibýli við Húnaflóa minnir á þá tíma er fólkið flúði í þéttbýlið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17


Guðmundur St.
Lögg.fast og hdl


Baldvin Ómar
Sölustjóri
S. 898-1177


Áslaug
Sölumaður
S. 822-9519


Gyða
Sölumaður
S.695-1095


Ástþór
Sölumaður
S. 898-1005


Marel
Sölumaður
S. 846-8406


Skuli
Sölumaður
S. 585 0101





## Drápuhlíð - 2ja herbergja - 105 Rvk.

Stærð í fermetrum: 64,7 fm
Fjöldi herbergja: 2ja herbergja
Tegund eignar: Fjórbýli

Verð: 15,600,000,-

Lýsing eignar: Glæsileg og björt 2ja herbergja íbúð sem er mikið endurnýjuð að utan og innan. Með fallegum verðlaunagarði. Vel skipulögð íbúð með rúmgóðu svefnherbergi og fataherbergi, stórri stofu, eldhúsi með borðkrók og baðherbergi ásamt sérgeymslu og saml. Þvottahúsi. Nýtt parket úr Hlyn á íbúð, nýdregið rafmagn, nýleg rafmagnstafla og nýlegt gler í gluggum og gluggalistum að utanverðu. Búið að endursteina húsið, endurnýja þak og þakkant, skólplagnir og dren. Stutt í alla þjónstu. Falleg eign á draumastað í Hlíðunum



***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Áslaug Baldursdóttir, sölumaður í síma: 822-9519***



## Engihjalli - Kópavogi

Stærð í fermetrum: 90,0
Fjöldi herbergja: 3
Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 16,400,000

HÚSEIGN KYNNIR FALLEGA 3 HERBERGJA ÍBÚÐ Á ANNARI HÆÐ Í FJÖLBÝLI MEÐ LYFTU OG TVEIMUR SVÖLUM. Forstofan er með skápum og parket á gólfi. Baðherbergið er með flísum á gólfi, innréttingu, baðkari, og upphengdri sturtu. Stofan er mjög rúmgóð með parket á gólfi, útgengt á suður svalir þar sem mikil veðurblíða er á sumrin. Eldhúsið er með fallegri innréttingu sem var lökkuð fyrir um 3 árum, parket er á gólfi og tengi fyrir uppþvottavél. Hjónaherbergið er rúmgott með góðu skápaplássi og símatengli, útgengt á austur svalir. Barnaherbergið er með skáp og parket á gólfi. Sameiginlegt þvottahús er við hliðina á íbúðinni. Geymsla fylgir íbúðinni. Þetta er eign sem er mjög björt og vel skipulögð í góðu og barnvænu hverfi.



***Allar upplýsingar veitir Ástþór Helgason gsm: 898-1005***



## Krummahólar - Reykjavík

Stærð í fermetrum: 102,4
Fjöldi herbergja: 4-5
Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 17,800,000

Góð 4-5 er skráð sem 5. herbergja íbúð á 2. hæð með suður - svölum og sérgeymslu. Komið er inn í forstofu með stein flísum á gólfi og fatahengi. Stofan er til vinstri frá forstofu og er með nýlegu parketi á gólfi, hún er mjög rúmgóð og útgengt er frá stofu á suður-svalir, þar er svo rými sem er borstofa en möguleiki er á að setja þar upp vegg og verður íbúðin þá fimm herb, gluggar í suður-vestur og norður. Eldhúsið er með góðri innréttingu, hvítum flísum á milli skápa góðum tækjum og góðum borðkrók gólf efni nýleg, þvottaðstaða er inn af eldhúsinu með matarbúri, gluggi í vestur. Baðherbergi er með baðkari og sturtu, flísar. Hjónaherbergi er með skápum og parket á gólfi, gluggi í norður. Barnaherbergi er með dúk á gólfi og glugga í austur, er nýtt sem sjónvarpsherbergi í dag. Barnaherbergið er með dúk á gólfi engir skápar. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni hjóla- og vagnageymsla er í fjölbýlinu. Gervihnattadiskur er í fjölbýlinu.



***Allar frekari upplýsingar veitir Ástþór Helgason gsm 898-1005***




## Fensalir - 201 Kóp.

Stærð í fermetrum: 58,2
Fjöldi Herbergja: 2
Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 15,900,00

Glæsileg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sólpalli í suður og sérgeymslu á þessum vinsæla stað í Salahverfinu. Forstofa með góðum skápum úr kirsuberjavið. Rúmgott baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf með fallegum ljósum flísum, baðkar m/sturtu og falleg hvít innrétting undir vaski, halogen lýsing yfir spegli og tengi fyrir þvottavél og þurrkara inn á baði. Eldhús er með kirsuberjainnréttingu og blástursofn. Svefnherbergi með góðum glugga í suður og fallegum kirskuberjaskápum meðfram norðurvegg, tengi fyrir sjónvarp í svefnherbergi. Stofan er rúmgóð með góðum gluggum í suður. Beint út frá stofu er útgengt út á ca. 30 fm. afgirtan sólpall! Gólfefni er Merbauparket utan baðherbergis sem er flísalagt. Allar hurðar og innréttingar eru úr kirsuberjavið. Stutt í alla þjónustu, skóla og sundlaug. Falleg og vönduð eign sem stoppar stutt við!



***Allar nánari upplýsingar veitir Áslaug Baldursdóttir í síma: 822-9519***




## Lautasmári - 200 Kóp.

Stærð í fermetrum: 79
Fjöldi Herbergja: 3
Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 20,900,00

Falleg 3ja herbergja íbúð við Lautasmára í Kópavogi.

Svalir eru lokaðar með opnanlegu gleri og gólfið lagt með pallaefni.

Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Örstutt er í alla þjónustu eins og skóla, leikskóla, stórmarkað og heilsugæslu.

***Allar nánari upplýsingar veitir Marel Baldvinsson s: 846-8409 eða starfsfólk Húseignar í síma 585-0100***





## Kársnesbraut - 200 Kóp.

Stærð í fermetrum: 114
Fjöldi herbergja: 3
Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 22,500,000,-

SNYRTILEG 87,2 FM ÁSAMT 27.7 FM BÍLSKÚR. Snyrtilegt eldhús, rúmgóð stofa og borðstofa. Tvö svefnherbergi og góður bílskúr. Suðursvalir. GLÆSILEGT ÚTSÝNI - GÓÐ ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI



***Allar upplýsingar veitir Gyða Gerðarsdóttir sölumaður í síma 695-1095 eða 585-0100***



## Sumarhúsalóð Stakkholti.

Húseign hefur fengið í einkasölu 6.600 fm eignalóð við Stakkholt í Bláskógabyggð, búið er að jarðvegsskipta í púða undir sökkul og fylgja samþykktar teikningar fyrir 70,3 fermetra sumarbústað með, hitaveita og kalt vatn verður einnig skilað að lóðamörkum og er það inn í verði lóðarinnar.



***Allar upplýsingar veitir Skúli Þór Sveinsson gsm 848 0275***
***skuli@huseign.is***




## Sumarhús - Brekkuskógur

Stærð í fermetrum: 92 fm
Fjöldi herbergja: 3ja herbergja
Tegund eignar: Sumarhús

Verð: 14,500,000,-

Lýsing eignar: Stór og glæsileg 92,33 fm sumarhús á leigulóð á góðum stað í Brekkuskógi, Biskupstungunum. Mjög góð staðsetning á milli Laugavatns og Geysis. Skilalýsing : Húsin skilast full frágengið að utan, en einangruð og innþétt að innan með 35 fm verönd. Heitt og kalt vatn og rafmagn verður í bústaðnum en heimæðargjöld ógreidd. Tengdur heitur pottur fylgir hverju húsi. Viðhaldsfríir gluggar. Stölluð álklæðning á þaki, val á milli svartrar/rauðrar. Kúft vatnsklæðning að utan. Húsið stendur á steyptum sökklum, hitalögn í gólfi. Arkitekt Kristinn Ragnarsson. Hvar er Brekkuskógur? 17 km austan Laugarvatns er ekið að afleggjara til vinstri merktur Brekka/orlofshús. Glæsileg eign.



***Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177***
***eða á skrifstofu Húseignar í 585-0100***



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn St. Hólmsteinsson**

fyrrverandi útgerðarmaður frá Raufarhöfn, síðast til heimilis að Grandavegi 47, Reykjavík,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund 11. júlí, verður jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju 21. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstandenda alzheimersjúklinga.

**Jónína Ósk Pétursdóttir**
**Jóhanna Björnsdóttir**
**Pétur Björnsson** — **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Hólmsteinn Björnsson** — **Þorgerður Ása Tryggvadóttir**
**Guðrún R. Björnsdóttir**
**Lilja V. Björnsdóttir** — **Jón Ómar Finnsson**
**Birna Björnsdóttir** — **Ríkharður Reynisson**
**og barnabörn**

**NELSON MANDELA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1918.**



*„Ef þú vilt friðmælast við óvin þinn þarftu að vinna með honum. Við það verður hann samstarfsmaður þinn.“*

***Nelson Mandela er suðurafrískur stjórnmálamaður sem sat í fangelsi á árunum 1962 til 1990 en varð forseti árið 1994. Hann hefur alla tíð verið dyggur stuðningsmaður aukinna mannréttinda og bættra lífsskilyrða blökkumanna í landinu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 18. JÚLÍ 1925

# *Mein Kampf kemur út*

Mein Kampf eða „Baráttan mín“ er stefnuyfirlýsing rituð af Adolf Hitler, fyrrverandi kanslara Þýskalands, en ritið varð biblía nasismans í Þýskalandi.



Bókin var gefin út í tveimur bindum árin 1925 og 1927 og útdráttur úr bindunum tveimur var síðan gefinn út árið 1930. Þegar seinni heimsstyrjöldin braust út árið 1939 höfðu yfir fimm milljónir eintaka selst og bókin hafði verið þýdd yfir á ellefu tungumál.

Fyrra bindið skrifaði Hitler árið 1924 á meðan hann sat í fangelsi og bar það heitið Eine Abrechnung, eða Greinargerð. Það fjallar um æsku hans og fyrri heimstyrjöldina og lýsir hugmyndafræði hans um yfirburði hvíta kynþáttarins og svo lýsir hann gyðingum sem sníkjudýrum.

Seinna bindið var skrifað eftir að Hitler losnaði úr fangelsi og nefnist Die Nationalsozialistische Bewegung, eða Þjóðernissósíalíska hreyfingin. Þar útskýrir hann hinar pólitísku aðgerðir sem Nasistaflokkurinn þurfti að framkvæma til þess að ná völdum í Þýskalandi og hvernig hægt sé að viðhalda þeim.

Mein Kampf þykir bæði órökrétt og með eilífum endurtekningum og fyrra bindið var fullt af stafsetningarvillum. Bókin höfðaði hins vegar til margra og boðskapur hennar breiddist víða.

Eftir stríðið var Mein Kampf bönnuð í Þýskalandi ásamt öðrum bókum sem lýstu hugmyndafræði nasismans.

**ÁSA L. ARADÓTTIR:** TEKUR VIÐ PRÓFESSORSSTÖÐU Í LANDGRÆÐSLU Í HAUST

# Nýtt nám á sviði landgræðslu

Ása L. Aradóttir, sviðsstjóri hjá Landgræðslu ríkisins, ætlar að söðla um í haust og taka við stöðu prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands en hún hefur unnið við rannsóknir tengdar landgræðslu í fjölda ár.

Ása segir að nýtt nám á sviði landgræðslu hefjist við skólann næsta haust og að hennar starf felist í bæði kennslu og rannsóknum. Landbúnaðarháskólinn býður upp á fjölmargar námsleiðir og eru deildirnar þrjár; auðlindadeild, umhverfisdeild og starfs- og endurmenntunardeild. Innan umhverfisdeildar er boðið upp á nám í skógfræði og landgræðslu þar sem nemendur geta valið aðra hvora leiðina. Ása segir að með þessu vali geti nemendur skapað sér sérstöðu og fengið þverfaglega menntun.



Ása L. Aradóttir tilvonandi prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hún segir jarðvegseyðingu vera stórt umhverfisvandamál hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Landgræðsla fjallar um mjög margt, hún fjallar um endurheimt vistkerfa á illa förnu landi og sjálfbæra nýtingu gróðurs og jarðvegs, hún kemur í raun inná mjög marga þætti,“ segir Ása. Hún segir náttúru Íslands markaða af eyðingu jarðvegs og að hér á landi hafi verið litið á jarðvegseyðingu sem eitt af stóru umhverfisvandamálunum. Jarðvegseyðing er einnig mikið vandamál erlendis þar sem ástand vistkerfa heimsins er víða mjög slæmt. Eyðumerkurmyndum er til að mynda mikið vandamál þar sem talið er að landsvæði á stærð við Ísland verði að eyðimörk á hverju ári.

Ása segir mikilvægt að finna vistfræðilegar lausnir og bæta ástand þeirra svæða sem séu illa leikin og snúa þannig vörn í sókn. Eitt af því sem er rannsakað er hvernig hægt sé að nota uppgræðslu til þess að koma af stað jarðvegsmyndun.

„Gróður og jarðvegur gegnir mikilvægu hlutverki til þess að miðla vatni og binda kolefni og það verður mikil kolefnisbinding við bæði landgræðslu og skógrækt,“ segir Ása og að það geti dregið úr nettó losun koltvísýrings.

Eitt af því sem Ása hefur unnið við ásamt fleirum er undirbúningur Heklu-skógarverkefnisins sem verið er að koma á laggirnar. „Það gengur út á að endurheimta birkiskóga og víðikjarr á svæðum umhverfis Heklu og er gert ráð fyrir að verkefnið geti náð til allt að eins prósents landsins,“ segir Ása. Hún hefur einnig unnið að verkefni í Geitarsandi á Rangárvöllum undanfarin ár þar sem eru mismunandi uppgræðsluaðgerðir á fjörutíu tilraunareitum. Hver reitur er einn hektari að stærð og er fylgst með framvindu á þeim en þetta er hugsað sem nokkurs konar útitilraunastofa.

Ása segist hlakka til að takast á við ný verkefni innan skólans en útivist og íslensk náttúra eru á meðal hennar helstu áhugamála.

**gudrun@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Ágústsdóttir**

Espigerði 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 14. júlí. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00.

**Tryggvi Baldursson** — **Guðrún Edda Pálsdóttir**
**Valgerður Baldursdóttir** — **Lárus H. Blöndal**
**Stefán Baldursson** — **Bára Baldursdóttir**
**Haraldur Baldursson** — **Sigríður Amalía Þórðardóttir**
**Magnús Baldursson** — **Guðný Jóna Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og vinur,*

**Örn H. Bjarnason**

rithöfundur,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 7. júlí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 18. júlí kl. 15.00.

**Ásta Júlía Arnardóttir** — **Grétar Skúlason**
**Alda Arnardóttir** — **Pétur Eggerz Pétursson**
**Oddur Bjarnason**
**Halldór Bjarnason**
**Gunnar Bjarnason**
**Valdimar Jóhannesson**
**Björn Jóhannesson**
**Guðrún I. Jónsdóttir**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ragna Guðrún (Bíbí) Hermannsdóttir**

Ásgarði 19,

andaðist á Landakotsspítala laugardaginn 15. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðsteinn Magnússon og fjölskylda.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Magndís Gestsdóttir**

Hafnargötu 66, Keflavík, áður frá Hveravík á Strandasýslu,

er látin.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

## ÚTFARIR

11.00 **Lúlla Kristín Nikulásdóttir**, Kirkjuvegi 5, Keflavík, verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

13.00 **Dagný Georgsdóttir** verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.00 **Hannes Jónsson,** fyrrverandi sendiherra, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

13.30 **Ásta Björg Þorsteinsdóttir,** Hjallalundi 14, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Ingibjörg Gísladóttir,** Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Örn H. Bjarnason**, rithöfundur, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

## AFMÆLI



**Herdís Egilsdóttir** er 72 ára.



**Brynjólfur Bjarnason** forstjóri Símans er sextugur.



**Eggert Þorleifsson** leikari er 54 ára.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórarinn Guðmundsson**

Skagabraut 50, Akranesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 6. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts hans.

**Hulda Óskarsdóttir**
**Kolbrún Ósk Þórarinsdóttir** — **Gísli Guðjónsson**
**Sigríður Þórarinsdóttir** — **Jón Traustason**
**Magný G. Þórarinsdóttir**
**Þráinn Þór Þórarinsson** — **Berglind Guðmundsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eyjólfur Thoroddsen**

Boðagranda 4, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 13. júlí sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Elín Bjarnadóttir** — **Bjarni Thoroddsen**
**Ástríður H.Þ.Thoroddsen** — **Ólafur Örn Thoroddsen**
**Sigríður Jónsdóttir** — **Jóhann Thoroddsen**
**Katla Kristvinsdóttir**
**Ólína Elín Thoroddsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg systir okkar, amma og langamma,*

**Guðný Hallgrímsdóttir**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 15. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Bogi Hallgrímsson**
**Jónas Hallgrímsson**
**Guðný Sævinsdóttir**
**Haraldur Sævinsson**
**Sigrún Dóra Sævinsdóttir**
**Bjarney Sævinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

HVER Á HUGMYNDINA AÐ BESTU HERFERÐINNI?

The Apprentice í kvöld kl. 20:05



# STUÐ MILLI STRÍÐA Og þetta voru svo þakkirnar!

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ER FÚLL ÚT Í FRÆNDUR SÍNA.



Mér finnst merkilegt í hversu miklu haturs/ástarsambandi þjóðin á við nágrannaþjóðirnar. Íslendingar flykkjast til Danmerkur, læra þar sín fræði en koma síðan heim og segja Baunana vera húðlata og drykkfellda. Annað en við fornu víkingarnir sem þrælum okkur út á hverjum degi. 14-2 tapið í Parken situr víst enn í þjóðarstoltinu.

Samskipti okkar við Svía eru mun verri. Íslendingar hafa allt að því horn í síðu þessarar Volvo-þjóðar sem vildi ekki græða á þriggja punkta bílbeltinu heldur leyfði öllum bílaframleiðendum að notast við öryggistækið, að ógleymdri Svíagrýlunni gamalkunnu sem nýlega var kveðin í kútinn í Laugardalshöllinni. Norðmenn hafa hins vegar siglt lygnan sjó í nágrannaríg Norðurlandaþjóðanna en þar virðist ætla að verða breyting á. „Norðmenn ganga fyrir!“ var kallað í Líbanon og hrópið ómaði aftur til ársins 1262 þegar norsk herskip komu hingað til lands og þvinguðu íslenska höfðingja til að selja landið í hendur konunginum í austri. Höfðingjarnir felldu tár og vildu ómögulega láta landið sem þeir höfðu haft svo mikið fyrir að byggja.

Þeim var hótað með hervaldi ef norsku aðalsmennirnir fengju ekki undirskriftina. Þessi samningur fékk síðar það virðulega heiti Gamli sáttmáli í sögubókum en hann svipti okkur samningsrétti í 656 ár. Rúmum sjö hundruð og þrjátíu árum seinna settu Norðmenn aftur upp stút og meinuðu íslenskum fiskiskipum að veiða í Smugunni.

Finnar virðast því vera bestu vinir Íslands um þessar mundir enda hafa þeir boðist til að flytja flugvirkjana okkar burtu frá Beirút. Kannski finnst Finnum þeir skulda okkur eitthvað enda eiga fáar þjóðir jafnmarga Nokia-farsíma og íbúarnir á Fróni.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Overli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# ÚTSALA
# á húsgögnum

## fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófaborð | 5.600 kr. | ~~56.000~~ kr. | 90% |
| Borðstofuborð | 23.960 kr. | ~~59.900~~ kr. | 60% |
| Fataskápar Modena | 5.997 kr. | ~~19.900~~ kr. | 70% |
| Kommóða með glertopp | 9.995 kr. | ~~19.990~~ kr. | 50% |
| Kommóða með leðurtopp | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Náttborð | 8.043 kr. | ~~16.085~~ kr. | 50% |
| Sjónvarpsborð | 5.160 kr. | ~~12.900~~ kr. | 60% |
| Sófasett leður | 98.762 kr. | ~~259.900~~ kr. | 62% |
| Sófasett tau | 78.435 kr. | ~~156.870~~ kr. | 50% |
| Speglar | 12.450 kr. | ~~24.900~~ kr. | 50% |
| Stakir stólar | 5.196 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Stóll með snúningi | 5.196 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Svefnsófi | 12.495 kr. | ~~24.990~~ kr. | 50% |

## Öll rúm á 20% afslætti

**Húsgögn fást einungis í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 13.00**
*Á sumarsýningu Listasafns ASÍ eru vatnslitamyndir eftir Eirík Smith, Hafstein Austmann, Kristínu Þorkelsdóttur og Daða Guðbjörnsson. Einnig eru sjaldséðar vatnslitamyndir eftir Svavar Guðnason til sýnis í safninu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Reykvískur fulltrúi

Smásaga eftir rithöfundinn Ágúst Borgþór Sverrisson hefur verið valin til birtingar í safnriti sem breska bókaútgáfan Comma Productions í Manchester gefur út. Í bókinni verða tíu smásögur sem gerast í jafnmörgum evrópskum höfuðborgum og verður Reykjavík ein þeirra þar sem hún er sögusvið smásögunnar „Fyrsti dagur fjórðu viku“ eftir Ágúst Borgþór. Forlagið Comma Productions sérhæfir sig í útgáfu ljóða- og smásagnasafna. Nokkrir alþjóðlega þekktir skáldsagnahöfundar eru á mála hjá forlaginu með styttri verk sín en mest kveður að virtum breskum ljóðskáldum af yngri kynslóðinni hjá útgáfunni. Smásagnasöfn með borgarþema gefa útgáfunni nokkra sérstöðu og eru á meðal vinsælustu verka hennar. Saga Ágústs birtist í smásagnasafni hans Tvisvar á ævinni sem bókaforlagið Skrudda gaf út árið 2004. Þar segir af atvinnulausum manni sem neyðist til að selja bílinn sinn og ferðast með strætisvagni en saga og stemning borgarinnar fléttast inn í frásögnina. Smásagnasafnið með evrópsku borgarsögunum kemur út í október.



**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON RITHÖFUNDUR** Á smásögu í bresku safnriti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### >Ekki missa af...

sýningu austurríska listahópsins **Gelitin** í galleríi **Kling & bang**. Frumkraftur ímyndunaraflsins tekur á sig óvæntar myndir. Sýningin er opin til 13. ágúst.

leikritinu **Penetreitor** sem er sýnt í Sjóminjasafninu við **Grandagarð**. Áhrifamikil sýning um efni sem snertir okkur öll.

sumarheimsókn í **Suðursveitina** þar sem fræðast má um meistara Þórberg Þórðarson í nýopnuðu **Þórbergssetri**.















# Fáheyrðar aríur og söngvar

**Fagrir tónar berast reglulega úr Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi en þar fara fram sumartónleikar. Í kvöld munu heyrast verk úr smiðjum Henry Purcell og Benjamin Britten.**

Flytjendur verða Þorbjörn Björnsson barítónsöngvari og píanóleikarinn Jan Czajkowski. „Þetta er mjög fjölbreytt tónlist og efnisskrá með fremur hefðbundnu sniðni, ljóð og aríur. Sum verkanna eru þó fáheyrð hérlendis en þetta er mjög falleg og skemmtileg tónlist,“ útskýrir Þorbjörn. Á efnisskránni eru söngvar og aríur eftir Purcell, Charles Ives, Gabriel Fauré, Franz Schubert, W.A. Mozart og Britten.

Czajkowski ferðast hingað til lands í fyrsta sinn en þeir Þorbjörn þekkjast vel því Czajkowski er meðleikari Þorbjörns, sem leggur stund á söngnám í Hanns Eisler tónlistarháskólanum í Berlín. „Jan er verulega flinkur píanisti,“ segir Þorbjörn, „og við völdum þetta efni sérstaklega fyrir tónleikana, þetta er ferskt efni fyrir okkur.“ Þeir þekkjast þó ekki einvörðungu í gegnum tónlistina; leikhúsið hefur einnig sameinað krafta þeirra því þeir vinna báðir með leikhúshóp sem starfar í Berlín.

Jan Czajkowski er margverðlaunaður píanóleikari og þekktur fyrir túlkun sína á verkum eftir Mozart, Beethoven, Schubert, Schumann og Brahms þar sem hann hefur hlotið mikið lof frá áheyrendum jafnt sem og gagnrýnendum. Hann leikur einnig nútímatónlist, hefur frumflutt fjölda verka og er eftirsóttur meðleikari í kammertónlist og með ljóðasöngvurum.



**ÞORBJÖRN BJÖRNSSON BARITÓNSÖNGVARI** Flytur fáheyrðar aríur og fallega ljóðatónlist ásamt píanóleikaranum Jan Czajkowski. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Þeir félagar munu ferðast austur á firði síðar í vikunni og halda tónleika á fimmtudaginn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. „Síðan erum við með nokkur verkefni fyrirhuguð í Berlín,“ segir Þorbjörn en hann á eitt ár eftir af náminu sínu úti og kveðst hann því ekki vera á heimleið að svo stöddu.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 en þess má geta kaffistofa safnsins verður opin eftir tónleikana. Þar geta gestir tyllt sér niður í fallegu umhverfi en nú stendur einnig yfir sumarýning í safninu þar sem gefur að líta úrval skúlptúra og portretta eftir Sigurjón Ólafsson.

- khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

15 16 17 **18** 19 20 21

**Þriðjudagur**

**LEIKLIST**

☐ 10.00 **Brúðubíllinn** sýnir leikþáttinn **Týnda eggið** í **Ljósheimum** kl. 10 og við **Hlaðhamra** kl. 14

**ÚTIVIST**

☐ 19.00 **Ari Trausti Guðmundsson** jarðfræðingur leiðir göngufólk um **Viðey** og fjallar um jarðfræði eyjarinnar. Þar gefur að líta margar sérstæðar bergmyndanir og jarðfræðilega skiptist **Viðey** í tvær eyjar.

**SÝNINGAR**

☐ 13.00 Sumarsýning **Listasafns ASÍ** geymir vatnslitamyndir eftir **Eirík Smith, Hafstein Austmann, Kristínu Þorkelsdóttur** og b. Einnig eru vatnslitamyndir eftir **Svavar Guðnason** til sýnis í safninu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## Nýjar bækur

Út er komin ljóðabókin Fyrsta Davíðsbók eftir Davíð Hjálmar Haraldsson hagyrðing á Akureyri. Í bókinni eru limrur eftir þennan hagmælta og fótfljóta norðanmann, sem lengi hefur leikið sér með þetta ljóðaform.




Davíð Hjálmar orti meðal annars ljóðabálkinn „Einbúinn við Jöklu“ um steininn fræga við ána Jöklu sem nú er kominn undir vatn.

# Ímyndunaraflið og upprisa holdsins

Listasýning Gelitin-hópsins var opnuð um síðustu helgi í Kling og Bang gallerí, en hún bar titilinn Hugris, sem er samsett úr tveimur hugtökum, hugur og ris. Hugmyndin að baki nafngiftinni vísar í mátt ímyndunaraflsins eða eins og stendur í kynningu sem listahópurinn sendi frá sér á vefsíðu Kling og Bang: „Ímyndunaraflið er frumkraftur tilverunnar. Það getur umskapað raunveruleikann. Með krafti ímyndunaraflsins er hægt að sjá það ósýnilega, taka á því ósnertanlega og framkvæma það ómögulega.“

Sá máttur sem ímyndunaraflið gat af sér í gjörningi Gelitin-hópsins var hins vegar langt frá því að vera ósýnilegur og varla ómögulegur nema ef vera skyldi að nokkir listamannanna hafi þjáðst af ónáttúru, hins vegar leikur ekki nokkur vafi á því að hið sýnilega listaverk var ósnertanlegt.

Gólfið í kjallara Kling og Bang þar sem gjörningurinn fór fram var alþakið torfi og þar lágu listamennirnir á tvist og bast með



**RÍÐANDI NIÐUR LAUGAVEGINN** Gelitin-menn hituðu upp á hestbaki. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

óreglulegt bil sín á milli. Áhorfendum var komið fyrir á sérsmíðuðum svölum í hæfilegri fjarlægð frá listamönnunum. Algjör þögn ríkti á staðnum. Listamennirnir lágu grafkyrrir, hver á sínum stað og helsta skjóli nektarinnar svipt burtu. Gat var sumsé klippt á þeim stað á buxunum, af þeirri stærðargráðu auðvitað sem hæfði ummáli hvers listamanns fyrir sig, þar sem kynfærin eru hulin. Listamennirnir lágu á þúfuþöktu steingólfinu í fjórar klukkustundir og beittu fyrir sér frumkrafti tilverunnar sem ímyndunaraflið er og einbeittu sér að hugrisi. Öllu heldur gekk gjörningurinn út á að stunda hugleiðslu í fjölda klukkustunda, ekki svo hugurinn einn gæti risið til hæstu hæða heldur holdið einnig með. Ekki fylgir sögunni hversu mörgum af listamönnunum fjórum tókst að ná hæstu hæðum.

Hekla Dögg Jónsdóttir, sem var umboðsmaður Gelitin-hópsins meðan hann dvaldi hér á landi, sagði gjörninginn mjög rómantískan og mystískan. „Það var fremur dimmt yfir að líta á sviðinu þar sem gjörningurinn fór fram sem kösturum var beint þar sem von var á risi. Mér sýndist fólk almennt hrifið af því sem fram fór þó auðvitað meg búast við að einhverjum hafi verið brugðið.“

- brb



tab
ÍTALÍA
tilboð!
HEILIR STURTU
KLEFAR
MEÐ ÖLLU
80x80 eða 90x90
Öryggisgler
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 69.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** BLOGGAR UM ROKKFERÐALAG SITT UM EVRÓPU

# *Að vakna í maurahrúgu*

Hátíðin sem ég var á síðast, Pohoda í Slóvakíu, var án efa sú versta hingað til, það er að segja hvað tónlistina varðar. Jú, jú, það var alveg fínt að sjá Pixies, Dizzee Rascal, Coldcut, Chicks on Speed og GZA. Bajofondo Tango Club var líka skemmtileg. Flest allt annað náði hins vegar ekki alveg að finna réttu tíðnina að mínu tóneyra. Þetta voru langmest hljómsveitir frá Slóvakíu sem spiluðu mjög keimlíka tónlist, popp/rokk í afar þjóðlegum stíl og mjög sígaunalega. Og það sem meira er, á hátíðinni voru líka hljómsveitir frá Tékklandi, Ungverjalandi, Frakklandi, Venesúela, Þýskalandi og Bretlandi sem spiluðu alveg eins tónlist. Nokkuð mikil stuðtónlist, hröð og einhvern veginn ímyndaði maður sér alltaf að fólk væri að dansa hringdans fremst við sviðið, mikið um „hey! hey! hey!“ og meira í þeim dúr. Í öllum hljómsveitum virtist líka alltaf vera gaur með hatt, sem sprellaði um allt sviðið, og oftast einhverjir blásturs- og/eða strengjahljóðfæraleikarar, sem gerðu tónlistina enn hringdansvænni. Ekki það að ég hafi eitthvað á móti svona tónlist, hún er einfaldlega ekki minn tebolli.

Ég upplifði líka eitt það hræðilegasta sem ég hef lent í til þessa. Hafði dreymt nokkru áður að her af rottum myndi herja á tjaldstæðið mitt, éta sig í gegnum tjöldin og ráðast á fólkið. Ég blessunarlega slapp við að upplifa þá martröð en í staðinn vaknaði ég við það, snemma á laugardagsmorgni, að maur var að reyna að skríða upp í eyrað á mér. Settist upp og sá þá að heill mauraher hafðist við í horninu þar sem hausinn á mér lá. Ekki alveg það geðslegasta.

Hátíðin var samt langt frá því að vera alslæm. Hún fór fram á huggulegum stað við rætur Karpatafjallanna, ég kynntist áhugaverðu fólki, veðrið var gott og umhverfið snyrtilegt. Allt var líka svo hrikalega ódýrt á sjálfu svæðinu, þannig að „ríki Íslendingurinn“ átti í raun erfitt með að eyða peningunum sínum. Stór bjór úr krana kostaði sem dæmi um 60 krónur íslenskar og stór samloka með öllu tilheyrandi var á um 100 kall. Ekki amalegt það.

Nú er hins vegar komið að síðustu hátíðinni sem ég mun heimsækja í þessum túr mínum um Evrópu. Hún er spænsk, heitir Benicassim og fer fram á ströndinni í samnefndum bæ. Án efa sú hátíð sem ég hef beðið spenntastur eftir. Brátt fer þessu því að ljúka og innst inni held ég að það sé komin pínu þreyta í skrokkinn.



**FLOTTAR** Þessar hressu snótir fylgdust spenntar með tónleikum Dizzee Rascal á Pohoda-hátíðinni í Slóvakíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR




# Rokkað feitt fyrir austan

**Tónlistarhátíðin Eistnaflug var haldið í Neskaupstað annað árið í röð um liðna helgi.**

Hátíðin var vel sótt og voru aðstandendur hennar hæstánægðir með það hvernig til tókst. Alls voru átján hljómsveitir skráðar til leiks en sú frægasta þeirra, Fræbbblarnir, boðaði veikindaforföll. Það kom þó ekki að sök því hinar sveitirnar sautján voru fullfærar um að sjá um stuðið. Voru þungarokksaðdáendur víðsvegar af landinu mættir austur til að fylgjast með viðburðinum enda ekki amalegt að leggja land undir fót og koma austur í sólskinið.



**UNGMENNI AÐ SUNNAN** „Við erum bláedrú og ætlum bara að njóta tónleikanna“ sögðu þau Ágústa Hannesdóttir úr Mosó, Gunnar Friðberg Jóhannsson frá Vestmannaeyjum og Jón Kristinn frá Reykjavík þar sem þau grilluðu sér pylsur fyrir utan Egilsbúð og biðu eftir því að Changer og Momertum færu á svið.



**VINSÆLIR** Meðlimir hljómsveitarinnar Sólstafir seldu tónlist sína og árituðu diska og plaggöt. Hér eru það Aðalbjörn Tryggvason og Sæþór Sæþórsson sem sinna skyldum sínum við aðdáendur.



**APAR Í SKÓGINUM** Dr. Gunni mætti á hátíðina og tók nokkur vel valin lög fyrir tónleikagesti.



**ÁNÆGÐUR** Stefán Magnússon íþróttakennari sá um skipulagningu hátíðarinnar og hér er hann vígreifur ásamt Adda í Sólstöfum. Nafngift hátíðarinnar hefur vakið spurningar en Stefán segir engar sérstaka sögu liggja að baki, nafnið sé einfaldlega flott. FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUNNARSDÓTTIR



**ALLTAF HRESS** Bibbi söngvari Innvortis ljómaði og lék við hvern sinn fingur.



**Í HITA LEIKSINS** Meðal þeirra sveita sem komu fram á hátíðinni voru sveitirnar Innvortis, Sólstafir, Changer, Dark harvest, Nevolution, Hostile, Bölvun, Denver, Potentiam, Momertum og Darkness. Hér er það trommarinn í Changer sem hristir hausinn.





„VICTORIAN“ Fallegur hvítur kjóll með háum kraga fra Gloriu Coelho.



STUTTUR KJÓLL Flottur rauður og fjólublár kjóll frá brasilíska merkinu Zigfreda.



RÖNDÓTT Hönnuðarteymið Poko Pano sýnir hér svakalega flottan samfesting í flottum litum.



GULAR STUTTBUXUR Flott litasamsetning frá Zigfreda. Takið eftir háa mittinu.



PATACHOU Flottar stutt í bland við pólóbol með skemmtilegum smáatriðum.

# Suðræn tíska

Á dögunum fór enn ein tískuvikan af stað fyrir vorið og sumarið 2007 og í þetta skiptið var það Sao Paulo í Brasilíu sem var gestgjafinn. Þótt hönnuðirnir séu lítt þekktir hjá okkur Norðurlandabúum eru þetta vinsælir hönnuðir í suðrænum löndum.

Skemmtilegar litasamsetningar og tilraunakennd snið einkenndu þessa tískuviku og er greinilegt að hönnuðirnir eru ekki síðri en þekktu nöfnin út í heimi. Kragar, slaufur, íburðarmiklir kjólar og síðir hverdagslegir bolir voru vinsæl, sem og stuttbuxur, sem koma greinlega sterkar inn næsta sumar. Litríkar flíkur í rauðu, gulu, grænu og fjólubláu í bland við náttúrulega liti eins og ljósgráan og húðlitaðan var mikið og falleg hreyfanleg efni í lögum voru vinsælt viðfangsefni hönnuðina. Látum myndirnar tala. - áp



SAFARI Beigelitaðar stuttbuxur í bland við grænt munstur frá brasilíska merkinu Osklen.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



SUMARLEGT Flottur túrkísblár kjóll í bland við ljósgrátt og með ásaumuðum hálsfestum frá Patachou by Tereza Santos.



ZIGFREDA Þetta merki var með svakalega skemmtilega sýningu. Fyrirsæturnar minntu allar á dúkkulísur með hárkollurnar. Fjólubláar stuttbuxur og rautt belti.



BRÚÐARKJÓLL Samuel Cirnansck sýnir hér flotta hönnun með gegnsæjum efriparti og perlusaumuðum stykkjum.





Hvernig gengur Magna í kvöld?

Fylgstu með Magna í beinni útsendingu í kvöld kl. 1 eftir miðnætti.
Við sýnum svo úrslitin í beinni útsendingu á miðnætti annað kvöld.

Fyrir þá sem ekki geta vakað verða tónleikarnir sýndir kl. 21.30 á miðvikudagskvöldið og úrslitin kl. 21.30 á fimmtudagskvöldið.

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| STICK IT | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| CLICK SÝND | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE BENCHWARMERS | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| R.V. | kl. 3.50 |
| RAUÐHETTA M.ÍSL TALI | kl. 3.50 |
| ÍSÖLD 2 M/ ÍSL TALI | kl. 3.50 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| STICK IT | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| THE BENCHWARMERS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 10 ÁRA |
| CLICK | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| BANDITAS | kl. 6 og 8 B.I. 10 ÁRA |
| THE BENCHWARMERS | kl. 6 og 8 B.I. 10 ÁRA |
| CLICK | kl. 10 B.I. 10 ÁRA |
| THE FAST & THE FURIOUS | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað




# Mates of State á Airwaves

Dagskrá Airwaves-hátíðarinnar í október er óðum að taka á sig mynd. Nú hefur verið tilkynnt að breska plötuútgáfan Moshi Moshi verður með sérstakt kvöld á hátíðinni, rétt eins og í fyrra. Þá kom plötufyrirtækið með nokkur þekkt nöfn hingað til lands og það þótti takast afar vel. Áhugaverðasta nafnið sem Moshi Moshi býður upp á í ár er bandaríska poppdúóið Mates of State. Sveitin sendi frá sér plötuna Bring It Back fyrr á árinu og hefur hún hvarvetna hlotið lofsamlega dóma gagnrýnenda.

Aðrar sveitir sem koma fram á kvöldi Moshi Moshi eru bresku sveitirnar Tilly and the Wall, Hot Club de Paris, Klaxons og Semifanlists. Í tilkynningu frá aðstandendum Airwaves, Hr. Örlygi, kemur fram að líklegt megi telja að einn eða tveir innlendir flytjendur bætist við dagskrána.



**MATES OF STATE** Áhugavert bandarískt poppdúó sem spilar á Moshi Moshi-kvöldi á Airwaves í október. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Barmurinn lagaður fyrir tökur

Keira Knightley hefur fengið töluverða athygli fyrir grannan vöxt en hún hefur ekki látið undan þrýstingi og farið í brjóstastækkun. Hún viðurkennir þó að oft sé lappað upp á barminn á ljósmyndum. „Ég var eitt sinn í myndatöku fyrir tímarit og komst að því að það hleypir engum með minna en c-skál á forsíðuna því að það fælir fólk frá. Tímaritið hefur víst látið gera markaðsrannsókn og komst að því að konur vilja sjá að minnsta kosti c-skál á öðrum konum. Er það ekki klikkað?“ sagði Keira. Svipað var uppi á teningnum fyrir King Arthur en á veggspjaldinu fyrir myndina var bætt við brjóstin hennar. „Þau sýndu mér fyrsta eintakið af veggspjaldinu og þessar júllur hljóta að hafa verið tvöfalt E og þau löfðu niður á hné. Ég sagði við þau; Mér er sama þó þau séu stækkuð en ekki láta hangandi brjóst á mig! Þau líta út eins og ömmubrjóst,“ sagði Keira. Hún virðist ekki vera mjög ánægð með líkamann því hún segist hata fótleggina. „Þeir eru ömurlegir. Ég myndi gera þá lengri og ekki svona skvapkennda. Og ég myndi minnka rassinn. Ég get svo sem gert það með því að stunda líkamsrækt en ég vil það ekki mikið.“



**KEIRA KNIGHTLEY OG ORLANDO BLOOM** Keira er ánægð með lítinn barm en vill vera með grennri fætur og rass, og þó er ekkert af henni nú þegar.




Mest
lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005

# Notar eiturlyf

Söngvarinn ungi Justin Timberlake hefur nú viðurkennt að hann hafi tekið alls kyns eiturlyf í frítíma sínum. Þetta er í fyrsta sinn sem hann viðurkennir þetta en söngvarinn hefur byggt upp ímynd sína í gegnum árin sem hinn fullkomni tengdamóðurdraumur með alveg hreinan skjöld. Timberlake lét þetta flakka í samtali við bresku pressuna og bætir því við að honum sé frjálst að gera allt sem hann vill í frítíma sínum en hann passar það að aldrei náist af honum mynd.

Ný plata með kappanum er væntanleg í haust og hefst þá tónleikaferðalag hans um heiminn.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Hefur nú viðurkennt eiturlyfjanotkun og er því búinn að jarða fyrrri ímynd sína sem hin fullkomna fyrirmynd fyrir unga stráka. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Undarleg tilfinning

**UMFJÖLLUN**

**[TÓNLIST]**

Annað slagið dúkka plötur upp á borðinu hjá mér sem ég vissi ekki að væru til. Plata The Feeling, Twelve Stops & Home, er ein slík. Þessi sveit er víst bresk, og náði að landa plötusamning við plöturisann Universal áður en hún skapaði sér nafn með tónleikahaldi um Bretland. Það gerist ekki oft, einhver hjá útgáfunni hlýtur að hafa tröllatrú á The Feeling.

Það hefði aldrei verið hægt að gefa þessa plötu út á öðrum tíma en um hásumar. Þetta er svo rosalega mikið gleðipopp að það hljómar stundum eins og það sé samið af manni sem er nýbúinn að vinna stóra vinning í Víkingalottó. Eða á hápunkti prosac-kúrs. Þessir piltar hljóma að minnsta kosti alveg gífurlega hamingjusamir. Stundum svo mikið að það er allt að því pirrandi, ekki vegna þess að ég óski þeim einhvers ills eða öfundi þá af hamingju þeirra, heldur vegna þess að allir poppönglar og allar sönglínur eru eins augljós og þau geta mögulega verið.

The Feeling fær punkt í kladdann fyrir það að geta skilað af sér 12 laga plötu sem er nær öll þess eðlis að laglínurnar sveima um í höfðinu á manni eftir að þeim er lokið. Ég er líka bara nokkuð viss um að ef útsetningarnar væru örlítið minna sykurleðjulegri og textarnir ekki svona hræðilega rím-klisjulegir þá myndi ég ekki einu sinni reyna að berjast fyrir því að henda lögunum aftur út. En það er því miður staðreyndin. Of mikill skammtur af svona er jafn slæmur fyrir jafnaðargeð mitt og stóru brjóstsykurssnuðin eru fyrir tennur litlu barnanna. Þetta er svo sykursætt að þetta tærir mig innanfrá og færir mér ekkert nema sársauka á endanum. Þetta er líka eins væmið og það verður, það er ekki milligramm af testósteróni í þessum piltum.

Ef ég væri pólitískur fangi Bandaríkjamanna í Guantamano Bay væri auðveldlega hægt að nota þessa tónlist til að kreista út úr mér svör. Ég myndi örugglega brotna í fjórðu umferð og biðja um mömmu með tárin í augunum.

En, bara svo að það sé á hreinu, þá held ég að þessi plata eigi vel við aðdáendur sveita á borð við Maroon 5. Þetta er alls ekki ósvipuð tónlist og með réttri markaðssetningu gæti þessi sveit farið svipaða leið og þeir gerðu. Þetta er vel unnið, allt á uppsveiflunni með grípandi laglínum sem erfitt er að losna við úr hausnum á manni, hvort sem manni líkar það betur eða verr. Það er örugglega stór markhópur fyrir þessa tegund tónlistar, þó svo að ég sé ekki hluti af honum.

**Birgir Örn Steinarsson**



**THE FEELING: TWELVE STOPS & HOME**

**Niðurstaða:** Frumraun bresku poppsveitarinnar The Feeling inniheldur popp sem er eins sykursætt og klisjulegt og það getur orðið. Lög sem límast svo fast inn í heilahvelið að maður þarf að skjóta þeim út.

# Kate olli þyrluslysi

Sveit úr bandaríska flotanum sætir nú yfirheyrslum eftir að þyrla sem hún ferðaðist í hrapaði. Ástæða þess að þyrlan hrapaði er sögð sú að hermennirnir voru að reyna að fylgjast með Hollywood-leikkonunni Kate Hudson.

Leikkonan glæsilega var við tökur á kvikmyndinni You, Me & Dupree í Kaliforníu og klæddist bikiníi og háum hælum þegar hermennirnir fylgdust með henni. Þyrla þeirra sveif rétt yfir tökustaðnum og hrapaði svo skammt frá. „Við heyrðum læti og það lenti brak úr þyrlunni á bílnum mínum. Svo uppgötvaði ég seinna hvernig ég var klædd og fékk slopp lánaðan.“



**KATE HUDSON** Svo glæsileg að bandarískir hermenn brotlentu þyrlu þegar þeir reyndu að fylgjast með henni.




## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUPERMAN RETURNS | KL. 3:50-4:50-7-8-10:10-11:10 | B.I. 10 |
| SUPERMAN RETURNS VIP | KL. 4:50-8-11:10 | |
| THE BREAK UP | KL. 3:50-6-8-8:15-10:20-10:30 | |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 3:30 | |
| SHE´S THE MAN | KL. 6 | |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| * SUPERMAN RETURNS | KL. 4-6-8-10 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 8:20-10:30 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3:30-6 | |
| *CARS enskt tal | KL. 3:30 | |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SUPERMAN RETURNS | KL. 7-11 | B.I. 10 |
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10:10 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SUPERMAN RETURNS | KL. 6-9KL. | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | 8-10:10 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 | |

## HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:50-9-10:40 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 6-8:15-10:40 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 8:15 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:50 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:15 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 10:30 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**KIDMAN OG URBAN** Vísa óléttusögusögnum á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Kidman ekki ólétt

Nicole Kidman, sem giftist kántrísöngvaranum Keith Urban á dögunum, sást fyrir utan jógastúdíóið sitt í Tennessee með örlítið útstandandi maga og það er greinilega nóg til að koma sögusögnum um óléttu af stað. Nicole er vanalega eins og tannstöngull og því þótti slúðurpressunni líklegt að hin nýgifta leikkona ætlaði að fjölga mannkyninu með eiginmanninum. „Nicole er ekki ólétt. Sagan byrjaði í slúðurblöðunum og er í raun ekkert sem fólk ætti að skipta sér af, en ég neyðist til að svara þessu til að þagga niður orðróminn,“ sagði fulltrúi stjörnunnar.

# Fallegt brúðkaup

Litla rokkstelpan Avril Lavigne gekk í það heilaga um helgina. Avril gekk að eiga Deryck Whibley, söngvara úr hljómsveitinni Sum 41, í bleikri villu í Kaliforníu. Reyndar var bleiki liturinn afar áberandi í brúðkaupinu og brúðarmeyjarnar fjórar klæddust allar bleikum kjólum.

Sjálf athöfnin tók ekki nema 20 mínútur og viðstaddir voru um 100 vinir og fjölskyldumeðlimir. Engu frægu fólki var boðið til veislunnar, sem þótti afar vel heppnuð. Hin 21 árs Avril bar að sjálfsögðu af í glæsileika, við athöfnina klæddist hún einföldum en glæsilegum kjól, en síðar um kvöldið skipti hún yfir flottan Veru Wang kjól.



**AVRIL LAVIGNE** Gekk í hjónaband um helgina með söngvara hljómsveitarinnar Sum 41.

# Miðasalan hafin

Miðasala á tónleika Morrissey, sem haldnir verða í Laugardalshöll hinn 12. ágúst, hefst í verslunum Skífunnar, völdum verslunum BT og á midi.is í dag. Miði í stúku kostar 5.500 krónur en 4.500 í stæði, fyrir utan miðagjald.

Morrissey stofnaði hljómsveitina The Smiths ásamt Johnny Marr í upphafi níunda áratugarins en sú sveit vakti gríðarmikla athygli. Sveitin lagði upp laupana árið 1987 og í kjölfarið hóf Morrissey sólóferil, sem gengið hefur ótrúlega vel.



**MORRISSEY** Einn dáðasti tónlistarmaður Breta kemur til landsins og spilar ásamt gestum í Laugardalshöll 12. ágúst.



**JENNIFER ANISTON** Útilokar ekki að Vinir snúi aftur á skjáinn innan skamms.

# Snýr Rachel aftur?

Jennifer Aniston ýjaði að því á dögunum að leikararnir úr Friends myndu snúa aftur í einum þætti um vinina. „Það eina sem mér dettur í hug að væri mögulegt er að gera til gamans Friends-þátt sem sýndur yrði um þakkargjörðarhátíðina,“ sagði Aniston í viðtali vegna myndarinnar The Break-up nýlega. Hún segist sakna þess að leika Rachel. Aniston hefur verið í London undanfarna daga til að kynna myndina. Hún var spurð um samband sitt við samleikara sinn Vince Vaughn en Aniston var fámál. „Sko, hann er frábær maður, hann er frábær vinur, hann er frábær leikari og sprenghlægilegur,“ var það eina sem hún vildi segja um Vince.


Leigubifreið · Vörubifreið · Hópbifreið · Eftirvagn

# Aukin ökuréttindi

Skráðu þig núna!

Bjóðum upp á vönduð námskeið þar sem áherslan er lögð á fagmennsku og gæði. Meiraprófið eykur atvinnumöguleikana verulega en mikið er leitað til okkar eftir fólki með meirapróf. Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar.

Verð aðeins 282.720,-

Einnig bjóðum við upp á hópbifreiðanámskeið fyrir aðeins 170.000 krónur.

Næsta námskeið

Reykjavík - 26. júlí

Ath! Nú greiða verkalýðsfélög allt að 100.000 kr. af námskeiði.

Skráning í 581 2780, 892 4124 og 822 2908

ÖKUSKÓLI S.G.

SÍMI 581 2780

AUKIN ÖKURÉTTINDI

LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ







### Ekki samið við Morten

Grindavík mun ekki semja við danska varnarmanninn Morten Overgaard Nielsen en þetta var ákveðið í gær. Ekki hefur þó verið ákveðið hvort semja eigi við landa hans Kodi Dakinah sem einnig er varnarmaður og hefur æft með liðinu undanfarna dag.

# sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA 18 ÁRA LANDSLIÐ KARLA Í KÖRFUBOLTA: HEFUR LEIK Í GRIKKLANDI Í DAG

## Ætlum að vera villingarnir á mótinu

Benedikt Guðmundsson, landsliðsþjálfari karlaliðsins í körfubolta skipuðu leikmönnum átján ára og yngri, er nú staddur í Grikklandi ásamt sínum mönnum þar sem keppni hefst í dag í A-deild Evrópumótsins. Þar mæta til leiks sextán sterkustu þjóðir Evrópu og í þetta sinn er Ísland í þessum hópi.

¿Við viljum festa Ísland í sessi sem eitt þeirra liða sem eiga heima í þessari deild,¿ sagði Benedikt en í gærmorgun kom íslenski hópurinn til Grikklands eftir að hafa ferðast um nóttina frá Lundúnum þar sem hópurinn gisti nóttina áður. ¿Það verður vissulega erfitt og erum við til að mynda ekki í léttasta riðlinum. En þessir strákar hafa náð frábærum árangri undanfarin ár og nú bíður þeirra stærsta og verðugasta verkefnið hingað til.¿

Liðið skipa að stærstum hluta leikmenn sem eru fæddir 1988 og sami hópur hefur tvívegið orðið Norðurlandameistari auk þess sem liðið vann B-deild EM 16 ára fyrir tveimur árum. Ísland er í riðli með Króötum, Spánverjum og Frökkum, sem urðu síðast Evrópumeistarar þegar þessi árgangur kom saman.

Leikið er í fjórum fjögurra liða riðlum og efstu tvö lið hvers liðs spila innbyrðis um sæti 1-8 og hin um sæti 9-16. Benedikt segir að möguleikar Íslands felist fyrst og fremst í að vinna einhverja leiki í keppninni um neðstu sætin átta. ¿Við ætlum vissulega að gera atlögu að því að komast í efstu átta sætin en því er ekki að neita að körfubolti í þessum löndum er kominn miklu framar en á Íslandi og þetta verður erfitt. En lykillinn að velgengni okkar er að halda trúnni og vera sterkir í andlega þættinum. Passa okkur á að tvíeflast við mótlætið, þó við kunnum að tapa einhverjum leikjum stórt. Við ætlum okkur að vera villingarnir á þessu móti og hrista aðeins upp í hlutunum.¿



### > Ísland ekki séð til sólar

Íslenska U20 landsliðið í körfubolta tapaði öllum leikjum sínum á Evrópumótinu sem nú stendur yfir í Portúgal. Á sunnudag tapaði liðið fyrir Finnlandi 61-100 og endaði Ísland í fjórða og neðsta sæti í riðli sínum. Kristján Sigurðsson úr Njarðvík var stigahæstur í íslenska liðinu með 20 stig í leiknum. Í milliriðlinum mun Ísland mæta Írlandi, Slóvakíu og heimamönnum í Portúgal. Í dag leikur liðið gegn Slóvakíu en það var frídagur í gær þar sem Einar Árni Jóhannsson þjálfari liðsins notaði tækifærið til að endurskipuleggja leik íslenska liðsins, sem ekki hefur séð til sólar á mótinu til þessa.



LANDSBANKADEILDIN

# Baráttusigur Skagamanna í hágæðaknattspyrnuleik

**Boðið var upp á fimm mörk í öllum regnbogans litum á KR-vellinum í gærkvöldi þar sem Skagamenn gerðu sér lítið fyrir og höfðu sigur gegn heimamönnum og lyftu sér þar með upp úr fallsæti. Lokatölur urðu 3-2 fyrir ÍA.**

**FÓTBOLTI** Skagamenn hafa galopnað botnbaráttuna með því að sigra KR 3-2 á útivelli í Landsbankadeild karla í gær. Þeir spiluðu mjög vel í leiknum, sem var einn sá allra skemmtilegasti í sumar. Flottur fótbolti og stórglæsileg mörk glöddu augu áhorfenda á KR-vellinum. Allt annað var að sjá til liðs ÍA frá því fyrr í sumar og ljóst að það er á réttri leið.

Fyrsta færið leit dagsins ljós strax á fjórðu mínútu og er óhætt að segja að það hafi verið dauðafæri. Björgólfur Takefusa tók á rás upp hægri kantinn, stefndi í átt að markinu og renndi síðan boltanum á Grétar Hjartarson, sem var ekki með neinn leikmann í sér en Bjarki Guðmundsson, markvörður ÍA, varði skot hans í horn. Grétar fékk annað gott færi stuttu síðar og náði skalla að markinu en aftur varði Bjarki.

Skagamenn léku boltanum mjög vel á milli sín á miðsvæðinu en þegar nálgast var markið runnu flestar þeirra sóknir út í sandinn. Það var svo á 38. mínútu sem fyrsta markið leit dagsins ljós en þá skoraði Björgólfur frábært mark. Sigmundur Kristjánsson átti góða fyrirgjöf sem rataði á Grétar, hann vippaði boltanum á Björgólf sem kom honum framhjá varnarmanni ÍA með laglegri snertingu í loftinu áður en hann þrumaði knettinum yfir kollinn á Bjarka í marki ÍA.

Strax í næstu sókn voru gestirnir skeinuhættir þegar Bjarki Gunnlaugsson átti hörkuskot sem Kristján Finnbogason varði í horn. Mikil hætta skapaðist eftir hornið en fleiri mörk komu ekki í fyrri hálfleiknum og KR fór með 1-0 forystu inn í hálfleikinn. Í upphafi seinni hálfleiks komu leikmenn ÍA hins vegar ákveðnir til leiks og voru búnir að jafna leikinn innan fimm mínútna. Þjálfarinn Arnar Gunnlaugsson fékk sendingu frá Þórði Guðjónssyni og skaut á markið, skot hans var ekki fast og Kristján hefði átt að verja en það tókst honum ekki þrátt fyrir að koma við boltann.

Björgólfur var í banastuði og endurheimti forystuna fyrir KR eftir klukkutíma leik með laglegu skallamarki eftir fyrirgjöf varamannsins Skúla Jóns Friðgeirssonar. Stuttu síðar átti Dean Martin hörkuskot sem Kristján varði mjög vel en um stundarfjórðungi fyrir leikslok kom jöfnunarmarkið, Martin átti fyrirgjöf á Arnar sem skoraði annað mark sitt með því að skalla boltann óverjandi fyrir Kristján. Útlitið dökknaði enn frekar fyrir heimamenn þegar bakvörðurinn Vigfús Jósepsson fékk réttilega sitt annað gula spjald og þar með rautt.

Sigurmarkið kom tæpum tíu mínútum fyrir leikslok, Pálmi Haraldsson átti sendingu inn í teiginn sem Dalibor Pauletic skallaði út. Þar var Þórður Guðjónsson, sem tók viðstöðulaust skot af hörkukrafti í markhornið, stórglæsilega gert. Heimamenn náðu ekki að skapa sér umtalsverð marktækifæri undir lokin og Skagamenn fengu öll stigin.

elvargeir@frettabladid.is



**ARNAR Í HAM** Arnar Gunnlaugsson er hér í þann mund að skora fyrra mark sitt í leiknum en varnarmenn KR koma engum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**MARKINU FAGNAÐ** Skagamenn fagna fyrsta marki sínu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**KR 2-3 ÍA**

KR-völlur, áhorf.: 1675 — Magnús Þórisson (6)

*1-0 Björgólfur Takefusa (38.)*
*1-1 Arnar Gunnlaugsson (50.)*
*2-1 Björgólfur Takefusa (58.)*
*2-2 Arnar Gunnlaugsson (76.)*
*2-3 Þórður Guðjónsson (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–12 (8–8) |
| Varin skot | Kristján 5 – Bjarki 6 |
| Horn | 2–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–9 |
| Rangstöður | 2–8 |

| KR 4–4–2 | | ÍA 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kristján Finnboga | 5 | Bjarki Freyr | 7 |
| Kristinn | 6 | Pálmi | 7 |
| (87. Garðar | -) | Árni Thor | 7 |
| Gunnar E. | 5 | Bjarni Guðjóns | 7 |
| Gunnlaugur | 6 | Hafþór Ægir | 6 |
| Vigfús Arnar | 5 | Jón Vilhelm | 5 |
| Sigmundur | 7 | (46. Dean Martin | 7) |
| Bjarnólfur | 7 | Þórður Guðjóns | 8 |
| Mario Cysmek | 6 | Igor Pesic | 7 |
| Gunnar Kr. | 5 | Bjarki Gunnlaugs | 7 |
| (46. Skúli Jón | 6) | (73. Hjörtur | -) |
| (80. Pauletic | -) | Ellert Jón | 6 |
| Björgólfur | 8 | (68. Kári Steinn. | 7) |
| Grétar Hjartar | 7 | ***Arnar Gunnlaugs*** | ***8*** |

*Maður leiksins

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 11 | 8 | 2 | 1 | 20-7 | 26 |
| **2. VALUR** | **11** | **4** | **4** | **3** | **15-13** | **16** |
| 3. FYLKIR | 10 | 5 | 1 | 4 | 13-12 | 16 |
| **4. KEFLAVÍK** | **10** | **4** | **2** | **4** | **19-11** | **14** |
| 5. VÍKINGUR | 10 | 4 | 2 | 4 | 13-9 | 14 |
| **6. GRINDAVÍK** | **10** | **3** | **4** | **3** | **15-12** | **13** |
| 7. KR | 11 | 4 | 1 | 6 | 10-22 | 13 |
| **10. ÍA** | **11** | **4** | **0** | **7** | **15-20** | **12** |
| **8. ÍBV** | **10** | **3** | **2** | **5** | **11-19** | **11** |
| 9. BREIÐABLIK | 10 | 3 | 2 | 5 | 17-23 | 10 |

**Markahæstu leikmenn:**
Jóhann Þórhallsson, Grindavík 8
Marel Baldvinsson, Breiðabliki 7

**Leikirnir í 11. umferð:**
*Á morgun: ÍBV - Breiðablik*
*Á morgun: Víkingur - Keflavík*
*Á morgun: Grindavík - Fylkir*

Ísland hefur á að skipa afar góðu liði á NM U-21 landsliða kvenna:

## Mæta Bandaríkjunum í dag

**FÓTBOLTI** Eftir frábæran 3-2 sigur á gestgjöfum Noregs á Norðurlandamóti U-21 landsliða munu íslensku stúlkurnar gangast undir aðra eins prófraun í dag er liðið mætir Bandaríkjunum sem eru ávallt gestir á Norðurlandamótum ungmennalandsliða. Íslenska liðið er afar vel skipað og er án efa besta ungmennalandsliðs sem hefur verið teflt fram í íslenska búningnum. Margar í liðinu hafa þegar látið mikið af sér kveða í A-landsliði kvenna og hafa mikla reynslu þrátt fyrir ungan aldur.

Mörk Íslands í leiknum gegn Noregi skoruðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Greta Mjöll Samúelsdóttir sem hafa verið duglegar að skora á Íslandsmótinu í sumar. Margrét Lára er markahæst í Landsbankadeildinni en þær tvær næstu, Nína Ósk Kristinsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir eru einnig í liðinu. Valsarinn Dóra María Lárusdóttir er á sínum stað á kantinum en nafna hennar og gamli félagi úr Val, Dóra Stefánsdóttir, er því miður frá vegna meiðsla.

Ásta Árnadóttir var kjörin besti leikmaður fyrstu sjö umferða deildarinnar hér heima og leikur í hjarta varnarinnar ásamt Málfríði Ernu Sigurðardóttur. Þá er ótalin atvinnumaðurinn Erla Stena Arnardóttir sem leikur í sænsku deildinni.

Þjálfari liðsins er Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, sem stýrði sínum stúlkum í fjórðungsúrslit Evrópukeppni félagsliða kvenna síðastliðið sumar. - esá



**DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR** Er hér í leik með A-landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Kristinn Jakobsson dómari:

## Dæmir á EM

**FÓTBOLTI** Úrslitakeppni Evrópumóts U19 landsliða hefst í dag en keppnin fer fram í Póllandi. Kristinn Jakobsson er meðal dómara á mótinu, sem mun ljúka 29. júlí næstkomandi. Alls verða níu af fimmtán leikjum mótsins sýndir beint á Eurosport en auk Kristins verða á mótinu fimm erlendir dómarar og koma þeir frá Bosníu, Króatíu, Frakklandi, Rúmeníu og Svíþjóð.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

JÚLÍ

15 16 17 **18** 19 20 21

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Þrír leikir** í **Landsbankadeild karla:** ÍBV-Breiðablik, Víkingur-Keflavík og Grindavík-Fylkir.
- 19.15 **Heil umferð** í **1. deild karla:** Víkingur Ó-Fram, HK-Leiknir, Þór-KA, Fjölnir-Stjarnan og Þróttur-Haukar.

**SJÓNVARP**

- 22.00 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 23.20 **Fótboltakvöld** á Rúv.


**DUFF** Hér fagnar Duff marki gegn Tottenham í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Félagaskipti á Englandi:

## Duff á leið til Tottenham

**FÓTBOLTI** Samkvæmt fréttum frá Englandi er Tottenham að tryggja sér írska vængmanninn Damien Duff frá Chelsea. Þessi 27 ára leikmaður var keyptur á sautján milljónir punda til Chelsea frá Blackburn árið 2004 en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Englandsmeistarana. Hann hefur átt við erfið meiðsli að stríða og koma Michael Ballack til liðsins gæti þrengt möguleika hans enn frekar.

Reiknað er með að Jose Mourinho, stjóri Chelsea, muni spila leikkerfið 4-4-2 eftir kaupin á Ballack og Andriy Shevchenko. - egm

Keflavík missir leikmann:

## AJ Moye semur við Tübingen

**KÖRFUBOLTI** Bandaríkjamaðurinn AJ Moye mun ekki leika með Keflvíkingum á næstu leiktíð en hann hefur samið við þýska úrvalsdeildarliðið Walter Tigers Tübingen til tveggja ára. Moye var einn besti leikmaðurinn í Iceland Express-deildinni á síðustu leiktíð og gerði hann 28,9 stig að meðaltali í leik. Keflvíkingar eru farnir að huga að því að finna leikmann í stað Moye.

Í viðtali við Víkurfréttir sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflvíkinga, að Moye væri duglegasti leikmaður sem hann hefði hitt á sínum ferli. „Hann hafði ekkert sérstaka hæfileika, var hvorki stór né góð skytta, en hann æfði meira en allir aðrir og það hefur skilað sér vel. Yngri leikmenn ættu að taka hann sér til fyrirmyndar,“ sagði Sigurður. - egm

Eiður Smári Guðjohnsen var í sviðsljósinu í spænskum fjölmiðlum í gær:

# Fyrsta æfing Eiðs hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Í gær mætti íslenski landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen á sína fyrstu æfingu hjá Evrópu- og Spánarmeisturum Barcelona. Flestar stjörnur liðsins eru enn í sumarfríi eftir heimsmeistaramótið og því var Eiður einn að baða sig í sviðsljósinu á æfingunni en hann er eini leikmaðurinn sem Barcelona hefur keypt það sem af er sumri.

Fyrir æfinguna var haldinn blaðamannafundur þar sem spænskir fjölmiðlar gátu skotið spurningum á Eið Smára. „Það er augljóst mál að ég á ekki áskrift að sæti í liðinu. En ég er hingað mættur til að sanna mig og sýna það að ég á heima á vellinum en ekki á varamannabekknum,“ sagði Eiður á fundinum og lýsti sjálfum sér sem leikmanni með mikinn leikskilning.

Eiður Smári segist vera handviss um að sigurganga spænska liðsins muni halda áfram og ætlar að leggja sitt af mörkum til að aðstoða við það. Hann segist kveðja Chelsea með söknuði en telur að það hafi verið hárrétt ákvörðun hjá sér að segja skilið við félagið á þessum tímapunkti. „Ég spilaði yfir 260 leiki fyrir Chelsea og lít ánægður til baka á minn tíma hjá félaginu. En efst í huga mér núna er að standa mig vel fyrir Barcelona og ætla ég meðal annars að fara að læra katalónsku,“ sagði Eiður Smári. - egm


**Í SVIÐSLJÓSINU** Eiður vakti mestan áhuga ljósmyndaranna á æfingunni í gær. NORDICPHOTOS/AFP


**EIÐUR OG STJÓRINN** Eiður Smári á æfingunni í gær ásamt Frank Rijkaard. NORDICPHOTOS/AFP



**NÝ KLIPPING** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, skartar nú nýrri klippingu. NORDICPHOTOS/AFP

Meistaradeildardrátturinn:

## Chelsea ekki í efsta flokki

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Chelsea verða ekki í efsta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla fyrir Meistaradeild Evrópu í haust. Hin ensku liðin verða hins vegar öll í efsta flokki þegar dregið verður. Chelsea verður í öðrum styrkleikaflokki og getur því lent með Barcelona og öðrum af bestu liðum álfunnar í riðli.

Evrópska knattspyrnusambandið skiptir liðunum 32 sem taka þátt í keppninni upp í fjóra styrkleikaflokka og dregur síðan eitt úr hverjum flokki í hvern riðil. Arsenal og Liverpool þurfa að fara í gegnum forkeppni áður en liðin komast í aðalkeppnina. - egm

KÖTTAÐUR
LEIKUR Í KVÖLD!
ÞRÓTTUR - HAUKAR
1. deild karla, Valbjarnarvöllur kl:20:00
ALLIR Á VÖLLINN!


**ERNIRNIR Í BRANN** Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson, íslensku leikmennirnir í Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR DILLAN/BERGENSAVISEN

Leikir í Noregi og Svíþjóð í gærkvöldi:

## Kristján skoraði í sigurleik Brann

**FÓTBOLTI** Brann jók í gær forskot sitt á toppi norsku úrvalsdeildarinnar með 2-0 sigri á Viking en Kristján Örn Sigurðsson skoraði fyrra mark liðsins. Hann lék í hjarta varnarinnar við hlið Ólafs Arnar Bjarnasonar að vanda og báðir áttu þeir mjög góðan leik en þeir hafa staðið sig frábærlega í allt sumar. Mark Kristjáns kom eftir öflugan skalla eftir fyrirgjöf frá vinstri kanti. Brann er nú með sex stiga forystu á Lilleström í norsku úrvalsdeildinni. Birkir Bjarnason sat á varamannabekk Viking allan leikinn.

Í Svíþjóð voru tveir leikir á dagskrá og mættust Íslendingaliðin Hammarby og Öster í öðrum þeirra. Fyrrnefnda liðið lék á heimavelli og hafði sigur í leiknum, 2-0. Pétur Marteinsson og Gunnar Þór Gunnarsson voru á sínum stað í vörn liðsins og áttu góðan leik en Gunnar Þór var tekinn af velli á 70. mínútu.

Helgi Valur Daníelsson, leikmaður Öster, er enn frá vegna þeirra meiðsla sem hafa haldið honum frá æfingum með liðinu frá apríl síðastliðnum. „Ég er vonandi allur að koma til,“ sagði Helgi Valur við Fréttablaðið en hann segir álagsmeiðsli í nára hafi sagt verulega til sín í leikjum sínum með liðinu í vetur. „Þetta varð alltaf verra og verra og svo gat ég ekki meir. Ég fór í sprautu í síðustu viku og vonandi verð ég byrjaður að æfa aftur eftir tvær vikur.“ - esá


N. Írland v Ísland
1. - 3. september 2006
Ferð á leik N.Írlands og Íslands í undankeppni EM
Við bjóðum upp á 2 nátta ferð í beinu leiguflugi til Belfast
Verð 58.900 kr
á mann í tvíbýli, aukagjald fyrir einbýli 9.000 kr.
Innifalið: Flug , flugvallaskattar, gisting í 2 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.
Gisting:
Hastings Europa Hotel.
Gott 4 stjörnu hótel á frábærum stað í miðborg Belfast.
Holiday Inn Belfast
Gott 4 stjörnu hótel, mjög vel staðsett í miðborg Belfast.
Ferðatilhögun
Föstudagur 1. september
Flogið í beinu leiguflugi til Belfast með,
FI 1586 kl : 10:00 - 13:20
Laugardagur 2. september
N. Írland v Ísland kl. 15:00
Sunnudagur 3. september
Flogið með beinu leiguflugi til Keflavíkur með,
FI 1587 kl : 18:00 - 19:20
Nánari upplýsingar og bókanir hjá Íþróttadeild Úrvals Útsýnar í síma 585-4000
eða á tölvupósti ludvik@uu.is.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I love to work with pigs. The nearest thing in nature to the flesh of a man is the flesh of a pig.“**

Svar: Bill the Butcher úr kvikmyndinni Gangs of New York.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FYLGIST MEÐ LÖGREGLUÞÁTTUM

# *Hetjur skjásins*

Nú eru hetjur sjónvarpsins ekki lengur töffarar á unglingsaldri eða glæpónar með byssur heldur rannsóknarlögreglumenn og lögfræðingar. Það er aragrúi af sjónvarpsþáttum tengdum lögum og reglu í sjónvarpinu þessa stundina. Mín fyrsta minning af slíkum þáttum var Derrick, það var ávallt heilög stund hjá ömmu minni og afa þegar sá þáttur byrjaði enda maðurinn í guðatölu hjá afa mínum. Minningin af Derrick situr í mér sem mynd af „alvöru rannsóknarlögreglumanni". Svolítið þybbinn miðaldra maður sem situr fyrir aftan skrifborð sem sést varla í fyrir pappírshrúgum og kaffibollum. Derrick var maður sem helgaði líf sitt starfinu og hafði ekki tíma fyrir neitt annað. Leysti öll mál af stakri snilld með mikilvægasta líffæri líkamans, heilanum. Þannig sá ég fyrir mér Erlend í snilldarlegum glæpasögum Arnalds Indriðasonar.

En nú er öldin önnur og rannsóknarlögreglufólk nútímans er eins og klippt út úr glanstímaritum ef marka má þætti á borð við CSI, Law&Order, Close to Home, Bones og svona mætti áfram telja. Hetjur þáttanna eru oftast sprenglærðir sérfræðingar sem kalla ekkert ömmu sína. Ekkert er óleysanlegt fyrir þær og er réttlætinu oftast fullnægt í lokin.

Í gær var ég til dæmis að horfa á CSI, New York. Þar leystu þeir heilt morðmál á einni moskítóflugu sem þeir settu í alls kyns vökva og skoðuðu í smásjá. Ótrúlegt! Vá hvað við værum örugg og í góðum málum ef þetta væri hægt í alvörunni. Götur hins vestræna heims væru lausar við glæpamenn og fangelsin troðfull. Heyrði það líka um daginn að lögreglumenn í New York væru í vandræðum vegna þáttanna vegna þess að borgarbúar héldu virkilega að allar þessar óvanalegu aðferðir væru til. Furðuðu sig á því hversu lengi lögreglumennirnir væru að leysa úr málunum þrátt fyrir alla þessa tækni sem er til. Já, það er umdeilanlegt hversu góð áhrif svona þættir hafa.



**SÁ GAMLI GÓÐI** Derrick er um margt ólíkur stjörnum lögregluþátta nútímans í útliti en hann er samt sem áður mun nær raunveruleikanum.



▶ 21.30 *Fræðsla*

KÍNAFERÐIN



▶ 21.35 *Sakamál*

NCIS



▶ 22.20 *Hasar*

GHOST DOG : THE WAY OF THE SAMURAI



▶ 17.15 *Spjall*

DR. PHIL



▶ 21.10 *Fréttaskýring*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**16.10** Kóngur um stund (6:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (45:52) **18.25** Andlit jarðar (2:16)

**18.30** **Gló Magnaða (60:65)** (Kim Possible)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.55** **Mæðgurnar (19:22)** (Gilmore Girls V)
**20.40** **Taka tvö (9:10)** Ásgrímur Sverrisson ræðir við íslenska kvikmyndaleikstjóra og sýnir brot úr myndum þeirra.
▶ **21.30** **Kínaferðin (1:2)** (Gröna rum: Resan till Kina) Sænsk heimildamynd.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Lögmál Murphys (1:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Fótboltakvöld **23.30** Í skugga valdsins (2:2) **1.00** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters (4:7)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (8:25) **13.30** Meistarinn **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **16.00** Shin Chan **16.20** Nornafélagið **16.45** He Man **17.10** Músti **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Svínasúpan (2:8)** (e)
**20.05** **The Apprentice (2:14)** (Lærlingurinn) Að þessu sinni bíður liðanna það verkefnið að gera auglýsingaherferð fyrir Lamborghinibifreiðar.
**20.50** **Las Vegas (19:23)** (Cash Springs Eternal) Bönnuð börnum.
▶ **21.35** **NCIS (2:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Þriðja þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta um störf sérstakrar glæpadeildar hjá bandaríska sjóhernum.
**22.20** **Curb Your Enthusiasm (5:10)** (Rólegan æsing)
**22.55** **Twenty Four (24:24)** (24) Stranglega bönnuð börnum.

**23.40** Bones (12:22) **0.25** Old School (Bönnuð börnum) **1.55** Unspeakable **3.40** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Twins (7:18) (e)** (Halloween, Boo)
**19.30** **Friends (17:17)** Lokaþáttur Friendþáttanna er tilfinningaþrunginn en húmorinn er aldrei langt undan.
**20.30** **Sushi TV (6:10)** Sushi TV er sprenghlægilegur þáttur.
**21.00** **Bernie Mac (15:22)** (Easy Rider)
**21.30** **Invasion (16:22)** (Fittest)
▶ **22.20** **Ghost Dog : The Way Of The Samurai** (Kvikmynd) Aðalhlutverk: Forest Whitaker, Cliff Gorman og John Tormey. Leikstjóri: Jim Jarmusch. Stranglega bönnuð börnum.

**0.20** My Name is Earl (e) **0.45** Rescue Me (6:13) (e) **1.30** Weeds (6:10) (e) **2.00** Friends (17:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**15.55** Bak við tjöldin: Over the Hedge **16.20** The O.C. (e)
▶ **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210**
**19.45** **Melrose Place**
**20.30** **Whose Wedding is it Anyway?**
**21.30** **Brúðkaupsþátturinn Já**
**22.30** **Love Monkey** Glæný þáttaröð sem segir frá fjórum æskuvinum. Þáttaröðinni hefur verið líkt við Sex and the City, fyrir utan að hér er á ferðinni þáttur sem varpar ljósi á viðhorf karla til sambanda, ástarinnar og lífsins. Með aðalhlutverk fara Thomas Cavanagh, sem margir þekkja úr þáttaröðinni Ed, Jason Priestly úr Beverly Hills 90210, Larenz Tate sem lék meðal annars í Óskarsverðlaunamyndinni Crash og Christopher Wiehl.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **1.00** Rock Star: Supernova (bein útsending) **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20** **Brot úr fréttavakt**
**20.30** **Örlagadagurinn (6:12)** (Örlagadagurinn) Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra, daginn sem gjörbreytti öllu.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Pétur og kötturinn Brandur 2 **8.00** Not Without My Daughter (e) **10.00** Win A Date with Ted Hamilton! **12.00** The Notebook **14.00** Pétur og kötturinn Brandur 2 **16.00** Not Without My Daughter (e) **18.00** Win A Date with Ted Hamilton! **20.00** **The Notebook** (Æskuástir) Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum. Söguna segir gamall maður vinkonu sinni á elliheimili, en hún fjallar um forboðið ástarævintýri milli tveggja ungmenna sem fella hugi saman gegn vilja foreldra sinna. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Starletta DuPois, Tim Ivey. Leikstjóri: Nick Cassavetes. **22.00** **Chasing Beauties** (Kvennaraunir) Rómantísk gamanmynd. Hér segir frá hinum kvensama Theodoros. Bönnuð börnum. **0.00** Quicksand (Str. b. börnum) **2.00** Small Time Obsession (B. börnum) **4.00** Chasing Beauties (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Women Of Sex and The City **16.00** E! Entertainment Special **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Kate Moss **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Kate Moss **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Kínaferðin — Sjónvarpið kl. 21.30

### *Af kínverskum trjám*



Sænska heimildarmyndin Gröna rum: Resan till Kina er í tveimur hlutum en þar er litast um í trjágörðum í Kína. Farið er í heimsókn á teplantekru þar sem terunninn Camellia Sinensis vex í sínu náttúrulega umhverfi. Í bænum Suzhou í nágrenni Shanghaí er kínverska trjágarðahefðin í heiðri höfð og þar getur að líta marga einstaklega vel skipulagða garða sem eiga enga sína líka. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur að viku liðinni.


# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




▶ **20.10**

*Hestar*

KÓNGUR UM STUND

**SÝN** *besta sætið*

**16.15** Landsbankadeildin 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM 2006** (Argentína – Serbía)

▶ **20.10** **Kóngur um stund (2:16)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera skemmtilegt og lífsglatt fólk og hér fáum við að kynnast mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum. En um hvað snýst hestamennska eiginlega og hvers vegna stunda hana yfir tuttugu þúsund manns?

**21.30** **Stjörnugolf 2006**

**22.00** **Landsbankamörkin 2006**

**22.30** **4 4 2** HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar.

**23.30** World Poker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Ást í bókmenntum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.10** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.40** Um lágnættið

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


# Platan er komin




GEIMSTEINN
S·K·Í·F·A·N



## HRÓSIÐ

*... fá aðstandendur Listahátíðar ungs fólks á Austurlandi, sem hrist hafa rækilega upp í listalífinu fyrir austan.*

# Stingur sér til sunds gegn mannsali

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hyggst bókaútgefandinn Benedikt S. Lafleur synda yfir Ermarsund á næstunni. Benedikt hefur verið við stífar æfingar að undanförnu og ná þær hápunktinum hér á landi næstkomandi laugardag þegar kappinn syndir ósmurður um Reykjavík. Markar það einnig upphaf áheitasöfnunar undir yfirskriftinni „Synt gegn mansali – til varnar sakleysinu“ en Benedikt hyggst safna peningum í sjóð sem nefnist „Sjóður sakleysis“. Peningunum verður veitt til þeirra samtaka sem með einum eða öðrum hætti reyna að sporna við mansali, kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og útbreiðslu kláms. Hægt verður að heita á hvern kílómetra sem Benedikt syndir eða heita á að hann komist alla leið.



**LILJA 4EVER** Hin átakanlega kvikmynd sem fjallaði um mansal frá austantjaldslöndunum til Skandinavíu.

Sjálfur segist Benedikt hafa orðið vitni að vændi hér á landi og hefur verið meðal annars rætt við tvær vændiskonur sem ferðast á milli landa og selja sig en þær hafi haft viðkomu hér á landi.„Síðan sá ég sjálfur konu reyna að selja sig hér í Reykjavík,“ útskýrir Benedikt og greinilegt að þetta er honum hjartans mál. „Þetta byrjar allt fyrir helgina með auglýsingu sem er áskorun til ríkisins um að það fullgildi samning Evrópuráðsins gegn mansali,“ segir Benedikt en sérstök athöfn verður í höfuðstöðvum Lýsis þar sem átakinu verður hleypt af stokkunum klukkan eitt og býst Benedikt við því að bæði alþingismenn og borgarfulltrúar láti sjá sig.

Benedikt heldur út 10. ágúst og heldur áfram að búa sig undir þrekraunina en síðan er áætlað að hann fari í sjóinn á bilinu 30.ágúst til 5.september. Þeim sem vilja fræðast meira um átakið er síðan bent á heimasíðu sundsins, ermasund.is. - fgg



**Á LEIÐINNI ÚT** Benedikt Lafleur heldur út 10. ágúst og hefst þá lokaundibúningur fyrir Ermarsundið sem áætlað er að fari fram á bilinu 30. ágúst til 5. september.



**LÁRÉTT**
**2** róa **6** tveir eins **8** spil **9** knæpa **11** frú **12** umfang **14** smápeningar **16** skóli **17** flýtir **18** umhyggja **20** tveir eins **21** einn milljarðasti.

**LÓÐRÉTT**
**1** tertu **3** samanburðartenging **4** láta eins og kjáni **5** drulla **7** úrvinda **10** tunnu **13** geislahjúpur **15** skrifa **16** tálknblað **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** sefa, **6** öö, **8** níu, **9** krá, **11** fr, **12** ummál, **14** aurar, **16** fg, **17** asi, **18** önn, **20** tt, **21** nanó.
**LÓÐRÉTT: 1** köku, **3** en, **4** fíflast, **5** aur, **7** örmagna, **10** ámu, **13** ára, **15** ríta, **16** fön, **19** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Mikhaíl Gorbatsjev.
2. 29. sæti.
3. Baltasar Kormákur.




SIGURRÓS EIÐSDÓTTIR: SKOÐAÐI MÁLFAR GILLZENEGGERS

# Skrifaði BA-ritgerð um Gillzenegger og Kallana.is

„Mig vantaði eitthvað gott ritgerðarefni. Ég vissi að þessi bók væri að koma út og ákvað að nota hana sem aðalheimild og skrifa um málnotkun og breytingar á málinu,“ segir Sigurrós Eiðsdóttir, sem skrifaði BA-ritgerð um málfar Egils Gillzenegger og félaga í Köllunum.is. Aðalheimild Sigurrósar var bókin Biblía fallega fólksins sem Gilzenegger gaf út fyrr nokkru. Ritgerðin heitir Þvermassaður, elgtanaður og strípaður í hel.

„Í ritgerðinni er ég aðallega að skoða málfarið hjá þeim félögum og tek helstu nýyrði þeirra fyrir,“ segir Sigurrós. „Ég skoða bæði hvaða merkingu þeir setja í orðin og hvernig þeir búa til ný orð, hvernig þeir bæta til dæmis forskeyti framan við gömul orð og breyta merkingu þeirra.“

Við ritgerðasmíði sína gekk Sigurrós út frá kenningum fræðimanna sem telja að hugsun fólks sé byggð á myndlíkingum og því sé tungumálið byggt á þeim. „Það sem ég komst að var að orðaforðinn sem Gillzenegger og félagar nota tengist mest líkamsrækt og efnislegum gæðum, sem hnakkarnir svokölluðu eru þekktir fyrir. Orðin sem þeir nota tengjast því sem þeir hafa áhuga á,“ útskýrir Sigurrós.

Sigurrós segist ekki hafa fundist mikið til bókarinnar koma þótt vissulega hafi verið gaman að fletta í henni. „Það er margt sniðugt í bókinni og skemmtilegt að lesa. Það er frjó hugsun bak við mörg af þessum orðum - að nota orðið elgur sem forskeyti er gott dæmi um það. Bókin var samt hvorki skemmtileg né fræðandi. Það er ekki gott að leita upplýsinga í henni. Þetta er samt mjög sérstök bók og öðruvísi. Það eru til dæmis ekki til margar bækur um slangur. Því er hún góð heimild um málfar og lífsstíl þessa hóps og er kærkomin viðbót fyrir íslenskufræðinga. Það verður mjög gaman fyrir barnabörnin mín að fletta í gegnum hana,“ segir Sigurrós hlæjandi og bætir við: „Þótt þeir félagar hafi tamið sér svona málfar nú er spurning hvort þeir meini það og hversu lengi þeir eiga eftir að nota það.“

kristjan@frettabladid.is



**SIGURRÓS EIÐSDÓTTIR** Skrifaði BA-ritgerð um kallana.is. Var ekki hrifin af bókinni þótt hún sé kærkomin viðbót fyrir íslenskufræðinga.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Súperstjarnan Silvía Nótt hefur lítið látið fyrir sér fara síðustu mánuðina. Allt síðan hún sneri heim frá Eurovisionkeppninni í Aþenu hefur Silvía verið lokuð inni í hljóðveri við upptökur á sinni fyrstu plötu. Ekkert fæst uppgefið um hvernig upptökurnar ganga, Silvía og hennar fólk hafa lokað sig af og neita alfarið að tjá sig. Fréttablaðið hefur aftur á móti traustar heimildir fyrir því að söngdívan hafi ráðið sér umboðsmann til að sjá um kynningu á plötunni þegar hún kemur út. Umboðsmaðurinn er breskur og honum er ætlað það hlutverk að tryggja stöðu Silvíu Nætur sem alþjóðlegrar stórstjörnu.

Tökur eru hafnar í Montreal á kvikmyndinni Journey D þar sem Aníta Bríem leikur á mót Brendan Fraser. Myndin er byggð á hinni þekktu vísindaskáldsögu Voyage au centre de la terre eftir Jules Verne þar sem Snæfelsjökull kemur mikið við sögu. Persóna Anítu er hin íslenska Hanna sem er kjarkmikil kerling og lætur sitt ekki eftir liggja í hinum miklu ævintýrum sem leiðangurinn lendir í. Hvort Aníta hafi horft til kvikmyndanna The Mummy þegar henni bauðst hlutverkið skal ósagt látið en mótleikkona Frasers í þeim myndum var engin önnur en Rachel Weisz sem hlaut Óskarinn fyrir leik sinn í The Constant Gardener. Leikstjóri Journey 3-D er Eric Brevig en þetta er fyrsta mynd hans í leikstjórastólnum. Brevig þessi er reyndar nokkuð þekktur brellumeistari og sú reynsla ætti að nýtast honum vel enda er kvikmyndin mikið tæknitröll. Brevig vann meðal annars við kvikmyndina The Island sem skartar Scarlett Johansson í aðalhlutverki auk þess sem hann sá um brellurnar í The Day After Tomorrow og The Village. Reyndar hefur Brevig einu sinni leikstýrt áður en það voru sjónvarpsþættirnir Xena: The Warrior Princess sem voru sýndir hér á landi við mismiklar vinsældir. - fgg






# Passar ketti fyrir fólk í fríi

Fjölmiðlar hafa undanfarið flutt fregnir af því að það hafi komið fyrir að kattareigendur hafi látið svæfa kettina sína þegar fjölskyldan hafi farið í sumarfrí því enginn hafi fengist til þess að passa kettina. Kattareigendur þurfa nú ekki lengur að grípa til þessa örþrifaráðs því hjúkrunarfræðingurinn Jóna Einarsdóttir býður fram aðstoð sína og þjónustu til þeirra sem eru á leið í frí.

Í smáauglýsingum Fréttablaðsins í gær mátti sjá auglýsingu frá Jónu þar sem hún býðst til að líta eftir köttum sem eru einir heima á höfuðborgarsvæðinu og einnig býðst hún til að vökva heimilisblómin í leiðinni. „Ég er mikill dýravinur og má hvorki sjá kött né hund úti á götu, þá er ég komin á fjóra fætur. Mér finnst ægilegt til þess að vita að fólk sé að loka dýrin inni í búrum og jafnvel svæfa þau þegar það fer í frí. Nú þegar árin færast yfir og ég fer að hætta að vinna væri fínt að geta gripið í þetta,“ segir Jóna, sem vinnur á Hrafnistu. Sjálf átti hún ketti í mörg ár og veit því allt um þarfir slíkra dýra og er alvön að umgangast þá. „Ég get gefið þeim að borða og drekka og skipt um sand í sandkassanum á meðan húsráðendur eru í burtu,“ segir Jóna, sem segist svo að sjálfsögðu gefa dýrunum klapp og strokur í leiðinni. - snæ





**DÝRAVINUR** Hjúkrunarfræðingurinn Jóna býðst til að passa ketti fyrir fólk sem fer í frí á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




# ENSKI BOLTINN
HEFUR FENGIÐ NÝTT NAFN:
# SKJÁR *SPORT*

AÐEINS SKJÁR*SPORT* SÝNIR ÞÉR ENSKA BOLTANN
**Í BEINNI Á 5 STÖÐVUM SAMTÍMIS**

Á SKJÁ*SPORTI* GETUR ÞÚ VALIÐ ÞÁ LEIKI
**SEM ÞÚ HEFUR ÁHUGA Á**

VERTU MEÐ Í VETUR OG SJÁÐU ALLA LEIKINA FYRIR
**AÐEINS 1.990 KR. Á MÁNUÐI**

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA **800 7000**
EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS

SKJÁR***SPORT***

ENNEMM / SÍA / NM22681

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Enginn með strætó*

Dag einn, þegar minnsti unginn lúrði í vagninum sínum en ég þurfti að sinna erindi, datt mér í hug að nota strætó frekar en bílinn. Þannig gæti ég slegið tvær flugur í einu höggi, komist á áfangastað án þess að raska ró barnsins og fengið um leið tilbreytingu í ferðamáta. Óratími síðan ég hafði síðast ferðast með strætó og eiginlega var það dálítið asnalegt eins og hann virtist borðleggjandi ferðamáti. Ekki þurfti að hafa áhyggjur af bílastæðum eða stöðumælum og að auki hægt að hafa barnavagninn meðferðis.

**UMRÆDDUR** strætisvagn hlaut að vera dálítið á undan áætlun, að minnsta kosti sá ég hann hverfa fyrir hornið þó ég væri tímanlega á ferð. Eftir tuttugu mínútna skammt af slydduhraglanda grunaði mig frekar að bílstjórinn hefði lagt á flótta þegar hann sá konu með barnavagn nálgast. Strætóinn sem þá kom reyndist nefnilega ekki hannaður fyrir aðra en sjálfgangandi. Þannig þurftu tveir saman að bogra, lyfta og troðast til að koma barnakerrunni inn með erfiðismunum, í þessu tilfelli ég og hugsanlega bakveikur vagnstjórinn. Sama bröltið til að komast út tók svo við á leiðarenda.

**SÍÐAN** síðast hafði leiðakerfið verið einfaldað með einhverjum rökum og því tók nú við gangan langa. Veðrið hafði ekkert skánað svo á áfangastað var ég dálítið kalin á heila. Þó ekki meir en svo að ég lærði af reynslunni og hafandi lokið erindinu gekk ég heim.

**ÞÓ** ferðalagið hafi auðvitað verið dásamleg æfing í þolinmæði og útsjónarsemi fannst mér dularfullt að það þyrfti að vera svona erfitt. Minnti meira að segja að almenningssamgöngur í sumum löndum byggðust á að vera aðgengilegar fyrir alla. Að yfirvöld víða legðu töluvert í púkkið til að draga úr umferðarþunga, mengun og þenslu. Þetta rifjaðist enn betur upp á ferðalagi í Kaupmannahöfn á dögunum þar sem reyndist bráðauðvelt að ferðast vítt og breitt með börn í kerrum. Hvorki þurfti að bíða né burðast.

**SÍFELLDUR** niðurskurður hjá Strætó er eins og veitingahús sem sér það eina ráð í kreppunni að bjóða upp á æ verri matseðil. Sú þróun endar sem súpueldhús. Þar er maturinn vondur, sjaldan og ókeypis. Þangað leita bara þeir sem eiga engan annan kost.


www.volkswagen.is



**Tæknilegir yfirburðir** einkenna Volkswagen Passat. Fyrir utan glæsileikann og akstursegininleikana státar Passat af ríkulegum búnaði. Rafstýrð stöðugleikastýring (ESP), spólvörn (ASR), loftkæling og loftræsting (AC), rafræn handbremsa, fjarstýrð opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndur kveikjubúnaður tryggja Volkswagen Passat fyrsta sætið þegar kemur að tæknibúnaði. Og fyrir þá sem vilja enn meiri stöðugleika og akstursöryggi í vetrarfærð er 4Motion fjórhjóladrifið rétta lausnin.

**Lúxus hefur fengið nýja ásýnd: Volkswagen Passat**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



# Tveir sterkir sparnaðarreikningar

**SPRON Vaxtabót – allt að 12,30% vextir***
**SPRON Viðbót – allt að 4,80% vextir***

Þú færð nánari upplýsingar og getur stofnað reikning á **spron.is**

spron

* Samkvæmt gildandi vaxtatöflu
SPRON 11. júlí 2006